

Bónorð Skipstjórans.


Skáldsaga eftir

W. W. Jacobs.

Þýtt hefir

Séra G. Árnason.

Sögusafn Heimskringlu



The Viking Press, Limited
1919





Bónorð skipstjórans.



FYRSTI KAPITULI.

Skonnortan "Hafsúlan" frá Lundúnum lá í Northfleet-höfn drekkhlaðin af sementi, sem átti að fara til Brittlesea. Skipstjórinn á henni hét Wilson og var hann líka eigandi hennar. Hún var alveg full upp undir þiljur af sementi; það rauk upp um allar rifur og settist í skeggið á skipsmönnunum, svo að þeir urðu langtum ógurlegri ásýndum, en þeir voru í raun og veru; það jafnvel smaug inn í eldaklefann og komst ofan í kjötmaukið, sem mallaði í potti yfir eldinum, og þar blandaðist það saman við margskonar annað sælgæti.

Það var ekki sjón að sjá skipið, fyr en búið var að þvo þilfarið; og fyrst þegar því var lokið, fór stýrimaðurinn að hugsa um að þvo sjálfum sér. Veðrið var hlýtt, eins og oft gerist í maí, og sumt af sementinu hafði komist í hárið á stýrimanninum og hrúgast saman í stóra flekki á góðlátlega andlitinu á honum, sem var löðrandi af svita. Vikadrengurinn hafði komið með tréfötu fulla af vatni, gult sápu-
stykki og handklæði, og sett það rétt við káetu-
gluggann. Stýrimaðurinn brosti ánægjulega, þegar

hann sá þessa hluti, smeygði sér úr skyrtnuni og batt axlaböndunum um mittið. Svo beygði hann sig og fór að þvo sér og sparaði hvorki vatn né sápu. Tvisvar þurfti drengurinn, sem var á þeim aldri, er drengir hugsa ekki mikið um hreinlæti á sjálfum sér, að skifta um vatn áður en stýrimaðurinn væri á-nægður. En þegar þvottinum var lokið og stýrimaðurinn var búinn að nudda sig rauðan um háls og undlit, fór hann ofan í káetuna til að hafa fataskifti.

Stýrimaðurinn kom ekki upp aftur fyr en hann var búinn að borða. Hann borðaði einn, vegna þess að skipstjórinn var ekki um borð. Hásetarnir, sem líka voru búnir að borða, lágu frammi í kringum hásetaklefanum og reyktu. Stýrimaðurinn fylti pípu sína, settist niður og fór að reykja einn sér.

"Eg er að reyna að halda matnum skipstjórans heitum í pönnu á eldinum," sagði matsveinninn og stakk höfðinu út úr eldaklefanum.

"Það er gott," sagði stýrimaðurinn.

"Það er skrítið, þetta ferðalag skipstjórans nú," sagði matsveinninn, eins og út í bláinn, en leit samt um leið ísmeygilega til stýrimannsins.

"Mjög skrítið," sagði stýrimaðurinn, sem var í góðu skapi rétt þá stundina.

Matsveinninn kom út úr klefanum og þurkaði sér um hendurnar á óhreinum strigabuxunum, sem hana var í; hann færði sig nær stýrimanninum og horfði í land, eins og honum væri eitthvað mikið niðri fyrir.

"Hann er sá bezt skipstjóri, sem eg hefi ve-með," sagði hann hægt. "Hefir þú ekki tekið e-því, að það er eins og að það hafi legið hálf illt honum þessar seinustu ferðir núna. Eg sagði honum þegar hann var að fara í land, að við hefðum ágæt kjötkássi í miðdegisnat í dag; og hann sagði bara

jæja við því, rétt eins og eg hefði sagt honum, að við hefðum soðið nautakjöt og kartöflur, eða eins og þó eg hefði sagt, að veðrið væri gott."

Stýrimaðurinn hristi höfuðið og blés út úr sér gríðarmiklum reykjarmekki, sem hann horfði á, þangað til ekkert var eftir af honum.

"Eg held hann sé að reyna að ná í annan farm, eða eitthvað þess háttar," sagði gamall og gildvaxinn sjómaður, sem hafði fært sig til matsveinsins. "Maður þarf ekki annað en að sjá, hvernig hann klæðir sig núna. Skipstjóri á gufuskipi gæti ekki verið betur búinn."

"Ekki einu sinni eins vel búinn, Sam.," sagði hinn hásetinn, sem líka hafði slegist í hópinn, þar sem stýrimaðurinn var friðsamlegur rétt þá stundina. "Nei, það er ekki farmur, sem hann er að reyna að ná í, þó að það borgi sig fullvel að flytja sement."

"Það er ekki farmur," sagði mjó en öflug rödd.

"Farðu burtu," sagði Sam. "Strákar á þínum aldri eiga ekki að sletta sér fram í, þegar fullorðnir menn eru að tala saman. Ekki nema það þó!"

"Hvert á eg að fara? Eg er á mínum enda á skipinu," sagði strákur með talsverðri kergju.

Hásetarnir fóru að færa sig fram eftir, en þeir urðu of seinir. Stýrimaðurinn vaknaði alt í einu til meðvitundar um, að alt yrði að vera í reglu á skipinu, og stökk á fætur bálreiður.

"Hvað er þetta," hrópaði hann upp, "er ekki reyndar öll skipshöfnin komin hér að káetudyrnum, hver einn og einasti? Komuð þið ofan í káetuna, herrar mínir og fáið ykkur staup af brennivíni og vindil! Allur skrállinn úr hásetaklefanum kominn hingað og farinn að kjafta um skipstjóránn, eins

og hópur af þvottakerlingum. Og reykjandi, hver sjálfur—reykjandi! Skipstjórinn verður að fá sér nýja skipshöfu og nýjan stýrimann, þegar hann kemur um borð. Eg er búinn að fá nóg af þessu. Eftir regluseminni hér að dæma, gæti maður haldið, að þetta væri ferjudallur! Drengurinn þarna er eini almennilegi sjórmaðurinn á þessu skipi."

Hann sæddi fram og aftur um þilfarið, matsveininn hvarf inn í klefa sinn og hásetarnir fóru að hypja sig fram eftir, eins fljótt og þeir gátu. Skipsdrengurinn, sem hafði komið öllum þessum ósköpum á stað, kærði sig ekki um að fá það síðasta af skömmunum úr stýrimanninum; hann stakk pípunni í vasa sinn og fór að gá að, hvort hann gæti ekki fundið neitt til að gjöra.

"Komdu hingað!" sagði stýrimaðurinn byrstur.

Drengurinn gerði eins og honum var sagt.

"Hvað var það, sem þú varst að segja um skipstjóran?"

"Eg sagði, að það væri ekki farmur, sem hann væri að líta eftir," sagði strákur.

"Hvað ætli þú vitir um það!"

Strákurinn klóraði sér á lærinu, en sagði ekkert.

"Hvað ætli að þú vitir um það," sagði stýrimaðurinn, eins og hann hefði búist við að heyra eitthvað meira.

Strákur klóraði sér á hinu lærinu.

"Þú skalt ekki tala um yfirmenn þína aftur, svo eg heyri," sagði stýrimaðurinn í höstum rómi; "mundu það."

"Já, mig varðar náttúrlega ekkert um það."

"Varðar ekkert um hvað?" sagði stýrimaðurinn, eins og honum stæði alveg á sama.

"Nú, þetta með hann," svaraði drengurinn.

Stýrimaðurinn sneri sér við fókvöndur. Hann heyrði hlátur í eldaklefanum og fór þangað og horfði fast á matsveininn, sem ekki vissi hvað hann átti að gjöra við sjálfan sig. Meðan hann stóð þar, tók hann eftir því, að klefinn var sú óhreinasta kampa, sem var til undir sólinni, og matsveinninn, sé næsti sóði, sem nokkurn tíma hefði fengist við matartilbúning. Hann sagði honum frá þessari uppgötvun sinni, og þegar hann var búinn að lesa yfir honum þangað til matsveinninn var orðinn sveittur undir skömmunum og vissi ekki sitt rjúkandi ráð, snéri hann sér að hásetunum og gaf þeim duglega áminningu aftur. Hann sagði að þeir væru ósvífnir óþokkar, af því reyndu að svara honum, og þegar þeir hættu að svara, fór hann með ólund ofan í káetuna, fulviss um, að hann hefði unnið sigur. Hásetarnir biðu þangað til þeir voru vissir um, að hann kæmi ekki aftur, þá fóru þeir og náðu í skipsdrenginn til þess að láta reiði sína bitna á honum.

"Ef þú værir sonur minn, Henry," sagði Sam. "þá skyldi eg berja þig, þangað til þú værir nær dauða en lífi."

"Ef eg væri sonur þinn, þá skyldi eg drekkja mér," svaraði Henry og lagði áherzlu á orðin.

Faðir hans hafði oft sagt um hann, að hann líktist móður sinni; en móðir hans var nafnkend fyrir það að hafa munninn fyrir neðan nefið.

"Það er ekki við því að búast, að það sé nokkur regla á skipi, þar sem skipstjórinn bannar manni að berja skipsdrenginn," sagði hinn hásetinn, sem hét Dick, hálf öngur. "Það er heldur ekki gott fyrir hann."

"Þið skuluð ekki gjöra ykkur neinar áhyggjur út af mér, þið góðir," sagði Henry í ósvífnum rómi.

"Eg get séð um mig sjálfur. Þið hafið aldrei séð mig koma um borð svo fullan, að eg hafi reynt að komast ofan í hásetaklefan án þess að opna hleran; e g hefi aldrei keypt heilan bunka af fölsuðum veðsetningarseðlum; þið hafið aldrei—"

"Heyrirðu til hans?" sagði Sam, sem var orðinn sótrauður í framan. "Eg skal lúskra honum enn þá, hvað sem það kostar."

"Ef þú gjörir það ekki, þá skal eg gjöra það," sagði Dick. Honum sárnaði að heyra hann minnst á seðlana.

"Strákur!" grenjaði stýrimaðurinn og stakk um leið höfðinu út úr káetudyrnum.

"Eg kem!" kallaði Henry. "Mér þykir slæmt að geta ekki verið hér lengur," sagði hann til hásetanna, með uppgerðar kurteisi, "eg og stýrimaðurinn þurfum að tala saman."

"Eg verð að komast á annað skip," sagði Dick um leið og hann horfði á eftir stráknum þangað til hann hvarf niður káetustigann. "Eg hefi aldrei fyr verið á skipi, þar sem skipsdrengurinn hefir getað hagað sér eins og honum hefir sýnst."

Sam hristi höfuðið og stundi. "Þetta er það bezta skip, sem eg hefi verið á, að öllu leyti nema þessu," sagði hann alvörugefinn.

"Hvernig skyldi hann verða, þegar hann stækkar?" spurði Dick og stóð svo hugsandi dálitla stund, eins og hann óaði við að gjöra sér fulla grein fyrir því. "Það er ekki rétt, að láta hann komast upp með þetta. Það væri gott bæði fyrir hann og okkur, að hann væri barinn einu sinni í hverri viku."

Meðan þeir voru að láta í ljós áhyggjur sínar hvor fyrir öðrum út af Henry, fór hann ofan í ká-

etuna; þar stóð hann upp við ofninn og beið eftir að stýrimaðurinn yrti á sig.

"Hvar er skipstjórinn?" spurði stýrimaðurinn tafarlaust.

Henry sneri sér við og leit á klukkuna.

"Hann er núna að ganga um göturnar í Gravesend, svaraði hann svo.

"Þú sérð víst í gegn um holt og hæðir," sagði stýrimaðurinn og varð rauður í framan. "Og til hvers er hann að því?"

"Til þess að sjá h a n a koma út.

Stýrimaðurinn stilti sjálfan sig, þótt hann ætti erfitt með það.

"Og hvað gjörir hann, þegar h ú n kemur út?" spurði hann.

"Ekkert," svaraði strákur einbeittur. "Að hverju ertu að leita?" spurði strákur svo hálfhræddur, þegar stýrimaðurinn stóð upp af bekknum, lyfti upp lokinu á honum og fór að gá að einhverju.

"Að kaðalspotta," svaraði hann.

"Til hvers varstu að spyrja mig?" sagði Henry kjökrandi. "Það er satt, sem eg segi. Hann gjörir aldrei neitt, bara horfir."

"Meinarðu, að þú hafir ekki verið að narra mig?" spurði stýrimaðurinn og tók í treyjukragann hans.

"Komdu og sjáðu sjálfur," svaraði Henry.

Stýrimaðurinn slepti honum og stóð og horfði á hann eins og hann væri forviða. Hann mundi nú eftir ýmsu hálf-undarlegu í háttalagi skipstjórans.

"Farðu og þvoðu þér og lagaðu á þér garmana," skipaði hann; "og mundu eftir því, að ef eg kemst eftir því að þú hafir verið að ljúga að mér, þá skal eg flá þig lifandi."

Strákur lét ekki segja sér þetta tvisvar; hann, rauk

upp á þilfar, skifti sér ekkert af hnífilyrðum háset-anna, en fór að þvo sér af kappi, en það hafði enginn séð hann gjöra áður.

"Hvað stendur til, stráksi?" spurði matsveinninn, sem þoldi ekki við fyrir forvitni.

"Við hvað áttu?" spurði Henry með reigingi.

"Þessi þvottur og ósl. ðp," sagði matsveinninn, sem ekki steig í vitið.

"Þværðu þér aldrei sjálfur, svinið þitt?" sagði Henry með viðhöfn. "Þú heldur víst, að matreiðslan haldi þér hreinum."

Matsveinninn néri saman höndunum og sagði Henry alveg það sama og Sam hafði sagt honum, nefnilega að hann skyldi einhvern tíma lumbra á honum, hvað sem það kostaði.

"Stýrimaðurinn ætlar að ganga ofurlítið sér til skemtunar og eg með honum," sagði Henry við Sam, um leið og hann fór í peysuna. "Gáðu nú að þér að gjöra ekkert, sem þú færð skömm í hattinn fyrir, á meðan. Þú getur hjálpað kolabíldi þarna á meðan við pottana. Stattu bara ekki aðgjörðalaus."

Stýrimaðurinn kom upp í þessu, svo Sam gat ekki svarað; hann stóð steinþegjandi hjá hinum, og eþir horfðu á stýrimanninn og Henry klifra upp á bryggjuna. Þeir sáu að Henry var mjög hnakkertur, þegar hann gekk upp bryggjuna, en hvort það var af föruneypinu eða af því að hann var nýþveginn, vissu þeir ekki.

"Hægt, farðu hægt," sagði stýrimaðurinn mäsandi af mæði og þurkaði framan úr sér svitann.

"Hvað liggur á?"

"Við verðum of seinir, ef við flýtum okkur

ekki," sagði Henry. "og þá heldur þú, að eg hafi verið að ljúga að þér."

Stýrimaðurinn sagði ekki meira, og þeir gengu hratt saman þangað til þeir komu á götu utarlega í bænum.

"Þarna er hann!" sagði Henry sigrihrósandi og benti á mann, sem var að ganga fram og aftur í hægðum ánum um götuna. "Hún er í dálitlum ekóla þarna upp við götuendann, kennari eða eitt-hvað. Þarna koma þau."

Lítil stúlka með tösku og nótnabók í hendinni kom út úr húsi við hinn endann á götunni, og á eftir henni kom hópur af börnum, tvö og tvö saman, sem tvístruðust í allar áttir.

"Laglegar stelpur, sumar þeirra," sagði Henry og horfði á þær sem fóru fram hjá. En þarna kemur hún! Eg get ekki sagt, mér þyki hún eiginlega lagleg."

Stýrimaðurinn horfði á stúlkuna, sem nú var komin nálægt þeim. Hún var fremur fríð stúlka, með falleg grá augu og rjóð í kinnnum, sem ef til vill stafaði af því, að skipstjórinn á "Hafsúlunni" kom gangandi á eftir henni, í hæfilegri fjarlægð, og var að reyna að láta líta svo út, sem sér brigði ekki, þótt hann sæi stýrimanninn sinn á svona óvæntum stað.

"Góðan daginn, Jack," sagði hann, eins og ekkert væri um að vera.

"Góðan daginn," sagði stýrimaðurinn. "Hverjum mundi hafa dottið í hug að finna þig hér?"

Skipstjórinn svaraði þessu engu, en horfði fast á Henry, þangað til að breiða brosið, sem var á andlitinu á honum hvarf og hann glápti fram undan sér, eins og hann gæti ekki gjört sér grein fyrir neinu.

"Eg hefi verið að labba mér til skemtunar hér," sagði skipstjórinn og sneri sér að stýrimanninum.

"Já," sagði stýrimaðurinn og kvaddi í snatri; hann vildi komast í burt sem fyrst.

Hinn kinkaði kolli og hélt áfram göngunni í hægðum sínum. "Hann verður að horfa vel í kring um sig, ef hann á að ná henni nú," sagði stýrimaðurinn íbygginn.

"Hann nær henni ekki," sagði Henry; "hann gjörir það aldrei, eða ef hann gjörir það, þá lítur hann hornauga til hennar. Hann skrifar henni bréf á kvöldin, en hann sendir henni þau aldrei."

"Hvernig veizt þú það?" spurði stýrimaðurinn.

"Eg gægist yfir öxlina á honum, þegar eg er að láta diskana og hnífana í skápinn."

Stýrimaðurinn nam staðar og horfði fast á hann.

"Eg býst við, að þú horfir stundum yfir öxlina á mér," sagði hann.

"Þú skrifar aldrei neinum nema konunni þinni, eða móður þinni," svaraði Henry eins og ekkert væri um að vera; "að minsta kosti hefi eg aldrei orðið var við að þú skrifaðir nokkrum öðrum."

"Það fer einhvern tíma illa fyrir þér, drengur minn," sagði stýrimaðurinn; "það get eg sagt þér."

"Mér er ómögulegt að skilja, hvað hann gjörir við þau," sagði Henry, eins og honum stæði alveg á sama hvað framtíðin bæri í skauti. "Hann sendir henni þau ekki, þorir það ekki, býst eg við."

Þeir voru komnir ofan að ánni aftur og stýrimaðurinn staðnæmdu fyrir framan dyrnar á ofurkítilli björknæpu. Dyrnar voru hálf-opnar og sandborna gólfíð fyrir innan hafði eitthvert sterkt aðdráttarafl fyrir marga, sem fröm hjá gengu.

"Hefir þú lyst á kímómaði?" spurði stýrimaðurinn.

"Nei," sagði Henry, "það hefi eg ekki; en eg hefi ekkert á móti því að taka það sama og þú."

Stýrimaðurinn glotti og fór inn á undan. Hann bað um hressingu fyrir tvo og drap titlingum framman í veitngamanninn, þegar hann fylti hálftrar annarar merkur könnu handa Henry.

"Þú mátt vara þig að væta ekki á þér skeggið," sagði veitngamaðurinn um leið og Henry stakk andlitinu ofan í kónuna, eftir að hann hafði horft ofan í hylldýpið og kinkað kolli til stýrimannsins.

Strákurinn leit upp, þurkaði sér um munnian á handarbakinu og virti veitngamanninn fyrir sér; svo sagði hann: "Það gerir minst til um það, meðan eg verð ekki rauður í framan; og eg sé heldur ekki, ævernig þetta skólp þitt getur gert nokkurt mein."

Hann fór út og stýrimaðurinn á eftir. Veitngamaðurinn stóð eftir og þurkaði borðið með annari hendinni, en strauk skeggið með hinn. Þegar honum loks hugkvæmdist viðeigandi svar, voru hinir komnir svo langt í burtu, að þeir heyrðu ekki til hans.

ANNAR KAPITULI.

Wilson skipstjóri hélt eftirförinni áfram gramur í geði, en hún hafði gengið úr greipum hans meðan hann nam staðar til að skiftast á orðum við stýrimanninn. Hann hafði oft áður haft ástæðu til að hugsa um það með eftirsjá, hve greið hún var í spori, einkum þegar hann hafði sett í sig nógu mik-

inn kjark, að honum fanst, til þess að yrða á hana. Í þetta sinn sá hann hana hverfa inn í garð, sem var fyrir framan lítið hús, og berja þar að dyrum, eins og henni væri mest um það hugað, að komast sem fyrst inn. Hún var rétt að hverfa inn úr dyrunum, þegar hann kom að garðshliðinu.

"Fari hann til þess neðsta og versta, þessi stýrimaður," sagði hann gremjulega, "og strákurinn líka," bætti hann við, til þess að gjöra ekki upp á milli þeirra.

Hann gekk áfram eftir götunni, án þess að vita hvert hann væri að fara, þangað til að húsin voru orðin strjál og gatan orðin að sveitavegi, með trjám til beggja handa og limagirðingum.

Hann hélt áfram stundarkorn og sneri svo við og rjáláði með fingrunum við bréf, sem lá í treyjuvasa hans.

"Eg skal ná í hana og tala við hana, hvað sem tautar," sagði hann.

Hann gekk hægt heim að húsinu, sem hún fór inn í. Hann hafði hjartslátt og kverkarnar í honum voru skraufþurrar, þegar hann gekk upp tröppurnar og barði á dyrnar ofur hægt. Enginn kom til dyranna, svo hann herti dálítið upp hugann og ætlaði að berja aftur. En rétt þegar hann var búinn að lyfta dyrahamrinum var hurðin opnuð og hamarinn datt úr hendinni á honum. Gömul og gráhærð kona stóð í dyrunum. Hún var auðsjáanlega forviða að sjá hann, en reyndi að láta sem minst á því bera og horfði á hann með spyrjandi augnaráði.

"Er Jackson skipstjóri heima?" spurði skipstjórinn alveg utan við sig af því að hafa mist hammarin úr hendinni.

"Hver?" spurði konan.

"Jackson skipstjóri," endurtók hann og roðnaði út undir eyru.

"Það er enginn maður hér með því nafni," svaraði konan. "Eruð þér viss um, að það sé rétta nafnið?"

"Eg—eg er ekki alveg viss um það?" svaraði skipstjórinn.

Kerlingin horfði á hann forvitnum augum. "Viljið þér gjöra svo vel og koma inn?" sagði hún og vísaði honum inn í dálitla stofu áður en hann hafði tíma til að segja meira. Skipstjórinn hálf skammaðist sín fyrir að fara inn og ekki minkaði ú honum fátíð, þegar hann sá stúlkuna, sem stóð upp, þegar hann kom inn í dyrnar.

"Þessi maður er að spyrja eftir Jackson skipstjóra," sagði konan og sneri sér að stúlkunni. "Eg hélt að hann—að hann væri ekki alveg viss um nafnið—hann má ske getur fært okkur fréttir," bætti hún við, eins og hún væri í vandræðum með hvað hún ætti að segja.

"Það er ekki líklegt, mamma," sagði stúlkan og leit heldur óhýrum augum á skipstjórann. "Það er enginn Jackson hér."

"Hafið þér lengi verið að leita að honum?" spurði konan.

"Já, árum saman," svaraði skipstjórinn, sem ekki vissi hvað hann átti að segja.

Kerling stundi af vorkunsemi. "Viljið þér ekki geras vo vel og fá yður sæti?" sagði hún.

"Þakka yður fyrir," sagði skipstjórinn og tylti sér á blábrúnina á sófanum.

"Eruð þér vissir um að nafnið sé rétt?" spurði stúlkan í fremsur öþýðum róm.

"Það var eitthvað líkt Jackson," starnaði skip-

stjórinn svo lágt, að varla heyrðist. "Það getur verið að það hafi verið Blackson, eða Dackson, eða jafnvel Snackson — eg er ekki alveg viss um það."

Gamla konan strauk hendinni yfir ennið. "Eg hélt að ef til vill gætuð þér sagt mér eitthvað í fréttum af vesalings manningum mínum," sagði hún. "Það eru nokkur ár síðan hann fór, og þegar þér komuð hingað til að spyrja eftir sjómanni, þá hélt eg að þér hefðuð máské einhverjar fréttir að færa."

"En þú hlýtur að sjá það, mamma," sagði stúlkan, "að þessi maður er að spyrja eftir öðrum. Þú tefur hann frá því að finna þenna Jackson skipstjóra, sem hann' er að leita að."

"Ef hann er búinn að vera í mörg ár að leita að honum," sagði gamla konan, "þá ætti ekki að muna um fáeinir mínútur."

"Nei, víst ekki," sagði Wilson og reyndi að herða upp hugann. "Hvað lengi sögðuð þér, að hann hefði verið í burtu?"

"Fimm ár," sagði konan og hristi höfuðið og spenti greipar í kjöltu sinni. "Hvað lengi segist þér hafa verið að leita að Jackson skipstjóra?"

"Sjö ár," sagði skipstjórinn með svo mikilli hægð, að hann varð sjálfur hissa.

"Og þér eruð enn ekki vonlaus, býst eg við?"

"Og verð það ekki meðan eg lifi," svaraði skipstjórinn og horfði á rósirnar á gólfduknnum.

"Það er alveg eins með mig," sagði gamla konan með ákefð. "Já, það verður fagnaðarfundur, þegar þér hittið hann."

"Fyrir báða," skaut stúlkan inn í.

"Það voru fimm ár í maí—tuttugasta maí—síðan eg sá vesalings manninn mínin síðast. Hann—"

Þessum manni stendur alveg á sama um það, mamma," greip stúlkan fram í.

"Nei, eg hefði mikla ánægju af að heyra um það," sagði skipstjórinn; "og hver veit nema eg rekist á hann einhvern tíma þegar eg er að leita að Jackson."

"Já, hver veit nema það geti komið fyrir," sagði gamla konan. "Það er annar maður að leita að honum núna. Sá maður heitir Glover og er tilvandi tengdasonur minn."

Það varð löng þögn. Loksins gat skipstjórinn, með því að sameina alt sem hann átti til af kristilegum kærleika og kurteisi, stamað þessum orðum út úr sér: "Eg vona að hann finni hann."

"Hann gerir allt sem unt er," sagði gamla konan. "Hann er farándsali og kemur þess vegna nokkuð víða við."

"Hafið þér reynt að auglýsa?" spurði skipstjórinn, og reyndi af fremsta megni að látast vera eins ákafur að vita um þetta og áður.

Gamla konan hristi höfuðið og leit til dóttur sinnar. "Það væri ekki til neins," sagði hún, "það væri ekki til neins."

"Eg vil ekki blanda mér inn í einkamál yðar á nokkurn hátt," sagði Wilson; "en eg kem við á æðimörgum höfnum yfir árið, og ef þér hélduð að það væri til nokkurs gagns að eg reyndi að líta í kringum mig, þá er eg fús til að gera það; þér þyrftuð að eins að gefa mér einhverjar upplýsingar um manninn, sem eg á að skipast um eftir."

Gamla konan varð óróleg, eins og hana langaði til, en væri þó hrædd við, að opinbera leyndarmál sitt.

"Það stóð, skal eg segja yður, nokkuð einkenni-

lega á fyrir honum, þegar hann fór," sagði hún og leit til dóttur sinnar. "Hann—"

"Eg kæri taig ekki um að vita neitt um það, kona góð," greip skipstjórinn fram í með hægð.

"Það væri ekki til neins að auglýsa eftir föður mínum," sagði stúlkan, "því hann kann hvorki að lesa né skrifa. Hann er bráðlyndur og fljótfær maður, og fyrir fimm árum sló hann annan mann í rot og hélt að hann hefði drepið hann. Og við höfum hvorki séð hann né heyrt frá honum síðan."

"Hann hlýtur að vera sterkur maður," sagði skipstjórinn.

"Hann hafði barefli í hendinni," sagði stúlkan og grúfði niður yfir það sem hún var að sauma. "En hann meiddi manninn mjög lítið; hann varð vinnufær eftir tvo daga, og hann hefir fyrirgefið föður mínum."

"Það er bágð að segja hvar hann er," sagði skipstjórinn og lét sem hann væri niður sokkinn í að hugsa um málið."

"Hann er einhvers staðar þar sem skip eru, það er eg viss um," sagði gamla konan. "Hann var skipstjóri sjálfur í mörg ár og hann gæti ekki lifað annarsstaðar en við sjóinn, og þar að auki gæti hann ekki unnið fyrir sér annarsstaðar, vesalingurinn, nema að hann hefði þá farið í siglingar aftur, sem er ólíklegt."

"Hann hefir verið í strandferðum, býst eg við," sagði skipstjórinn og leit á myndir af tveimur eða þremur smáskútum, sem héngu á veggnum.

Konan kinkaði kolli. "Þetta voru hans skip," sagði hún; "en málararnir gátu aldrei málað skýin svo honum líkaði. Eg skil ekki í að það hafi nokk-

ur maður verið til, sem var eins erfitt að þóknast að því leyti og hann."

"Hvernig lítur hann út?" spurði Wilson.

"Eg skal ná í mynd af honum," sagði gamla konan og stóð upp og fór út úr stofunni.

Stúlkan keptist við að sauma, þar sem hún sat við gluggann hjá blómunum. Skipstjórinn, sem vildi láta sýnast að hann væri ekki feiminn, hóstaði hægt og gætilega þrisvar sinnum og ætlaði að fara að segja eitthvað um veðrið, en þá sneri hann sér aftur í einu við og fór að horfa út um gluggann. Skipstjórinn fór þá aftur að horfa á skýin á myndunum og hann var engu ánægðari með þau en hann ímyndaði sér að týndi skipstjórinn hefði verið.

"Þessi mynd var tekin rétt áður en hann hvarf," sagði gamla konan, sem nú kom inn aftur og rétti ljósmynd að skipstjóranum. "Þér getið haft þessa mynd."

Skipstjórinn tók við myndinni og horfði á hana. Hún var af þéttvöxnum, alskeggjuðum manni, á að gizka sextugum. Svo lét hann myndina varlega í brjóstvasa sinn.

"Og með hvaða nafni á eg að nefna hann, ef eg skyldi nú rekast á hann?" spurði hann.

"Gething," svaraði gamla konan. "Gething skipstjóri. Og ef þér finnið hann og segið honum, að hann þurfi ekkert að óttast og að konan hans og dóttir hans Anna þrái út af lífinu að sjá hann, þá gerið þér mér greiða, sem eg fæ aldrei fullpakkað yður."

"Eg skal gera allt sem eg get," sagði skipstjórinn ákafur. "Verið þér sælar."

Hann tók í hendina á gömlu konunni og stóð svo kyr og horfði á Önnu hikandi.

"Verið þér sælar," sagði hann glaðlega.

Gamla konan fylgdi honum til dyra og sagði um leið: "Okkur þætti vænt um að sjá yður og heyra hvernig yður gengur, hvenær sem þér komið til Gravesend."

Skipstjórinn þakkaði henni fyrir boðið. Hann staðnæmdest rétt snöggvast við hliðið og leit á gluggann. En stúlkan var aftur farin að sauma, og hann gekk hratt í burtu.

Af fögnuðinum yfir því að hafa fengið eitthvað til að gera, sem gæti verið ungfrú Gething til þægðar, gleymdi hann því alveg að hún var trúlofuð öðrum manni, þangað til hann var kominn út á skip og farið að borða. Þegar hann loksins mundi eftir því, ýtti hann frá sér diskinum, studdi hönd undir kinn og sökti sér niður í þungar hugsanir. Hann tók myndina úr vasa sínum og horfði á hana lengi og reyndi að taka eftir, hvort dóttirin líktist föðurnum. En hann gat ekki séð, að þau væru nokkra vitund lík hvort öðru.

"Hvernig lízt þér á þessa mynd?" spurði hann og rétti stýrimanninum, sem hafði setið og horft á hann forvitnisaugum.

"Vinur þinn?" spurði stýrimaðurinn með hægð.

"Nei," sagði hinn.

"Mér lízt ekkert vel á hann," sagði stýrimaðurinn. "Hvar fékstu hana?"

"Mér var gefin hún," svarað skipstjórinn. "Hann er týndur og eg ætla að finna hann, ef eg get. Þú mátt gjarnan hafa augum opin líka."

"Hvar ætlarðu að leita að honum?" spurði stýrimaðurinn.

"Altaðar," svaraði hinn. "Mér er sagt, að

hann gæti verið í hvaða hafnarbæ sem er; og mér þætti vænt um, ef þú vildir hjálpa mér.”

“Eg geri það náttúrlega,” sagði stýrimaðurinn. Hvað hefir hann haft fyrir stafni?”

“Ekkert, það eg veit,” svaraði skipstjórinn; “en hann er búinn að vera týndur í fimm ár og eg hefi lofað að gera alt sem eg gæti til að finna hann.”

“Einhverjir vinir vilja fá fréttir af honum, geri eg ráð fyrir,” sagði stýrimaðurinn.

“Já.”

“Mér virðist,” hélt stýrimaðurinn áfram, “að kvenfólk sé hræddara en karlmenn, þegar svona stendur á.”

“Þær eru tilfinninganæmari,” svaraði skipstjórinn.

“Þetta er ekki svo leiðinlegt andlit, þegar maður fer að horfa á það,” sagði stýrimaðurinn, sem var forviða á öllu háttalagi skipstjórans. “Eg held eg hafi einhvers staðar séð einhvern, sem er svipaður myndinni — stúlku, held eg — en hvar það var, get eg ekki sagt.”

Henry kom ofan í káetuna og samtalið hætti. Hann var ekki lengi að taka eftir myndinni í hendinni á stýrimanninum og flýtti sér að fara að koma smjörinu af borðinu. Hann sá, að stýrimaðurinn hélt myndinni öfugt og hann fann á sér, að það mundi vera gert til þess að hann sæi ekki myndina. Hann forðaðist því að líta á hana meðan hann var að taka til á borðinu og hugsaði sér um leið að muna stýrimanninum þetta.

“Henry!” kallaði skipstjórinn alt í einu.

“Hvað á eg að gera?” spurði Henry.

“Þú ert eftirtektarsamur eftir aldri,” sagði skipstjórinn. “Líttu á myndina þarna.”

Henry brosti út undir eyru. Hann leit fyrirliðningaraugum á stýrimanninn um leið og hann tók við myndinni af honum og hlustaði með fjálgleik á sömu útskýringuna og stýrimaðurinn hafði fengið. "Og þú getur farið með myndina og sýnt hana hásetunum," sagði skipstjórinn.

"Hásetunum!" át strákurinn eftir alveg forviða.

"Já, skilurðu mig ekki?" sagði skipstjórinn.

"Jú, en þeir vita ekkert hvað þeir eiga að gera við hana. Hvað ætli að feiti Sam, og matreiðslumaðurinn og Dick—"

"Gerðu eins og þér er sagt," sagði skipstjórinn byrstur.

"Já, eg skal gera það undir eins; en þeir fara strax að spyrja hver hann sé og hvers vegna þú viljir finna hann."

"Farðu strax með myndina og segðu þeim að sá, sem verði fyrstur til að finna manninn, sem myndin er af, skuli fá tíu dollara."

Strákurinn lagði af stað með myndina og horfði vandlega á hana, til þess að standa ekki ver að vígi en aðrir í samkepninni um fundarlaunin. Feiti Sam þóttist hafa séð manninn fyrir einum tveimur dögum; matreiðslumaðurinn kannaðist við andlitið eins og það hefði verið andlitið á móður hans, og Dick hafði þekt hann árum saman í Plymouth og fullyrti að hann hefði átt þar heima og verið vel þektur maður. Með þessar upplýsingar fór Henry aftur til skipstjórans og stakk upp á því, að þeir skyldu leita fyrst í Gravesend.

Það var komið fram á miðja nótt, þegar þeir létu akkerum og sigldu ofur hægt niður ána. Í Gravesend voru allir í fasta svefni og þar sást ekkert nema ljósaraðirnar á götunum. "Hafsélan" þokað-

ist fram hjá. Stórt gufuskip, sem var á undan, gaf hafnsögumannsbátnum merki og hægði á sér til að bíða eftir bátnum, sem kom úr landi. Það vakti skipstjórann upp af þungum hugsunum; því það skeytti ekkert um að víkja úr vegi. Þegar hann var búinn að ná sér aftur eftir þá ósvífn og drekka kaffibolla, sem matreiðslumaðurinn færði honum, var Gravesend horfin á bak við bugðuna í ánni, og leiðin var byrjuð.

ÞRIÐJI KAPITULI.

Peir náðu til Brittlesea á fjórum dögum. Skipstjórinn lét stýrimanninn ráða flestu, en sat sjálfur og hugsaði margt. Þunglyndi skipstjórans breiddist út á meðal skipshafnarinnar. Sam átti harmóniku, sem hann var vanur að stytta félögum einum stundir með; en stýrimaðurinn hafði rekið í hana hnefan og brotið gat á hana, og síðan hafði óánægjan farið vaxandi í hásetaklefanum, og stýrimanninum voru valin ófögur nöfn, þegar hann heyrði ekki til.

Það var um kvöld, er þeir lögðu upp í ána, sem Brittlesea stendur við. Allir höfðu lokið við dagsverk sitt, og fáeinir fiskikarlar lágu á bryggjunni og reyktu pípur sínar. Frá dálítilli drykkjarkrá, sem stóð opin hinu megin við ána, bárust hlátrar og háreysti, sem mintu skipshöfnina á leit hennar eftir Gething skipstjóra. Að vísu búggust þeir, sem vonuðust eftir mestu, ekki við að finna hann strax; en Sam sagði, að því fyr sem þeir byrjuðu að leita, því betra; það væri ekki ómögulegt, að hann sæti

múna einmitt í þessari drykkjukrá og væri að bíða eftir því að einhver fyndi sig.

Þegar þeir voru búnir að koma öllu í lag, fóru þeir í land og hófu leitina, en hún varð árangurslaus. Þeir fundu engan mann, nema gamlan karl, sem varð fokvondur út af því hvað matreiðslumaðurinn leit nákvæmlega á alt þar inni, og spurði hann í styttingi, hvort hann hefði týnt nokkru, og ef hann héldi að hann, karlinn, sæti á því, þá væri bezt fyrir hann að segja það hreinlega. Þegar matreiðslumaðurinn var búinn að svara fyrir sig á viðeigandi hátt, lögðu þeir af stað til næsta veitingahúss. En þeim gekk ekki betur þar. Dick sagði, að bjórin væri enn þá verri þar en í hinu, og að engum manni, sem væri kunnugur þar, gæti komið til hugar að eyða peningum sínum á öðrum eins stað. Þeir færðu sig því aftur; en áður en þeir voru hálfnaðir með ölkránnar, var kominn tími til að loka þeim.

"Þetta er ekki svo óskemtilegt æfintýri," sagði Sam, og var loðmæltur í meira lagi, um leið og honum var stjakað út úr seinustu kránni og loku skotið fyrir hurðina að innan. "Hvert eigum við að fara næst?"

"Við skulum fara aftur um borð," sagði Dick; "komið þið nú með mér."

"Þú finnur hann ekki í nótt, Sam," sagði matreiðslumaðurinn hálf háðslega.

"Og hvers vegna ekki?" spurði Sam og horfði fast á matreiðslumanninn. "Við fórum í land til þess að finna hann."

"En það er komið myrkur," sagði matreiðslumaðurinn.

Sam hló, eins og það væri einhver fjarstæða.

“Komdu,” sagði Dick og greip í handlegginn á honum.

“Eg kom hingað til að finna hann,” sagði Sam, og eg hætti ekki fyr en eg er búinn að því.”

Hann vagaði niður götuna og hinir, sem skoðuðu það skyldu sína að skilja ekki við féлага, er ekki kynni fótum sínum forráð, fylgdu nöldrandi í hundrað á eftir. Þeir gengu þannig í hálfu klukkustund um mannlausar göturnar, og Dick átti erfitt með að láta ekki bera á óþolinmæði sinni, þegar hann var að snuðra í öllum krókum og kimum í þeirri von að finna manninn, sem þeir voru að leita að. Lokans staðnæmdist Sam fyrir framan lítið hús, hélt svo áfram dálítinn spöl, en sneri við aftur og gekk upp að húsinu, eins og hann hefði afráðið eitthvað með sjálfum sér.

“Haltu honum!” grenjaði Dick til matreiðslumannsins og tók sjálfur með báðum höndum utan um Sam.

Matreiðslumaðurinn lagði handlegginn utan um hálsinn á Sam, og báðir fóru að stympast við að draga hann í burtu.

“Komdu um borð með okkur, asninn þinn,” sagði Dick, sem orðinn var reiður; “við erum búnir að fá nóg af þessu.”

“Sleppið þið mér,” sagði Sam og brauzt um.

“Reyndu þá ekki að fara inn í húsið,” sagði Dick.

“Hann er þarna,” sagði Sam og benti með höfðinu á húsið, rétt eins og hann hefði fengið einhverja vitrun um það.

Dick endurtók að hann skyldi koma með þeim og bætti við, að hann mætti aldrei drekka neitt sterkara en mjólk.

"Haltu á treyjunni minni," sagði Sam við matreiðslumanninn og alt látbragð hans bar þess ótrú-ræðan vott, að það væri farið að síga í hana."

"Vertu nú ekki að þessari vitleysu, Sam," sagði matreiðslumaðurinn í bænarrómi.

"Haltu á treyjunni minni," sagði Sam og horfði með fyrirlitningarsvip á matreiðslumanninn.

"Þú veizt það sjálfur, að þú ert í engri treyju," sagði matreiðslumaðurinn í sama bænarrómi. "Geturðu ekki séð, að það er peysa, sem þú ert í? Eg hélt ekki að þú værir svona fullur."

"Jæja, styddu mig þá á meðan eg fer úr henni," sagði Sam.

Matreiðslumaðurinn studdi Sam, sem fór að reyna að komast úr peysunni. Dick beið rólegur þangað til að peysan var komin yfir höfuðið á Sam; þá ýtti hann matreiðslumanninum til hliðar og tók í Sam og sneri honum þrisvar í hring.

"Snúðu þér þrisvar í hring og sjáðu svo hverjum þú getur náð, Sam," sagði hann ernnislega. "Jæja, seztu þá niður."

Hann lét Sam, sem ekki gat staðið á fótunum, síga niður. Svo labbaði hann af stað með matreiðslumanninum og lét hann eiga sig. Þegar þeir litu seinast til baka, sáu þeir hann vera að veltast um með hendur og höfuð innan í peysunni og reyna að gera sitt ýtrasta til að losast. Blótsyrðin, sem heyrðust í gegn um peysuna, báru vott um hvernig honum var innan brjósts. Loksins gat hann losað sig og þeytti frá sér peysunni, en tók hana upp aftur, setti henni undir hændina og rambaði eitthvað í áttina á eftir hinum.

Morguninn eftir mundi hann ekki vel eftir því komið hefði fyrir um kvöldið, en hafði samt

hvern grun um, að sér hefði verið misboðið, og þess vegna var hann mjög stuttur í spuna við Dick og matreiðslumanninn, þangað til þeir voru allir farna-
ir að vinna saman á þilfarinu. Menn verða fljót-
þurbjóstá af því að vinna í sementi, og eftir lítinn
tíma var Sam orðinn svo eftirgefanlegur, að hann
leyfði matreiðslumanninum að gæða sér á fullri
könnu af köldu kaffi, sem hafði komið af káca-
borðinu.

Matreiðslumaðurinn þvoði könnuna og veita-
hitans inni í matreiðsluklefanum kaus hann heldur
að vera á þilfarinu, þótt þar væri rykugt. Hann seg-
ist því niður og fór að þvo kartöflur. Hann þurfti
ekki að hafa hugann svo fastan við það, að hann
gæti ekki hugsað um aðra hluti um leið, og hugsanir
hans snérist að Gething skipstjóra og leitinni eftir
honum. Honum var það ljóst, að myndin var þýð-
ingarmikill hlutur í sambandi við leitina, og með
það í huga fór hann frá kartöflunum og ofan í káet-
una til þess að leita að henni. Hann fann hana á
hillu í svefnklefa skipstjórans, og þegar hann kom
upp aftur, beið hann ekki boðanna, heldur fór tafar-
laust upp á bryggjuna.

Þeir fyrstu þrír, sem hann talaði við, gátu eng-
ar upplýsingar gefið honum. Þeir litu á myndina og
sögðu álit sitt um hana, sem var ekki mjög hvetj-
andi; þeim kom öllum saman um að það væri enginn
maður til í Brittlesea, sem hún líkist hið minsta.
Hann var næstum orðinn vonlaus og að því kominn
að snúa aftur, þegar hann kom auga á gamlan fiski-
mann, sem stóð og studdist upp við ljóskersstaur.

“Gott veður í dag,” sagði matreiðslumaðurinn.

Sjómaðurinn tók út úr sér stutta krítarpípu, sem
hann hafði á milli tannanna, og kinkaði kolli; en svo

stakk hann pípunni upp í sig og fór aftur að horfa út á sjóinn.

"Hefir þú nokkurn tíma séð þennan mann?" spurði matreiðslumaðurinn og sýndi honum myndina.

Sjómaðurinn tók aftur út úr sér pípuna, tók við myndinni og leit á hana vandlega.

"Það er alveg undravert, hvernig þeir búa þessar myndir til nú á dögum," sagði hann. "Það sást ekki neitt líkt þessu, þegar eg var ungur."

"Já, það hafa verið miklar framfarir í því," sagði matreiðslumaðurinn hálfgramur yfir seinlætinu í hinum.

"Þá sást ekkert nema olíumálverk," hélt sjómaðurinn áfram með mestu hægd.

"Hefir þú séð nokkurn, sem myndin er lík?" spurði matreiðslumaðurinn óþolinmóður.

"Já, auðvitað hefi eg séð mann, sem myndin er lík," svaraði hinn. "Látum okkur nú sjá. — Hvað hét hann nú aftur?"

"Það veit eg ekki," svaraði matreiðslumaðurinn.

"Eg myndi það undir eins, ef eg bara heyrði nafnið einu sinni," sagði sjómaðurinn hægt og rólega. "Nú man eg það, nú man eg það."

Hann sló hægt með fingrinum á ennið á sér og var hinn hróðugasti; svo deplaði hann augunum framan í matreiðslumanninn.

"Eg hefi ágætt minni enn þá," sagði hann rólega. "Reyndar gleymi eg mörgu í svipinn, en mig rekur altaf minni til þess aftur. Móðir mín var alveg eins; og hún lifði þangað til hún var níutíu og þriggja ára gömul."

"En í hamingjubænum segðu mér nafnið," greip

matreiðslumaðurinn fram í; hann var farinn að verða óþolinmóður.

Hinn hugsaði sig um stundarkorn. Fari hoppað sem eg get munað það. Eg er búinn að steingleyma því aftur. En það gerir ekkert til; það rifjast bráðum upp fyrir mér."

Matreiðslumaðurinn beið tíu mínútur eftir því að hinn kæmi með nafnið. "Ekki vænti eg að það sé Gething?" spurði hann svo.

"Ó, nei, nei, nei," svaraði sjómaðurinn. "Vertu bara rólegur, eg man það bráðum."

"Hvenær," spurði matreiðslumaðurinn, sem nú var búinn að fá meira en nóg.

"Það getur verið, að eg muni það eftir fimm mínútur," svaraði hinn; "og það getur verið, að eg muni það ekki fyr en eftir heilan mánuð; en eg man það einhvern tíma."

Hann tók myndina aftur og reyndi að láta sér koma í hug af hverjum hún væri.

"John Dunn heitir hann!" hrópaði hann alt í einu upp yfir sig. "John Dunn!"

"Hvar á hann heima?" spurði matreiðslumaðurinn með ákefð.

"Í Holebourne," svaraði hinn. "Það er þorp sjö mílur frá alfaraveginum."

"Ertu viss um að það sé rétta nafnið?" spurði matreiðslumaðurinn.

"Já, alveg viss. Hann kom hingað fyrir sjö árum. Svo lenti hann í rifrildi við húseigandann, sem hann leigði hjá og þá fluttist hann til Holebourne."

Matreiðslumaðurinn leit í áttina til skipsins. Hvítur sementsmökkur, sem reis upp frá þilfarinu, sýndi, að þar voru allir að hamast við að vinna og

það var ekki umt að merkja á neinu að hans hefði verið saknað þar.

"Ef þeir vilja fá nekkurn miðdagsmat í dag," sagði hann og bentu á mennina, sem voru að draga sementspokana upp úr lestinni, "þá verða þeir að búa hann til sjálfir. Viltu ekki koma og fá þér hrossingu, kunningi?"

Hinn hafði ekkert á móti því, og þegar hann var búinn var búinn að njóta góðs af ðrlæti marciðslumansins, staulaðist hann við hlíð honum upp úr bænum og sýndi honum veginn til Holebourne. Svo sneri hann aftur niður að höfninni á sinn stað við staurinn.

Matreiðslumaðurinn lagði gangandi af stað og var hinn kátasti. Hann hugsaði með ánægju til þess, hvernig félögum sínum myndi verða við, þegar þeir fengu ekkert að éta. Hann gekk þrjár mílur, þangað til hann kom auga á dálítið tréspjald, sem stóð fram á milli tveggja trjáa og beindi athygli vegfaranda að dálítilli drykkjukrá skamt frá veginum. Feitlaginn veitingamaður sat á stóli fyrir utan dyrnar og beið eftir viðskiftavinum.

Matreiðslumaðurinn stóð kyr ofurlitla stund, eins og hann væri í vafa um, hvað hann ætti að gera, svo gekk hann í hægðum sínum heim að veitingahúsinu og settist á annan stól beint á móti hinum og bað um mörk af öli.

Veitingamaðurinn stóð upp hægt og gætlega og fór inn í húsið til að ná í ölið. Eftir dálitla stund kom hann út aftur með freyðandi könnu.

"Bragðaðu á því," sagði matreiðslumaðurinn kurteislega.

Veitingamaðurinn kinkaði kalli til hans og gerði eins og hann var beðinn.

“Súptu með mér úr einni könnu,” sagði matreiðslumaðurinn og leit ofan í þá, sem hann rétti honum. “Þú getur haft þessa og náð mér í aðra,” bætti hann við.

Veitingamaðurinn fór og sótti aðra mörk. Svo settist hann á sinn stól og byrjaði samtalið.

“Ert þú á skemtingöngu hér út í sveitinni?” spurði hann.

Matreiðslumaðurinn kinkaði kolli. “Já, reyndar er það nú ekki að öllu leyti skemtinganga,” sagði hann drjúgur; “eg á erindi.”

“Já, þið hafið nóga peningana,” sagði veitingamaðurinn. “Þetta eru fyrstu könnurnar, sem eg hefi skenkt á í morgun. Ætlarðu langt að fara?”

“Til Holebourne,” svaraði hinn.

“Þekkirðu nokkurn þar?” spurði veitingamaðurinn.

“Ekki get eg beinlínis sagt, að eg þekki nokkurn þar,” svaraði matreiðslumaðurinn. “Eg er að leita að manni, sem heitir Dunn.”

“Þú hefir ekki mikið upp úr honum,” sagði kona veitingamannsins, sem kom að í þessum svifum. “Það kemst enginn inn á hann.”

Matreiðslumaðurinn deplaði augunum, eins og hann skildi við hvað hún ætti.

“Það er eitthvað undarlegt með þann mann,” sagði kona veitingamannsins. “Enginn veit hver hann er eða hvaðan hann er; hann segir það engum. Og þegar einhver kemur svoleiðis fram, þá veit maður, að það er eitthvað að einhvers staðar; það er æfn skoðun að minsta kosti.”

“Hann bitur alla af sér,” sagði veitingamaðurinn.

"Ekki er eg hræddur um, að hann geri mér það," sagði veitingamaðurinn.

"Þekkirðu nokkuð til hans?" spurði kona veitingamannsins.

"Ofurlítið," svaraði veitingamaðurinn.

Veitingamaðurinn hvíslaði einhverju að konu sinni, sem ekki var sein að leggja hlustirnar við. Matreiðslumaðurinn heyrði glögt að hann hvíslaði: "leynilögreglumadur."

Húsfreyjan horfði forvitnisaugum á matreiðslumanninn; en í því komu tveir menn í vagni heim að dyrunum, og fór hún að sinna þeim. Þeir settust niður og tóku þátt í samtalinu. Þeir voru á sama máli og veitingamaðurinn og kona hans um manninn, sem matreiðslumaðurinn var að leita að. Þeir horfðu undrandi á matreiðslumanninn og var auðséð að þeim fanst mikið til um hann; svo buðu þeir honum könnu af öli og spurðu hann að, hvort hann vildi ekki verða sér samferða til Holebourne.

Hann þakkaði fyrir boðið, en sagðist heldur vilja fara þangað einn og litast þar um svo lítið bæri á áður en hann byrjaði á nokkru.

Hann sat þarna enn góða stund og reyndi að verjast spurningum húsfreyjunnar sem bezt hana gat. Vagninn lagði af stað skröltandi eftir veginum og matreiðslumaðurinn nokkru síðar, þegar hann var búinn að fá sér bita að borða og reykja pípu sína.

"Líttu á hvernig hann gengur," sagði veitingamaðurinn við konu sína, þar sem þau stóðu bæði og horfðu á matreiðslumanninn kjaga fram eftir veginum. "Hann gengur alveg eins og sporhundur. Eg sé undir eins hver hann var."

Matreiðslumaðurinn hélt áfram leiðar sinnar og

vissi ekkert um aðdáunina, sem göngulag hans vakti hjá veitingamanninum og konu hans. Hann fór að halda að það hefði verið vitleysa af sér að segja frá erindinu, en samt fanst honum að hann hefði ekki sagt of mikið; og ef fólk vildi misskilja erindi hans, þá gat hann ekki gert að því.

Í þessum hugleiðingum kom hann til Holebourne, er var ofurlítið þorp með einu stræti, einni drykkju-krá og einni kirkju. Við götuendann var laglegt smáhýsi og enotur garður fyrir framan. Þar var ofurlitill hópur af fólki, sem var að tala saman.

"Hér er eitthvað um að vera," hugsaði matreiðslumaðurinn með sér. Fólkið glápti á hann og hann glápti á það. "Hvar á herra Dunn heima?" spurði hann dreng, sem stóð rétt hjá honum.

"Í þessu húsi," svaraði drengurinn og benti á húsið, þar sem fólkið var. "Ert þú leynilögreglu- maður?"

"Nei," svaraði matreiðslumaðurinn snúðugur.

Hann gekk heim að húsinu og opnaði garðshliðið. Þeir sem stóðu þar muldruðu eitthvað sín á milli um leið og hann gekk upp að dyrunum og barði á hurðina.

"Kom inn!" var sagt í önugum rómi fyrir innan.

Matreiðslumaðurinn fór inn og lét hurðina vandlega aftur á eftir sér. Hann stóð í dálítilli stofu og í henni var engan að sjá, nema gamlan og illilegan karl, sem sat í hægindastóli og var að lesa í blaði.

"Hvað vilt þú?" spurði hann og leit upp.

"Eg vil fá að finna mann, sem Dunn heitir," svaraði matreiðslumaðurinn.

"Eg er maðurinn," sagði karlinn og beið svo ákta.

Matreiðslumaðurinn varð hvúsa, því þessi

maður var alveg ólíkur þeim, sem myndin var af, að öllu leyti nema því, að hann hafði skegg.

"Eg er maðurinn," endurtók hann og horfði með heiftarsvip á matreiðslumanninn

Matreiðslumaðurinn reyndi að brosa, en gat það ekki; hann reyndi að hugsa, en það var eins og augnaráð karlsins lamaði huga hans svo að hann gat heldur ekki hugsað.

"Já, einmitt það, þú ert hann," sagði matreiðslumaðurinn loksins.

"Mér var sagt, að þú værir að leita að mér," sagði karlinn og smáhækkaði röddina svo að hann grenjaði síðustu orðin. "Allir hér í þorpinu vita það. Og hvern fjandann viltu mér nú, þegar þú ert búinn að finna mig?"

"Eg—eg er hræddur um, að þetta sé einhver misskilningur," stamaði matreiðslumaðurinn.

"Á, heldurðu það?" sagði karlinn. "Þú ert fallegur leynilögreglumaður! Eg skal láta lögsækja þig! Eg skal láta setja þig í fangelsi og reka þig úr stöðunni."

"Þetta er alt misskilningur," sagði matreiðslumaðurinn. "Eg er ekki leynilögreglumaður."

"Komdu hingað," sagði karlinn og stóð upp.

Matreiðslumaðurinn fylgdi honum inn í minna herbergi, sem var aftur af stofunni.

"Ertu ekki lögreglumaður?—Þú veizt víst hvað segist á því, að látast vera leynilögreglumaður? Bíddu hér á meðan eg fer og sæki lögregluþjón og læt taka þig fsatan."

Matreiðslumaðurinn neitaði fastlega að gera það.

"Eg hugsa að þú verðir kyr hvort sem þú vilt

eða ekki," sagði karlinn og glotti. Svo fór hann að hurðinni og kallaði á hund, sem var fyrir framan.

Áður en matreiðslumaðurinn, sem skildi hvorki upp né niður í þessu öllu saman, gat gert sér nokkra grein fyrir þessu athæfi karlsins, kom stór og grimmi-
legur hundur inn í stofuna. Hundurinn var hjómandi falleg ekepna og vel kynjaður, en það eina sem matreiðslumaðurinn tók eftir var það, að hann hafði ægilegar vígtennur.

"Gættu að honum," sagði karlinn við hundinn, "láttu hann ekki hreyfa sig." Svo tók hann hatt sinn.

Hundurinn urraði, eins og hann skildi þetta allt saman. Svo settist hann niður beint fyrir framan matreiðslumanninn og horfði á hann.

"Mér þykir mikið fyrir því, að hafa valdið þessum misskilningi," sagði matreiðslumaðurinn. "Eg vona að þú skiljir mig ekki einan eftir hjá þessum hundi.

"Hann snertir þig ekki nema þú hreyfir þig," sagði hinn.

Matreiðslumaðurinn vissi ekki hvað hann átti til bragðs að taka. Hann reyndi að láta sér detta í hug einhver lofsyrði um karlinn. "Eg vildi mikið til vinna, að þú færir ekki," sagði hann; "eg þekki engan mann, sem mér hefir fallið betur við við fyrstu viðkyrningu."

"Eg vil ekki heyra meira af ósvífn þinni," sagði karlinn. "Gættu að honum, Sámur."

Sámur urraði með allri þeirri ánægju, sem er eiginleg hundi, er vill þóknast húsbónda sínum. Karlinn varaði matreiðslumanninn aftur við því að hreyfa sig, og svo fór hann út og lét hurðina aftur á eftir sér. Matreiðslumaðurinn heyrði að hann lét úti-

dyrahurðina aftur líka og eftir það heyrði hann ekkert nema andardrátt hundsins.

Hann sat kyr dálitla stund og horfði á hundinn, og hundurinn horfði á hann. Svo vætti hann á sér varirnar, sem voru orðnar þurrar, með tungunni og blástraði eins og hann vildi koma sér vel við hundinn. Sámur svaraði með því að urra; síðan stóð hann á fætur og geysaði eins og hann vildi sjá matreiðslumanninum tennurnar í sér.

"Greyið Sámur!" sagði matreiðslumaðurinn með skjálfandi rödd. "Greyið, greyið, komdu hérna."

Hundurinn færði sig nær honum og þefaði af fótunum á honum. Matreiðslumaðurinn skalf af hræðslu.

"Kis, kis!" sagði matreiðslumaðurinn og bentu á dyrnar; "irr—irr!" Honum datt í hug, að hann gæti máske losast við hundinn á þennan hátt.

Sámur gerði ekkert nema urra. Það var eins og skjálfandi hnén á matreiðslumanninum hefðu oitt-hvert aðdráttarafl fyrir hann; hann kom enn nær og rak trýnið í fótinn á matreiðslumanninum.

Matreiðslumaðurinn svipaðist í ofboðsfáti um eftir einhverju barefli. Svo stakk hann hendinni aftur fyrir sig og dróg hníf sinn, stóra sveðju, úr skeiðum. Dg með hugrekki manns, sem staddur er í lífs-háska, rak hann hnífinn í hundinn á hol, og áður en hundurinn gat nokkurt viðnám veitt, var hann búinn að reka hnífinn í hann aftur. Hundurinn rak upp hátt hljóð og reyndi að læsa tönnum í fótinn á matreiðslumanninum, en náði ekki í hann og veltist um hrygg á gólfinu, krasaði með löppunum og lá svo hreyfingarlaus.

Þetta skeði alt í svo skjótri svipan, að matreiðslumaðurinn gerði sér naumast grein fyrir hvaða af-

ingsverk hann hafði unnið, þegar hann þurkaði blóði af sveðjunni á borðdúknum. Hann dáðist að snarræði sínu. Svo sá hann að í viðbót við það sem hann var búinn að gera á hluta húsráðandans, var dauður hundur og eyðilagður gólfdukur, sem hann mundi þurfa að bera ábyrgð á, ef hann yrði tekinn fastur. Honum leizt því ekki á að bíða og afréð að flýja tafarlaust. Hann komst út um bakdyrnar, skðraði hnífinn og læddist út að girðingunni og klifraði yfir hana. Þegar hann var kominn yfir girðinguna beið hann ekki boðanna, heldur hljóp í burt sem fætur toguðu.

Hann hljóp þvert yfir tvo akra og komst út á veginn lafmóður og dauðhræddur. Hann þorði ekki annað en að líta til baka við og við. Honum varð erfitt að hlaupa upp brekkuna en ekki þorði hann að hvíla sig fyr en hann var kominn upp á hæðarbrúnina; þá fleygði hann sér niður við veginn. Eftir fimm mínútur stóð hann upp og hélt áfram, því hann sá all-marga menn koma frá þorpínu, sem eflaust voru að veita honum eftirför.

Hann hélt áfram að hlaupa eftir veginum dábila stund, en svo datt honum í hug, að einhverjir af þeim sem voru að elta hann, væru á hestum, og þá hljóp hann yfir girðinguna og lagði leið sína þvert yfir akrana. Hann var orðinn svo þreyttur, að hann rasaði í öðru hverju spori en áfram hélt hann, ýmist gangandi eða hlaupandi þangað til hann sá ekkert til þeirra, sem á eftir höfum voru.

FJÖRÐI KAPITULI.

Þegar matreiðslumaðurinn var úr mestu heitunni, þorði hann að nema staðar við vatnstrog, og varð á vegi hans, og þvo sér í framan og um hendurnar. Hann þvoði líka blóðið af hnífnum. Svo hélt hann áfram þangað til hann kom á annan veg. Þar hitti hann mann með hálmæki og bað hann góða lofa sér að sitja ofan á ækinu. Honum var leyft það og hann lagðist endilangur ofan á ækið, en hafði ekki augun af veginum. Eftir nokkurra mílna ferðalag staðnæmðist vagninn fyrir framan hús, og matreiðslumaðurinn rétti manninum pening, þótt hann ætti lítið í buddunni, og hélt svo áfram. Hann fór ótal króka til þess að villa sjónir fyrir þeim, sem voru að leita hans, og svona hélt hann áfram til kvölds; þá var hann kominn uppgefinn og hungurur nálægt dálitlu þorpi.

Hann hafði grun um, að símað hefði verið af allra nálægra staða um að hann yrði tekinn fastur, ef hann ægist. Hann þorði því ekkert á sér að bæra fyrir en búð var að slökkva öll ljós í húsunum; þá fór hann að leita eftir skýli. Hann kom að tveimur húsum, sem stóðu spölkorn frá þorpinu. Hjá öðru húsinu var dálítill kofi, og honum datí í hug að leita sér skýlis í honum. Hann þóttist viss um að allir í húsinu væru sofnaðir og læddist á tánum eins varlega og hann gat inn í garðinn í áttina til kofans. Það var niðamyrkur í kofanum og allt var kyrt þar inni. Matreiðslumaðurinn fór inn í kofann, rasaði um stein og baðaði út höndunum til að styðja sig. Hann náði í þverslá, sem var fyrir framan hann, en í sama bili flugu nokkrar hænur niður af slánni með garga og ólátum. Kofinn varð fullur af gargandi hæsnu;

þau rákust á hann og þvældust fyrir fótunum á honum; hann reyndi að komast út aftur í mesta ofboði, en í dyrunum rakst hann beint í fasið á manni, sem kom frá húsinu.

"Eg er búinn að ná honum!" kallaði maðurinn upp og barði matreiðslumanninn bylmingshögg með spýtu. "Eg er búinn að ná honum."

Matreiðslumaðurinn fékk annað högg og var rétt í þann veginn að fá það þriðja, þegar hann, óður af sársaukanum, sló beint fram undan sér með hnefanum. Höggið kom á mótstöðumann hans og var svo vel úti látið, að hann féll til jarðar. En hann komst undir eins á fæturnar aftur og réðst nú með hjálp konu sinnar, sem kom fáklædd út úr húsinu, á matreiðslumanninn. Þau komu honum undir sig og settu bæði kné fyrir brjóst honum, svo hann gat ekki hreyft sig. Og nú kom annar maður úr hinu húsinu og hann bætti öllum sínum þunga ofan á matreiðslumanninn, er hann fann auðan blett á honum og spurði svo hvað um væri að vera.

"Hann var að stela hænunum mínum," svaraði hian mäsandi. "Eg heyrði til hans rétt í tíma."

"Eg var ekki að stela hænunum þínum," svaraði matreiðslumaðurinn. "Eg vissi ekki að þær væru þarna inni."

"Það er best að taka hann inn í nótt," sagði sá, sem kom til að hjálpa hinum.

"Já, það er einmitt það sem eg var að hugsa um að gera. Vertu kyr, bannsettur þjófurinn þinn!"

"Stattu uppl!" sagði matreiðslumaðurinn í veikum rómi; "þú ert að drepa mig."

"Farðu með hann inn í húsið og settu hann í kúð í nótt, og svo skulum við fara með hann á lög-

reglustöðina í Winton á morgun," sagði nágranninn; "Þetta er einhver voða fantur."

Þeir þorðu ekki að láta matreiðslumanninn ganga, heldur háru hann inn í eldhúsið. Húsfreyja fór og kveikti á kerti og svo opnaði hún skúffu og rakti upp úr henni um tuttugu faðma langt snæri. Matreiðslumanninum fór ekki að líta á blikuna.

"Beztu og vissasti vegurinn," sagði nágranninn, "er sá, að binda hann við stól. Eg man eftir, að afi minn sagði okkur sögu af því, að þeir hefðu farið þannig með ræningja einu sinni."

"Já, það er víst bezt," sagði konan. "Það fer skár um hann í stól, þó að hann eigi það sannarlega ekki skilið."

Þeir settu vesalings matreiðslumanninn á þungan og sterkan eikarstól og reyrdu hann við hann þangað til hann gat varla dregið andann.

"Þegar afi minn var búinn að binda ræningjann við stólinn, sló hann hann í hausinn með spýtu," sagði nágranninn og leit grunsamlega á matreiðslumanninn.

"Þeir voru grimmir á þeim tímum," sagði matreiðslumaðurinn áður en húsbóndinn eða kona hans höfðu tíma til að svara.

"Láttu hann hafa sig hægan," sagði nágranninn, sem ekki var meir en svo ánægður með að hans ráð fékk ekki betri undirtektir.

"Eg held þetta dugi," sagði eigandi hænsnanna og þreifaði á böndunum, sem matreiðslumaðurinn var bundinn með. "Ef þú vilt gera svo vel og komast yfir um í fyrramálið, þá getum við fengið lánaðan vagn og flutt hann til Winton. Þetta er víst ekki eini glæpurinn, sem hann hefir á samvizkunni."

“Eg er þér samdóma um það,” sagði hinn.
“Góða nótt.”

Hann fór heim, en hjónin skoðuðu aftur böndin á matreiðslumanninum, hótuðu honum öllu illu, ef hann hreyfði sig, og slöktu svo ljósið og fóru að sofa.

Matreiðslumaðurinn sat lengi hreyfingarlaus og braut heilann um það, hvernig atvikin hefðu komið honum til þess að fremja einn glæpinna á fætur öðrum og hvað mikla hegningu hann myndi fá fyrir hverni þeirra. Hann heyrði mús tista á gólfinu. Yfirkominn af þreytu sofnaði hann loksins út frá þessum vandræðum sínum.

Hann vaknaði skyndilega og hélt að hann væri í hengirúminu sínu í hásetaklefanum á Hafsúlunni. Hann ætlaði að stökkva ofan á gólfið og hoppa á öðrum fæti til þess að ná úr sér sinadrættinum, sem hann fann að hann hafði í fætinum. Þá fann hann alt í einu hvar hann var og brautz um eins og hann gat til þess að reyna að rétta úr fætinum. Honum tókst að standa upp og staulast dálítið um á gólfinu með stólinn fastan við sig. Fyrst hugsaði hann um það eitt, að losna við sinadráttinn, og þegar það tókst fór honum að detta í hug, hvort ekki mundi mögulegt að strjúka. Hann varð að ganga hálfboggi vegna stólsins, en samt komst hann að dyrunum og tókst eftir tvær eða þrjár tilraunir að lyfta lokunni með tönnumum. Eftir fimm mínútur var hann kominn út úr garðshliðinu, og var svo heppinn að finna strax veginn.

En gangan varð honum svo erfið, sem vonlegt var, að hann settist niður aftur á stólinn, sem hann bar bundinn við sig, og fór að hugsa um hvort sér mundi undankomu auðið. Hræðslan gaf honum

byr undir báða vængi, þótt ekki væri greitt um ganginn; og þegar hann var kominn svo langt, að hann hélt að ekki heyrðist til sín, gekk hann aftur á bak upp að tré og barði stólnum við það í ákafa.

Með þessum hætti tókst honum að brjóta einn fótinn af stólnum, en næst þegar hann settist niður, þurfti hann að hafa sig allan við að halda jafnvæginu,

Ög svona hélt hann áfram þangað til komið var fram undir morgun. Þegar sólin var að koma upp, sat hann á miðjum veginum og bölvaði í hljóði Gething skipstjóra og öllu honum viðkomandi. En svo hrökk hann alt í einu við, því hann heyrði hratt fótatak á bak við sig, og þar sem honum var ómögulegt að snúa höfðinu við, stóð hann upp og sneri sér að komumanni.

Sá, sem á eftir honum kom, staðnæmdist alt í einu, þegar hann sá þessa fágætu sjón fyrir framan sig. Hann gekk fáein spor aftur á bak, eins og hann væri hálf hræddur. Tilsýndar hafði honum virzt matreiðslumaðurinn einhver sérvitur náttúrudýrkandi, sem sæti þarna og væri að fagna sólaruppkomunni; en nú vissi hann ekki hvort þetta væri heldur maður eða ófreskja.

“Góðan daginn, kunningi,” kallaði matreiðslumaðurinn með veikri röddu.

“Góðan daginn,” sagði hinn og færði sig enn fjær.

“Þú ert víst hissa á því,” sagði matreiðslumaðurinn, og reyndi að brosa, “að sjá mig svona.”

“Eg hefi aldrei fyr séð neitt líkt þessu,” svaraði maðurinn.

“Já, eg bjóst við því,” svaraði matreiðslumað-

urinn. "Eg er eini maðurinn á öllu Englandi, sem getur gert það."

Hinn sagðist vel geta trúað því.

"Eg er að gera það til þess að vinna veðmál," sagði matreiðslumaðurinn. "Eg er búinn að ganga svona alla leið frá Lundúnum."

"Nú, einmitt það," sagði maðurinn og varð léttbrýnn. "Eg hélt þú værir ekki með öllu viti. Hvað miklu veðjaðirðu?"

"Tvö hundruð og fimtíu dollurum," svaraði matreiðslumaðurinn.

"Ja, nú er eg alveg hissa," sagði hinn. "Upp á hverju skyldu þeir taka næst? Er það mikið lengra, sem þú þarft að fara?"

"Til Oakville," svaraði matreiðslumaðurinn. Hann nefndi nafnið á stað, sem hann hafði heyrt nefndan af hendingu. "Þangað átti eg að fara með stólinn; en eg finn að eg kemst þangað ekki. Viltu ekki vera svo vænn og skera snæri í sundur fyrir mig?"

"Nei, nei," sagði hinn í ávítunarrómi. "Þú mátt ekki gefast upp nú, þegar þú ert rétt kominn þangað. Þú átt ekki eftir nema seytján mílur."

"Eg verð að hætta hér," sagði matreiðslumaðurinn daufur í bragði.

"Láttu ekki hugfallast," sagði maðurinn. "Ef þig brestur ekki kjarkinn, þá verðurðu ánægður þegar veðmálið er unnið."

"Skerðu bandið," sagði matreiðslumaðurinn óþolinmóðlega. "Eg er búinn að vinna 200 dollara með því að komast hingað. Eg skal senda þér 50, ef þú vilt losa mig við stólinn."

Maðurinn hikaði enn; löngunin til að sjá veðmálið unnið og ágirndin börðust í brjósti hans.

“Eg á bæði konu og börn,” sagði hann loksins og tók um leið upp vasahníf. Hann studdi matreiðslumanninn með annari hendinni, og með hinni skar hann snærið, sem hann var bundinn með við stólinn.

“Þakka þér fyrir, kunningi,” sagði matreiðslumaðurinn og reyndi að rétta úr hryggnum á sér, þegar hann var laus við stólinn.

“Eg heiti Jack Tompson og á heima í Winchester,” sagði maðurinn.

“Eg skal láta þig fá 60 dollara,” sagði matreiðslumaðurinn, “og þú mátt eiga stólinn í ofanlag.

Hann tók í hendina á honum og hristi hana vimgjarnlega, svo hélt hann leiðar sinnar og flýtti sér sem hann gat. En hinn fór sína leið með stólinn og hitti hinn rétta eiganda hans, sem s-gði honum fá orð í fullri meiningu um það, að hann hefði ekki of mikið af viti til brunns að bera.

Matreiðslumaðurinn staðnæmdist hvergi, þótt hann væri bæði svangur og þreyttur. Hann var dauðhræddur um að sér yrði náð. Eftir einnar klukkustundar göngu áráðdi hann að spyrja dreng, sem var að plægja við veginn, til vegar, og hafði út úr honum dálitinn matarbita. Þegar hann kom á næstu hæð sá hann sjóinn, og þótti honum þá vænkast sitt ráð. Hann varaðist að missa sjónar af honum aftur og hélt svo áfram til Brittlesea. Um miðjan daginn sækta hann sér nokkrar brauðskorpur í húsi, sem hann fór fram hjá, og hélt svo áfram hressari en áður. Klukkan tíu um kvöldið kom hann til Brittlesea og læddist um borð eins hægt og hann gat. Þilfarið var mannlaut og ljós logaði í hásetaklefanum. Hann gægðist varlega ofan í hann og fór svo

niður stigann. Henry, sem sat þar og var að spila við Sam, varð svo bilt við, að hann velti um borðinu.

"Í guðs bænum, maður, hvar hefirðu verið allan þennan tíma?" spurði hann.

Matreiðslumaðurinn rétti úr sér og bandaði höndum hringinn í kring um sig. "Alstaðar," sagði hann þreytulega.

"Þú hefir setið að sumbli," sagði Sam og horfði æði fast á hann.

"Að sumbli!" át matreiðslumaðurinn eftir honum með áherzlu. "Að sumbli!" Svo setlaði hann að bæta einhverju við, en kom því aldrei út úr sér. Og hvernig sem Sam spurði, fékk hann ekkert meira upp úr honum. Matreiðslumaðurinn velti sér upp í fletið sitt og sofnaði undir eins.

FIMTI KAPITULI.

Klukkan fjögur næsta morgun lögðu þeir af stað. Þeir vöktu matreiðslumanninn klukkan hálf-fjögur og svo aftur dálftilli stundu síðar, og þegar það stoðaði ekki, drógu þeir hann fram úr fletinu til að reyna að koma honum í skilning um, að hann yrði að gera okyldu sína. En hann gerði ekkert annað en að skríða aftur í rúmið; hann opnaði einu sinni ekki augun, þótt þeir drægju hann tvísvar fram eftir það.

Þegar hann loksins vaknaði og kom upp á þilfar, voru þeir komnir þrjátíu mílur frá Brittlesea, og skonnortan skreið vel í þægilegum byr. Það var byr, sem stýrimaðurinn kundi sérlega vel við; og

hann var hátíðlegur á svipinn, þangað til hann kom auga á matreiðslumanninn, sem læddist eins og barinn hundur inn í klefa sinn.

"Komdu hingað, þorparinn þinn," grenjaði stýrimaðurinn. "Hvar hefirðu verið allan þennan tíma?"

"Eg hefi komist í mestu vandræði," svaraði matreiðslumaðurinn mjög auðmjúkur. "Þú getur ekki trúað í hvaða vandræði eg hefi komist, bara af því að eg reyndi að gera skipstjóranum greiða."

"Láttu þér ekki detta í hug að ljúga neimu að mér," sagði stýrimaðurinn í aðvörunarrómi. "Hvar hefirðu verið? Segðu mér það undir eins."

Matreiðslumaðurinn, sem enn var svo eftir sig eftir ferðalagið, að hann varð að styðja sig, byrjaði að segja frá öllu eins og það hafði gengið til. Því lengra sem hann komst, því meira varð stýrimanninum niðri fyrir og seinast var hann hættur að geta stýrt rétt. Matreiðslumaðurinn hélt, að þetta væri góðs viti og keptist við að segja söguna.

"Þetta er nóg," sagði stýrimaðurinn loksins.

"Eg er ekki kominn að því versta enn enn þá," sagði matreiðslumaðurinn.

"Ef þú stendur þarna lengur ljúandi," sagði stýrimaðurinn, "skal eg hálsbrjóta þig. Þú hefir verið blindfullur í tvo daga. Það er allt og sumt."

"Þetta er heilagur sannleikur," sagði hinn.

"Bíddu bara þangað til skipstjórinn kemur upp," sagði stýrimaðurinn og skók hnefann framan í hann. "Eg skyldi taka þér tak sjálfur, drengur minn, ef eg mætti fara frá stýrinu."

Skipstjórinn var alveg á sama máli og stýrimaðurinn, þegar hann heyrði söguna, og það gramdist matreiðslumanninum mest. Það var dregið af hon-

um tveggja daga kaup. Og ekki tók betra við í hásetaklefanum. Þar voru andmælin gegn sögu hans svo gífurleg, að honum blátt áfram blöskraði.

Þetta trúleysi félaga hans olli honum óárrar gremju. Hann hafði búist við að allir dáðust að sér fyrir hugrekki. Hann varð raunalegur á svipinn, og það var skoðað sem frekari sönnun fyrir því, að hann hefði verið drukkinn; þeir könnuðust við eftirköstin af reynalunni.

Þeir sigldu fram hjá Northfleet til bæjar, sem heitir Rotherhithe; því þeir voru með ýmsan varaning, sem þangað átti að fara. Í hvert skifti sem þeir sáu lögreglubát fara fram hjá sér, varð matreiðslumaðurinn svo dauðskelkaður, að þeir þóttust alveg vissir um, að hann væri svona eftir sig. Hann féket varla til að fara í land; og þegar hann loksins fór, var hann eins og maður, sem býst til að ganga út í eld og dauða.

Morguninn, sem þeir komu aftur til Northfleet, var rigning og leiðinda veður. Það hafði rignt alla nóttina og loftið var dökkgrátt og ömurlagt. Þeir ætluðu ekki að byrja að hlaða fyr en næsta dag. Henry og stýrimaðurinn gáfu hvor öðrum þýðingarmiklar bendingar með augunum, þegar skipstjórninn tók húfu sína að miðdagsverðinum afloknum og gekk upp bryggjuna.

Hann gekk upp í Grvaesend og labbaði þar um í hægðum sínum og horfði í búðargluggana, þrátt fyrir regnið. Hann hafði einhverja von um, að hann mundi hitta Önnu Gething þar. Það var frídagur frá kenslunni, og hvað var líklegra en að hún væri úti á hellirigningunni að ganga sér til skemtunar? Þegar klukkan var orðin fjögur, sá hann sér mundi hafa skjátlást þegar hann bjóst við að sjá

hana á gangi. Hann var orðinn rennvotur, svo hann skrapp inn í veitingahús til að fá sér hressingu, og sneri svo aftur til skipeins. Þegar hann var kominn spölkorn áleiðis, mætir hann stúlku og vék sér til hliðar til þess að lofa henni að komast fram hjá; en af gömlum vana leit hann inn undir regnhlífina hefnar um leið og sá að hún var engin önnur en ungfrú Gething. Hann var hálf kindarlegur, og hún staðsæmdiet; hann kastaði á hana kveðju og hún tók undir.

"Þetta er ljóta veðrið," sagði skipstjórinn.

"Það er afleitt," sagði hún.

"Mér stendur reyndar svona nokkurn vegna á sama," sagði hann.

"Þú hlýtur að vera orðinn mjög votur," sagði hún; "og þú ert líklega á leiðinni að finna móður mína."

"Já, eg var að hugsa um að heilsa upp á hana," sagði skipstjórinn og var feginn að geta brugðist einhverjum ósannindum fyrir sig.

"Eg þarf að koma í eina eða tvær búðir," sagði hún og kinkaði kolli glaðlega um leið og hún hélt áfram.

Skipstjórinn lyfti húfunni og sneri svo við til að heimsækja móður hennar. Hann leit við nokkrum sinnum, en hún, sem þekti karlmennina betur en hann kvenfólkið, leit ekki við.

Eftir nokkrar mínútur var hann kominn heim að húsinu. Hann hristi bleytuna af húfuskygninu um leið og hann barði hægt á dyrnar. Hurðin var opnuð af karlmanni, sem stóð kyr með hendina á handfanginu og horfði á skipstjórann, eins og hann vildi spyrja, hvaða erindi hann ætti þangað.

"Er frú Gething heima?" spurði skipstjórinn.

"Nei, hún er ekki heima þem stendur," svaraði hann.

"Eg ætla þá að bíða eftir henni ofurlitla stund," sagði skipstjórinn.

Hinn var á báðum áttum, en hliðraði sér samt til svo að skipstjórinn komst inn. Hana lét aftur hurðina og þeir gengu báðir inn í litlu stofuna. Skipstjórinn settist niður og fór að þurka bleytuna af þuxnaskálminni sinni með vasaklútnum.

"Eg er hræddur um, að frú Gething komi ekki strax heim," sagði maðurinn.

"Eg ætla að bíða í fimm mínútur," sagði skipstjórinn; en í rauninni hefði hann helzt viljað sitja þar í heila viku.

Hann þurkaði framan úr sér með klútnum og strauk skeggið með fingrunum. Hann horfði á hann á meðan eins og honum væri lítið um alt þetta gefið.

"Get eg ekki skilað neinun frá þér til frú Gething?" spurði hann þegar fimtán mínútur voru liðnar.

Skipstjórinn hristi höfuðið og fór nú að virða hinn manninn fyrir sér. Hann var fríður maður sýnum, með dökt vel snúið yfirskegg, silki hálsbindi, sem var nælt saman með stórri nælu. Hann var í frakka og með ljósbrúna skó á fótunum, sem voru mjög smáir.

Aðrar fimtán mínútur liðu.

"Það hefir rignu mikið í dag," sagði skipstjórinn, til þess að segja eitthvað.

Hinn játaði því og sagði, að frú Gething hefði líklega tafist vegna rigningarinnar. Svo sagði hvörugur meira þangað til fótatak heyrðist við dyrnar.

"Parna kemur hún," sagði skipstjórinn.

Hinn þagði, enda þurfti ekki að andmæla þessu, því ungrú Gething kom inn úr dyrunum.

"Er mamma ekki heima?" spurði hún, þegar hún kom inn í stofuna. "En hvað það er vel gert af yður að biðja," sagði hún og aneri sér að skipstjóranum.

"Það gerir ekkert til," svaraði skipstjórinn, sem fannst hann ekki eiga neitt hrós skilið fyrir það sem hann gerði.

Hún tók í hendina á hinum manningum og nefandi síðan nöfn þeirra til að gera þá hvorn öðrum kunnuga: "Herra Glover, Wilson skipstjóri."

Þeir gutu augunum hvor til annars og það ekki ástúðlega, og skipstjórinn hafði einhverja óþægilega tilfinningu um það, að hann væri þar til óþæginda. Ungfrú Gething fór fram fyrir og lagði frá sér hatt og kápu; svo kom hún aftur inn og fór að tala við þá. Báðum varð ofurlítið liðugra um málbeini eftir að hún kom inn, enda þurftu þeir ekki að tala beinlínis hvor við annan.

"Klukkan er hálf sex," sagði ungrú Gething aftur í einu. "Verður þú að ná í lestina klukkan hálf-sjö?"

"Já, eg má til með það," svaraði herra Glover ólundarlega. "Ariðandi erindi, eins og þú veizt."

"Þú verður að drekka bolla af te, áður en þú ferð," sagði hún.

Hún stóð rétt hjá honum, meðan hún var að tala. Skipstjórinn stóð nú upp og sagðist verða að fara. Hann varð meira en lítið hessa, þegar ungrú Gething leit til hans með augnaráði, sem ekki sýnt neitt annað en að hann setti að vera kyr.

"Þér drekkið te líka," sagði hún brosandí.

"Þakka yður fyrir," sagði skipstjórinn og settist niður aftur. Hann vissi ekki, hvað hann átti að hugsa, hann sat steinþegjandi meðan hún lét bolla

á borðið, kom með tekönnuna og settist sjálf við borðsendann.

"Skárta er það nú samsetið," sagði hún gleðlega. "Tekur þú einn sykurmola í bollann þinn, Glover?"

"Tvo," svaraði hann súr á svip.

Hún leit spyrjandi til skipstjórans með sykurtöngina á lofti.

"Þér skuluð ráða því," sagði hann hálf utan við sig.

Glover brosti með fyrirlitningarsvip og lyfti upp augnabrúnunum. Ungfrú Gething lét einn mola dotta ofan í bollann og rétti honum hann.

"Eg tek stundum einn mola og stundum tvo eða þrjá," sagði skipstjórinn eins og til þess að afsaka sig. "Mér stendur að heita má á sama."

"Það hlýtur þú að vera mjög gott að komast af við yður," sagði ungrú Gething.

"Mér sýnist helst eins og hann viti ekki of vel hvað hann vill," sagði hinn gesturinn í ósvífnum rómi.

"Eg veit það vel í sumu," sagði skipstjórinn.

Hann sagði þetta þannig, að hinn fór að brjóta heilann um, hvað það mundi vera, sem hann væri svo viss um. Hvorugur var skrafhreyfinn, og hefði ekki ungrú Gething haldið uppi samræðum, þá hefði maumast verið sagt orð meðan á tedrykkjunni stóð. Þegar klukkan var gengin tíu mínútur í sjö, stóð Glover upp nauðugur og sagðist verða að fara.

"Það er ekki mál rigning núna," sagði ungrú Gething, eins og hún vildi ýta honum af stað. Glover fór fram í ganginn og náði í hett sinn og regnhléf, svo kvaddi hann ungrú Gething með handabandi. Hænan kom aftur, átti í stofudyrnar og leit á skip-

stjórnann. "Att þú samleið?" spurði hann og reyndi að vera eins vingjarnlegur og hann gat.

"Nei," svaraði hinn dræmt.

Glover skelti hattinum ofan á höfuðið á sér sýnilega í vondu skapi og hneigði sig ofurlítið. Svo fór hann út.

"Eg býst við að hann nái í lestina," sagði skipstjórinn við ungfrú Gething, sem stóð og horfði á eftir Gething út um gluggann.

"Eg vona það," svaraði hún.

"Mér þykir slæmt, að móðir yðar er ekki heima," sagði skipstjórinn eftir langa þögn.

"Já, það hlýtur að hafa verið óttalega leiðinlegt fyrir yður hér," svaraði stúlkan.

Skipstjórinn stundi við og honum datt í hug hvort þessi Glover væri eins mikill klaufi í því að koma fyrir sig orðum eins og hann sjálfur.

"Þarf hann langt að fara?" spurði skipstjórinn.

"Til London," svaraði ungfrú Gething.

Hún stóð við gluggann og horfði ofan eftir götanna, eins og hún vildi sjá sem lengst, hvernig honum reiddi af.

"Jæja, eg held eg ætti ekki að tefja lengur," sagði skipstjórinn. Hann hélt að það væri óviðeigandi að hann stæði lengur við. Svo stóð hann upp og gekk fram í gangina, hún fylgdi honum til dyranna.

"Eg vildi eg hefði regnhlíf til að lána yður," sagði hún og svipaðist um.

"Það gerir ekkert til," svaraði skipstjórinn; "eg er bráðum orðinn þur aftur."

"Þur," sagði hún og lagði hendina á treyjuerni hans; þér eruð rennvotur. En það hugsunarleysi af mér að láta yður sitja svona."

"Þessi ermin er votari," sagði skipstjórinn, sem var farinn að læra af reynslunni að vera laginn í svörum. "Þessi er ágæt." Hann strauk hendinni niður hina ermina.

"Það er gott," sagði hún.

"En hér hefi eg blotnað töluvert," sagði skipstjórinn og kreisti hornið á treyjunni.

"Þér eruð allur votur og hefðuð ekki átt að sitja svona," sagði hún með alvörusvip. "Bíðið þér eitt augnablik. Eg ætla að fara og sækja handa yður yfirfrakka af föður mínum."

Hún hljóp upp á loftið og kom ofan aftur að vörmu spori með yfirfrakka og rétti honum hann.

"Þér verðið ekki votur í þessu, þó það rigni," sagði hún.

Skipstjórinn vildi fyrst ekki taka við yfirfrakka-
naum, en svo fór hann að fara í hann. Hún hjálpaði honum að komast í hann og horfði á hann með mestu ánægju meðan hann hnepti að sér yfirhöfnina. Svo opnaði hún dyrnar.

"Viljið þér beta móður yðar kveðju mína?" sagði hann.

"Já, með ánægju. Eg er viss um að henni þykir slæmt að hafa ekki verið heima, þegar þér komuð. Verðið þér lengi hér?"

"Líklega þrjá daga."

Hún hugsaði sig um.

"Hún verður ekki heima á morgun," sagði hún.

"Eg á erindi hingað upp í bæinn næsta dag. Ef eg geri ykkur ekki ónæði, þá ætla eg að koma við þá. Verið þér sælar."

Hann tók þétt í hendina á henni og hugsaði með sjálfum sér, hvort hann hefði ekki gengið full-langt. Um leið og hann kom út úr dyrunum, stakk hann

höndunum ofan í vasna á yfirhöfn Gethinga skipstjóra og gekk hugsaandi leiðar sinnar. Smátt og smátt reyndi hann að gera sér grein fyrir atvikunum, sem fyrir hann höfðu komið þessar síðustu klukkustundir.

"Hún vissi, þegar hún hittir mig, að móðir sína yrði ekki heima," sagði hann við sjálfan sig. "Hún vissi, að þessi Glover myndi verða þar, og þá skyldi maður halda — þeim hefir bara einnast eitthvað, og hún hefir verið þægileg við mig til þess að kvelja hann dálítið. Hann heimsekkir hana á morgun, þegar móðir hennar verður ekki heima."

Hann fór um borð í þungu skapi og afþakkaði um leið það sem Henry ætlaði að gæða honum á; svo hafði hann fataskifti og fór að reykja.

"Þú hefir blotnað," sagði stýrimaðurinn. "Hvar lékstu þennan yfirfrakka?"

"Kunningi minn lánaði mér hann," sagði skipstjórinn. "Þú manst, að eg bað þig að líta eftir manni, sem Gething heitir."

"Já, eg held svo sem að eg muni það," sagði stýrimaðurinn og varð hinn ákafasti.

"Láttu skipshöfnina vita, að verðlaunin fyrir að finna hann séu hækkuð um helming," sagði skipstjórinn og saug fast pípuna sína.

"Ef verðlaunin eru hækkuð, verður matreiðslumaðurinn hengdur fyrir morð eða eitthvað þess konar," sagði Henry.

Skipstjórinn svaraði ekki þessari athugasemd, en þegar boðin komu fram í hásetaklefsann, varð alt í uppnámi þar.

"Eg ætla að reyna nú," sagði Dick með áherzlu. "Verðlaunin eru sannarlega þess virði, að um þau sé kept."

"Eg vona bara að þú verðir ekki fyrir sömu útreið og eg varð," sagði matreiðslumaðurinn.

"Það sem við þyrftum að hafa," sagði feiti Sam, "er þetta, sem þeir hafa í borgunum; eg man nú ekki hvað það heitir, en eg meina þetta, sem þeir hafa þar."

"Kerru?" spurði matreiðslumaðurinn.

"Hvað ættum við svo sem að gera með kerru?" spurði Sam í fyrirlitningarrómi. "Nei, eg meina þetta, sem tekur margt fólk."

"Þú átt líklega við sporvagn," sagði matreiðslumaðurinn, sem ekki rendi nokkurn grun í við hvað hinn átti. "En þú sérð þó líklega sjálfur, að það er ómögulegt að fara með sporvagn um allt landið."

"Ef einhver spyrði mig að hvað þú værir, þá segði eg bara að þú værir asni," sagði Sam óþolinmóðlega. Eg meina þetta, sem fólk lætur peningana sína í."

Matreiðslumaðurinn ætlaði að fara stínga upp á eldspýtum eða einhverju öðru jafn fráleitu, en þá gaf Henry honum olubogaskot til merkis um að þegja.

"Hvað er það, sem þú ert að hugsa um?" spurði Dick; "hví talarðu ekki blátt áfram?"

"Af því eg get ekki munað, hvað það heitir," sagði Sam og var reiður; "en í þessu eru margir sam-
an og kaupa hluti."

"Það er hlutafélag, sem þú átt við," sagði Dick.

"Þarna komstu með það," sagði Sam, fegnari en frá megi segja.

"En hvaða gagn er í því?" spurði Dick.

"Það er gagn í því svoleiðis," sagði Sam, "að við göngum í félagið og skiftum svo á milli okkar peningunum, þegar hann er fundinn. Það væri hart

fyrir þig til dæmis, ef að eg kæmi og tæki hann frá þér, rétt þegar þú værir búinn að finna hann."

"Eg vil ráðleggja þér að reyna það ekki," sagði Dick.

"Þetta er ágæt hugmynd hjá þér, Sam," sagði matreiðslumaðurinn. "Eg verð með."

"Þú ættir að vera með líka, Dick," sagði Sam.

"Nei, eg þakka fyrir," sagði Dick. "Eg ætla að sé í peningana einn."

"Við verðum á móti því," sagði Sam. "Þú þekkir mig og matreiðslumanninn og drenginn."

"Bíddu við," sagði Henry. "Þú skalt ekki vera svo hárviss um að eg verði með; eg verð það ekki."

"Jæja þá," sagði Sam. "Það verða þá bara eg og matreiðslumaðurinn í — í — Hvað heitir það nú aftur, Dick?"

"Í hlutafélaginu."

"Já, eg og matreiðslumaðurinn, við erum hlutafélagið. Lof mér að taka í hendina á þér upp á það."

Þannig var félag myndað til þess að leita að Gething skipstjóra. Og þeir tveir, sem í því voru, héldu, að þetta væri eitthvað stórmerkilegt fyrirtæki og fóru að halda sig sér og hafa sem minst saman við féлага sína að sælda. Þeir fóru að halda leynifundi og keyptu sér leynilögregluspæjara sögu. Við að lesa hana fylltust þeir svo af æfintýra löngun, að það var alveg eins og þeir væru orðnir nýir menn.

Næsta dag vann skipstjórinn af kappi við að ferma skipið með mönnum sínum; hann hamaðist því meira, sem meira leið á daginn, eins og hugsunin um það, að keppinautur hans sæti á tali við ungfrú Gething ræki hann áfram. Þegar komið var fram undir kvöld, var hann hættur að hamast, og stýri-

maðurinn var búinn að hafa upp úr honum allt, sem hann kærði sig um að vita, og Henry, sem allt af þagði, var orðinn jafnfróður stýrimanninum.

"Það er gott fyrir þig, að þú átt skipið sjálfur," sagði stýrimaðurinn; þú getur farið hvert sem þú vilt. Hver veit nema hún lofaði hinum náunganum að fara ána leið, ef þú fyndir föður hennar."

"Það er ekki tilgangur minn með því," sagði skipstjórinn. "Eg vil finna hann, til þess að gera henni greiða."

Næst dag gekk hann á land, og augu allrar skipahafnarinnar horfðu á eftir honum svo lítið bar á. Henry hafði gert þeim aðvart. Fyrst lét hann rakara jafna á sér skeggið og svo fór hann að heimsækja frú Gething. Hún var heima og tók honum vel. Þegar hún heyrði, að öll skipshöfnin ætlaði að hjálpa honum til að leita, gaf hún honum aðra mynd.

"Gengur nokkuð að dóttur yðar?" spurði skipstjórinn, þegar honum hafði verið boðið að drekka tebolla. Hann tók eftir því, að gamla konan bar á borð að eins handa tveimur.

"Nei, nei, það gengur ekkert að henni," svaraði frú Gething. "Hún er farin til London. Hún á vini þar."

"Pennan Glover, víst," sagði skipstjórinn við sjálfan sig, eins og hann hefði fengið eitthvert illt hugboð. "Eg hittí einn af vinum ykkar hér í fyrradag," bætti hann við upphátt.

"Já, það var Glover," sagði frú Gething. "Hana hefir ágæta etöðu. Hann er mjög skemtilegur maður. Finst yður það ekki?"

"Já, hann er það víst," sagði skipstjórinn í hálfum hljóðum.

“Það er engin hætt á, að hann láti fara illa um hana,” sagði gamla konan með móðurlegri umbyggju. “Eg er viss um, að hann lítur vel eftir henni.”

“Ætla þau að gifta sig bráðlega?” spurði skipstjórinn. Hann vissi, að þetta var nærgöngul spurning frá hálf-ókunnugum manni; en hann gat ekki stilt sig um að spyrja hennar.

“Þegar maðurinn minn finst,” svaraði gamla konan og hristi höfuðið raunalega. “Hún giftir sig ekki fyr.”

Skipstjórinn ýtti frá sér bollanum og sat þegjandi til þess að hugsa um það, sem hún hafði sagt. Það var nógu góð ástæða til þess að hætta að leita að Gething skipstjóra. En eftir því sem hann hugsaði meira um það, fanst honum það vera ódrengilegt að hætta við það þess vegna, og hann af-réði með sjálfum sér að gera allt sem í sínu valdi stæði til að finna Gething, þrátt fyrir það þótt svona stæði á. Hann sat heila klukkustund og hlustaði á skraf gömlu konunnar, sem var ekki tiltakanlega skemtilegt. Svo kvaddi hann og fór um borð í Hafsúluna.

SJÖTTI KAPITULI.

Það hýrnaði heldur en ekki yfir matreiðslumanninum, þegar hann vissi, að Hafsúlan átti næst að sigla til lítillar hafnar, sem Cocklemouth heitir, vestan á Englandi, og koma við á leiðinni í Bymouth. Hann trúði Sam fyrir því, að það væri sér fagnaðar-afni. Hann bjóst við því að hann sem annar maður

í félaginu tryði sögu einni. Þeir voru öllum stundum saman í eldaklefanum og báru þar saman ráð ein yfir kartöflunum og matarflátunum. Sagan, sem þeir höfðu keypt, var full af leiðbeiningum; en það olli þeim eigi lítillar áhyggju, að Henry hafði náð í hana og undirstrikað með blýanti allar greinarnær, sem mest var á að græða.

Hlutafélagið varð fyrst til þess að komast í land, þegar Hafsúlan kom til Bymouth. Þeir höfðu komist að þeirri niðurstöðu, að gamall sjómaður gæti hvergi annars staðar verið á kvöldin en í einhverri drykkjukránni, og þeir ásettu sér að láta greipar sópa um þær allar.

"Það er langverst," sagði Sam á leiðinni upp í bæinn, "að maður skuli þurfa að drekka. Þegar eg er búinn að drekka fimm eða sex merkur af öli, þá sýnast mér allir vera alveg eins og myndin."

"Við megum ekki drekka," sagði matreiðslumaðurinn. "Við verðum að fara að öllu alveg eins og maðurinn í sögunni. Hefirðu tíu cent á þér?"

"Til hvers?" spurði Sam grunsamlega.

"Fyrir veltupeninga," sagði matreiðslumaðurinn, all-drjúgur yfir því, að geta komið með svona merkilegt orð.

"Það yrði fimm cent frá hvorum," sagði Sam og horfði á matreiðslumanninn eins og hann þyrði varla að trúa honum fyrir svo miklu.

"Nei, tíu cent frá hvorum," sagði matreiðslumaðurinn. "Veiztu hvað við eigum að gera fyrst?"

"Kasta út peningum," sagði Sam og dróg nauðugur tíu cent upp úr vasa sínum og rétti matreiðslumanninum þau. "En hvar eru þín tíu cent?"

Matreiðslumaðurinn sýndi honum þau, og Sam, sem hafði mist all-mikið af trausti sínu til manna

við það að lesa söguna, beit í peninginn til þess vita hvort hann væri ósvikinn.

"Við getum ekki farið inn í veitingahúsin eins og aðrir til þess að drekka," sagði matreiðslumaðurinn. "Við förum inn til þess að selja skóreimar, elveg eins og maðurinn í sögunni. Skilurðu nú?"

"Því ekki að reyna eitthvað fyrst, sem kostar ekkert?" spurði Sam. "Við gætum hlustað á það sem aðrir segja, eða er hvað sporin þeirra ötu löng. Það er rétt eftir þér að vilja fara í kostnað strax."

Matreiðslumaðurinn horfði á hann með þeim fyrirlitningaraugum, að hann varð fyrst dálítið órólegur og fór svo að ryðja úr sér skömmunum, og heimtaði loks peninga sína aftur.

"Vertu nú ekki að neinum aulaskap," sagði matreiðslumaðurinn. "Látta mig sjá um þetta."

"Og svo verð eg máské reyrður niður í stól eins og þú," sagði hinn.

Matreiðslumaðurinn lét sem hann heyrði ekki til hans og fór að líta eftir stað, þar sem hann gæti keypt skóreimar. Loksins kom hann auga á skóbb og fór og keypti reimar fyrir tuttugu cent.

"Hvað á eg að gera?" spurði Sam ólunderlega, þegar þeir voru komnir út aftur og matreiðslumaðurinn fékk honum nokkuð af reimunum.

"Þú þarft ekki að gera eða segja neitt," sagði matreiðslumaðurinn. "Þú þarft ekkert annað að gera en ganga inn og sýna reimarnar; og þú mælt þíggja í staupinu, ef þér er boðið það."

"Mér lízt hreint ekki vel á þetta," sagði Sam, eins og hann hefði illan grun á því sem á eftir kæmi.

"Þú kemur í allar krámar öðru megin við aðal-götuna, en eg sé um hinar," sagði matreiðslumaðurinn.

inn. "Og ef þú verður svoþá glaðlegur á svipinu, þá verðurðu ekki lengi að græða peninga."

Hann fór sína leið og varaði félagan sinn við þessu að drekka. Sam, sem var mjög óánægður með þessa aðferð, tók sinn hluta reimanna í aðra höndina og fór í áttina til dælitillar veitingahússkompu í næstu götu, þar sem nóg var um háreysti. Þar var svo troðfult inni, að honum félst alveg hugar, þegar hann kom inn fyrir dyrnar; en þá mundi hann ekki því sem matreiðslumaðurinn sagði honum, og fór að sýna reimarnar. Flestir veittu honum enga eftirtekt. Sá eini, sem talaði við hann, var rauðnefjaldur undirforingi úr sjóhernum. Hann setti glasið sitt á borðið hægt og gætilega, þegar Sam fór að hrista reimarnar framan í hann, og sagði nokkur orð, sem ekki voru neitt í áttina að bjóða honum til drykkju með sér.

Í næstu drykkjukrá mætti hann einhverjum mannvini, sem keypti af honum allar reimarnar. Þessi höfðingsskapur hafði svo mikil áhrif á Sam, að hann stóð og glápti á manninn og gat engu orði upp komið.

"Ekkert að þakka, kunningi," sagði hinn.

Sam var ekki sáinn á sér að fara og ná í nýjar birgðir af skóreimnum. Hann stakk nokkrum þeim í vasa sinn, en á hinum hélt hann í hendinni, og með þess flýtti hann sér inn í næstu krá.

Þar var margt manna inni. Hann bauð þeim varning sinn, en hélt honum ekki fast að þeim, heldur horfði gætilega í kring um sig, til þess að vita hvort hann gæti einakís orðið vísari um Góthús skipstjóra.

Stúlkan, sem bar fram drykkina, skipaði honum að fara út strax og hún kom auga á hann.

"Eg skal fara strax," sagði hann og skamanlaust sín svo hann roðnaði í framan. Hann var öðru vanur en því, að þannig væri við sig talað; þar sem hann var þektur í veitingahúsum, var honum sýnd öll viðeigandi virðing.

"Orðið fyrir einhverjum óhöppum, kunningi," sagði maður nokkur við hann um leið og hann sagði að fara út.

"Já, eg hefi ekkert að borða, sagði Sam, sem ekki var að huga um þótt ekki væri fult samræmi milli útlits síns og þess sem hann sagði.

"Seztu niður," sagði hinn og kinkaði kolli til veitingastúlkunnar, sem enn þá horfði fremur óvingjarnlegum augum á Sam.

Sam settist niður og þakkaði sínum sæla, að sér væri þó leyfilegt að þiggja í staupinu hjá öðrum. Þakklætis og gleðisvipur breiddist yfir andlit-ið á honum, þegar þessi nýi vinur hans kom aftur til hans með merkur könnu af öli og hálfan brauðhleif.

"Gerðu þér gott af þessu, kunningi," sagði maðurinn og rétti honum brauðið. "Og það er meira til, þegar þetta er búð."

Hann settist niður andspænis honum og horfði á hann narta í brauðið, meðan hann drakk sjálfur langan teig úr könnunni. Hann tók eftir því, að Sam, sem þóttist vera dauð-hungraður, át ekki brauðið með góðri lyst, sem hlaut að koma til af því, að hann vildi forðast að borða of mikið fyrst í stað.

Sam reyndi að gera eins og fyrir hann var lagt, en hann gat ekki stilt sig um að renna augunum ýmist til ölkönnunnar eða til dyranna. Svo stóð hann

upp, þakkaði fyrir sig og sagðist ætla að fara með það sem eftir væri heim til konu sinnar og barna.

"Vertu ekkert að hugsa um þau," sagði velgerðamaður hans. Borðaðu þetta sjálfur, og eg skal gefa þér tvö brauð til að fara með heim til konunnar og barnanna."

"Eg er þér svo þakklátur, að eg get ekki borðað," sagði Sam og færði sig nær dyrunum.

"Hann á við, að hann komi ekki meiru ofan í sig," sagði rödd, sem Sam kannaðist vel við. Hann sneri sér við til þess að sjá hver það væri, sem talaði, og kom þá auga á Henry og Dick, sem sátu þar skammt frá.

"Hann var úti á ekipinu hjá okkur í dag," hélt Henry áfram og benti með fingrinum á Sam, sem hafði orðið að setjast niður aftur. "Við gáfum honum nóg að borða, en þegar hann var búinn að éta, komst hann í burtu svo enginn vissi af og það í fötum af einum af okkar mönnum."

"Þetta er alveg satt," sagði Dick og kinkaði kollli til þeirra, sem hjá stóðu. Honum þótti vænt um að geta strítt féllaga einum.

"Já, í fötum af einum okkar manna, sem Sam heitir. Og þessi Sam er fyrirtaks maður."

"Já, allra besta grey," sagði Dick.

"Stór maður og myndarlegur," hélt Henry áfram; "og þessi náungi situr í fötunum hans."

Þeir sem hjá stóðu, horfðu á Sam, sem sat höggdofa og hlustaði á þetta hól um sjálfan sig, er reyndar átti ekki sem best við nú. Annar mótstöðumaður hans stökk upp á því, að hann væri strax látinn ekkla aftur fötunum. Hinir féllust á það og nokkrir þeirra þryptust utan um Sam.

Þegar veitingastúlkan sá hvað verða vildi, skýrði hún þeim að fara út.

Þeir ruddust út í einni þvögu, og Sam barðist um sem óður væri í miðri þvögunni. Hann nærði mætti um koll þremur hermönnum, sem fram hjá gengu. Tveir þeirra voru frakir. Og út af öllu þessu varð svo mikill gauragangur, að fjórir lögsöglumenn urðu að skakka leikinn. Sam, sem gat laumast í burtu, meðan á mestu ósköpunum stóð, beið ekki boðanna, heldur hljóp sem fætur toguðu, hálreiður við féлага sína, og létti ekki fyrir en hann var kominn langt í burtu þaðan, sem allur þessi gauragangur átti sér stað.

Hann vildi með engu móti bregðast matreiðslumanninum, en honum fanst að hann ætti skilið að gæða sér á mörk af öli og gerði það svikalaut. Svo labbaði hann fram og aftur í hægðum áinuma góða stund og var að hugsa um það með sjálfum sér, hvort hann ætti að halda áfram leitinni eða fara aftur um borð. Hann afréð að láta ekki óskammsfeilni Dicks og stráksins hafa of mikil áhrif á sig og fór inn í næstu veitingastofu, sem hann kom að. Hún var langt um finni en þær, sem hann hafði komið í áður. Tveir eða þrír vel búnir menn sátu þar inni. Þeir hristu höfuðin, en voru samt mjög kurteisir, þegar hann bauð þeim reimarnar; og er hann ætlaði að fara út aftur, mætti hann stórum svartseggjuðum manni í dyrunum.

"Þetta er lítilfjörleg atvinna," sagði maðurinn og leit á reimarnar.

"Já," sagði Sam auðmjúklega.

"Það lítur samt út fyrir, að þú lifir góðu lífi á því," sagði maðurinn byrstur.

"Já, en það er nú ekki meira en að eynast," sagði Sam.

"Þú drekkur, býst eg við," sagði hinn.

"Hvenær smakkaðirðu mat seinast?" spurði hann.

"Í gærmorgun," svaraði Sam.

"Hefirðu lyst á nokkru núna?"

Sam brosti ánægjulega og fékk sér sæti. Hann eyrði að þessi nýi vinur hans bað um öl, og hann fór að þurka sér um munninn með handarbakinu og reyna að hugsa um eitthvað sem hann ætti að segja um leið og hann drykki það. En hann vissi ekki hvað hann átti af sér að gera, þegar hinn kom með stórt stykki af brauði og rétti að honum.

"Hérna, góðurinn minn," sagði maðurinn vngjarnlega, "nærðu þig á þessu."

Sam tók við því, og reyndi að stinga því í vasa sinn. Hann stamaði einhverju út úr sér um það, að hann ætti börn heima.

"Borðu þetta og eg skal gefa þér meira til að fara með heim handa þeim," sagði velgerðamaðurinn.

Sam misti brauðið úr höndunum á sér ofan á gólfid. Einhver, sem hjá stóð tók það upp, þurkaði af því með erminni og rétti Sam það.

"Haltu áfram að borða það," sagði sá, sem brauðið hafði gefið og saup á ölkönnurfi sinni.

"Eg get það ekki, fyr en börnin eru búin að fá eitthvað," sagði Sam.

"Þú verður annað hvort að éta brauðið, eða eg sæki lögregluþjón og læt taka þig fastan," sagði hinn og byrsti sig. "Eg þykist sjá, að þú sért einhver svikahrappur. Hefirðu nokkurt leyfi til þess að reka verzhun?"

Sam, sem var orðinna dauðhræddur við þessar hótanir, beit stóran bita af brauðinu og reyndi að gleypa hann. Hann náði sér í vatn og drakk það og svo át hann nokkra bita í viðbót.

"Haltu áfram," skipaði hinn.

"Nei," sagði Sam. "Heldur læt eg drepa mig, en að éta meira."

Hinn stóð upp og gekk fram að dyrunum; þar kallaði hann á lögregluþjón fyrir utan og bað hann að koma inn.

Sam stóð með brauðið í hendinni. Inn um dyrnar komu Dick og Henry. Þeir hristu höfuðin og horfðu á Sam ein's og þeir vorkendu honum að hafa komist í þessa klípu. Maðurinn, sem hafði gefið honum það, settist niður og ætlaði að springa af hlátri. Sam, sem nú sá að á sig hafði verið leikið, kastaði brauðstykkinu í Henry og flýtti sér að komast út. Hann gekk niður götuna og í gremju sinni kastaði hann í burtu skóreimunum og ásetti sér að fást aldrei framar við neitt af þessu tagi.

"Hvernig gengur það, Sam?" var kallað til hans hinum megin af götunni.

Sam hristi höfuðið og þagði.

"Þú hefir verið að drekka núna," sagði matreiðslumaðurinn og kom yfir götuna til hans.

"Nei, eg hefi ekki verið að því," sagði Sam. En þá datt honum alt í einu lymskubragð í hug og hann tók í handlegginn á matreiðslumanninum.

"Það er veitingahús hér skamt frá," sagði hann og þar er maður, sem eg er ekki alveg viss um nema geti verið hann. Hvernig væri, að þú færir þangað og litir á hann?"

"Hvar er það?" spurði matreiðslumaðurinn, sem ekki grunaði að hér væri neitt á seiði.

Sam fylgdi matreiðslumanninum glaður í huga þangað sem hann hafði orðið fyrir síðustu skaprauninni. Hann beið þangað til matreiðslumaðurinn var kominn inn og stóð svo á hleri við dyrnar.

"Hví tala þeir ekki hærra?" sagði hann, er hann heyrði lágt skraf fyrir innan. Hann hlustaði, en heyrði ekki orðaskil og hann ætlaði rétt að fara að opna hurðina og gægjast inn, þegar hann heyrði hlátur mikinn. Hver hláturskviðan rak aðra, þangað til húsið skalf og innan um það alt saman heyrðist rödd matreiðslumannsins. Ánægjusvipur breiddist yfir andlitið á Sam meðan hann var að hugsa sér hvað um væri að vera fyrir innan.

"Hættið þið þessu," bað matreiðslumaðurinn í veikum rómi.

Aftur var hlegið, og Sam brosti.

"Ætlið þið að drepa mig?" hljóðaði matreiðslumaðurinn.

"Það er ekki nema rétt, að þú fái það sama og eg, drengur minn," sagði Sam við sjálfan sig.

Aftur var hlegið og nú heyrðist honum ekki betur, en matreiðslumaðurinn væri að hlæja með hinum. Hann hlustaði alveg forviða út af þessu, og nú heyrði hann greinilega rödd matreiðslumannsins, sem sagði: "Aumingja Sam, eg vildi að eg hefði séð hann."

Nú var honum nóg boðið. Hann hélt niðri í sérí andanum og læddist í burt á tánum. Hlátraököllin ómuðu enn í eyrum hans. Hugsanir hans voru allar á ringulreið, en tvent varð efst í huga hans og varð að föstum ásetningi: Fyrst, að leysa upp hlutafélagið, og þar næst að ná sér niðri á matreiðslumanninum. Með þennan ásetning í huga komst hann upp í rúmfletið sitt og gleymdi raunum

sínum í værum blundi. Svo vært svaf hann, að hinir gátu með engu móti vakið hann, þegar þeir komu um borð, þangað til að Henry, sem alt af hafði ráð undir hverju rífi, tók brauðsneið og fleygði henni framan í hann. En eftir það urðu þeir að vera reiðubúnir að verja líf sitt, það sem eftir var næturinnar.

SJÖUNDI KAPITULI.

Sam tók engan þátt í leitinni í Bymouth eftir þetta. Hann hélt sig að mestu leyti á skipinu meðan þeir stóðu þar við og vildi heldur reykja pípu sína þar í næði, en að hitta hina og þessa gárunga í landi, sem föluðu af honum skóreimar. Hann talaði ekki orð við félagi sína og þáði einu sinni ekki í pípu hjá matreiðslumanninum fyrir en þeir voru komnir til Cocklemouth.

Cocklemouth er lítil og afskekt höfn í Wales. Þegar stór skip koma inn á höfnina, þyrpast allir íbúarnir saman niðri í fjörunni til að horfa á, og skipstjórnarnir á smáskútunum reka höfuðin upp úr káetudyrnunum og grenja hver í kapp við annan og spyrja hvar þau ætli að leggjast. Og þótt enginn hætta sé á ferðum, rjúka þeir til að hengja mottur út yfir borðstokkana til þess að hlífa við árekstrinum.

“Við finnum hann ekki hér,” sagði Sam við matreiðslumanninn; hlutafélagið sat á þilfarinu fyrsta kvöldið, sem Hafsúlan lá á höfninni, og horfði á fáeinar ljóstýrur, sem komu í ljós á landi uppi, þegar fór að dimma. “Þetta er afskekt hola.”

“Eg er orðinn beldur vonkítill um að við finnum hann nokkurn tíma,” sagði matreiðslumaðurinn.

“Eg skyldi alveg hætta við það,” sagði Sam, “ef eg væri ekki hræddur um, að Dick eða strákurinn fyndu hann.”

“Ef nokkur finnur hann, þá verður það skipstjórinn sjálfur,” sagði matreiðslumaðurinn í hálfum hljóðum, því rétt í því gekk hann fram hjá þeim á leið í land. “Hann fer á lögreglustöðvarnar með myndina af honum og spyr eftir honum þar. Og hvaða tækifæri höfum við til að finna hann, þegar hann er búinn að því?”

Sam hrísti höfuðið, og svo þegar hann hafði setið góða stund þegjandi, fór hann í land með matreiðslumanninum og drakk þangað til hann var búinn að missa alla von. Í þessu ástandi fyrirgaf hann öllum mótgerðir þeirra við sig, og svo litla von hafði hann um framtíðina, að hann bjó til erfðaskrá sína, en hún var í því fólgin, að hann gaf Dick hníf sinn og Henry nokkur cent í peningum. Vandræðin, sem hann komst í daginn eftir, þegar hann heimtaði gjafirnar aftur, sýndu honum bezt, hversu lágt maðurinn getur fallið.

Næsta dag var veður bjart og fagurt, og Sam varð ögn glaðari í skapi þegar hann var búinn að borða morgunverðinn. Hann heyrði klukku þringja í turninum á ofur lítilli kirkju uppi í bænum og sá tvær stúlkur ganga eftir bryggjunni, með sálmabækur í höndunum; á eftir þeim gengu tveir piltar bókarlausir. Þetta minti hann á, að það væri sunnudagur.

Skipstjórinn, sem var sem óðast að breyta háttum sínum, hlýddi kalli klukkunnar. Stýrimaðurinn

gekk þrjár mílur sér til heilsubótar; en hásetarnir sátu á þilfarinu og horfðu á matreiðslumanninn undirbúa miðdegismatinn og réttu honum hjálparhendur við og við. Þegar þeir voru búnir að borða, klæddu þeir sig í sparifötin og gengu á land.

Dick fór fyrstur. Hann hafði tekið með sér myndina af Gething skipstjóra, sem hann hafði fengið að láni hjá skipstjóranum til afnota fyrir þá alla. Hann gekk upp í bæinn; en þegar hann sá, að öll veitingahús voru lokuð og göturnar þvínær mannlausear, félt honum hugur, svo hann sneri við og hélt aftur í áttina til hafnarinnar. Hann hitti aldraðan alvörugefinn mann og gaf sig á tal við hann. Fyrst talaði hann um veðrið og tóbak og aðra hluti, sem tungu hans voru tamar. Svo dró hann upp myndina og sýndi honum hana og sagði honum frá Gething skipstjóra.

“Eg hefi séð mann, sem þessi mynd er mjög lík,” sagði þessi nýi kunningi Dicks, þegar hann var búinn að skoða myndina vandlega.

“Hvar?” spurði hinn ákafur.

“Eg segi ekki, að það sé sami maðurinn,” sagði maðurinn hægt og gætilega og rétti Dick myndina; “en ef það er, ekki sami maðurinn, þá er það bróðir hans.”

“Hvar?” spurði Dick aftur, dálítið óþolinmóðlega.

“Eg veit ekki, hvort eg ætti að skifta mér nokkuð af þessu,” sagði hinn. “Það kemur mér ekkert við.”

“Þú hefðir máské ekkert, á móti að fá þóknun fyrir greiðann,” sagði Dick.

“Ónei, ekki hefði eg nú neitt á móti því,” sagði

maðurinn um leið og hann tók við peningi, sem Dick rétti að honum, og stakk honum í vasa sinn. "Hann á heima í Piggots Bay."

"Og hvar er það?" spurði Dick.

Maðurinn benti á götuslóða, sem lá út með sjónum.

"Fylgdu þessum vegi eins krókalítið og þú getur," sagði hann.

"Hvað langt?" spurði Dick.

"Það er nú misjafnt," sagði maðurinn, "eftir því hverjir það eru, sem fara þangað. Sex mílur, skulum við segja."

Dick sagðist heldur vilja, að það væri ekki nema þrjár mílur.

"Nú, jæja þá, stuttar sex mílur," sagði maðurinn brosandi. "Og vertu nú sæll og gangi þér eftir óskum."

"Vertu sæll," sagði Dick og lagði óðara af stað.

Til allrar óhamingju fyrir Dick, höfðu þeir Sam og matreiðslumaðurinn séð hann á tali við manninn. Þeir höfðu gengið á eftir honum, án þess að hafa í hyggju að leita að Gething skipstjóra. Þeir vildu samt vita hvað vðæri á seiði og náðu karlum, og þegar þeir voru búnir að leggja nokkrar spurningar fyrir hann urðu þeir þess áskynja, hvers vegna svona mikill asi var á Dick, þegar hann skildi við hann.

"Hvert fór hann?" spurði Sam.

"Ef þið farið á eftir honum," sagði maðurinn og benti á eftir Dick, sem nú var að komast upp næstu hæð út með sjónum, "þá komist þið þangað jafnsnemma og hann."

Þeir hættu við að labba um í hægðum sínum,

eins og þeir höfðu ætlað sér að gera og hálða á eftir Dick. Þeir gættu þess vandlega, að vera négu langt á eftir honum, svo að hann yrði þeirra ekki var. Veðrið var heitt og vögurinn, sem fylgst lá uppi á hæðunum eða utan í þeim, var slæmur; þar hafði verið lítið um vegabætur. Engina smáur sást á ferð eftir honum og engin lifandi skepna var sjáanleg nema nokkrar kindur, sem voru að kröppa grasið með fram veginum og hlupu í hurtu þegar mennirnir komu nálægt þeim, og nokkrir máfar, sem flögruðu yfir höfðum þeirra.

"Við verðum að komast þangað á undan þónum," sagði Sam og fetaði sig varlega áfram eftir grýttum veginum.

"Hann mundi sjá okkur, ef við reyndum að hlaupa eftir fjörinni," sagði matreiðslumaðurinn.

"Við getum ekki hlaupið á mölinni," sagði Sam. "Og hvaða gagn er í að koma þangað rétt í tíma til að sjá hann finna Gething skipstjóra?"

"Við verðum að sæta lagi," sagði matreiðslumaðurinn.

Sam stundi.

"Og nota fyrsta tækifæri sem gefst," hélt matreiðslumaðurinn áfram. Hann var óánægður yfir því, að félagi sinn skyldi ekki vera ákafari en hann var.

Þeir héldu áfram æði langa stund, þótt Sam kvartaði mikið um hitann og þurkaði svitana af enninu á sér.

"Hann ætlar ofan í fjöruna," sagði matreiðslumaðurinn allt í einu. "Hertu þig nú Sam og þá komumst við fram hjá honum."

Sam herti sig allt sem hann gat, en þegar hann kom þangað sem Dick hafði beygt út af veginum,

fleygði hann sér niður í grasið gapandi af mæði. Hann hrókk saman við það, að matreiðslumaðurinn rak upp undrunaróp.

"Komdu, Sam," sagði matreiðslumaðurinn. "Hann ætlar að fara að synda."

"Þeir færðu sig fram á klettabrúnina, sem var fyrir ofan fjöruna, og litu niður fyrir sig. Dick hafði farið úr fötunum, sem lágu saman vafin í böggli skamt fyrir neðan þá, en var sjálfur kominn miðja leið út yfir sandinn til þess að fá sér bað.

"Komdu nú," sagði matreiðslumaðurinn á þolinmóðlega; "nú getum við komist á undan honum."

"Eg skyldi hlæja," sagði Sam, "ef einhver stæli fötunum hans"; og hefndarhugurinn skein út úr orðunum.

"Það væri alveg rétt af okkur að gera það," sagði matreiðslumaðurinn. "Við hefðum þá tíma til þess að svipast um þarna í Piggots Bay."

"Við skulum ekki stela þeim, bara fela þau undir steininum," sagði Sam. "Við skulum kasta hlutkesti og sjá hver verður fyrir því að gera það."

Matreiðslumaðurinn barðist ofurlitla stund við freistinguna.

"Það er ekki nema meinlaust gaman," sagði Sam. "Dick mundi skelli hlæja að því sjálfur; ef það væru föt einhvers annars." Hann kastaði peningi upp í loftið og bað matreiðslumanninn að kjósa aðra hliðina. Hans hlið kom upp, og Sam skipaði honum að flýta sér að fela fötin.

Matreiðslumaðurinn klöngraðist niður og faldi fötin í snatri, hó ekki án þess að líta við og við í áttina þangað sem Dick var. Svo flýtti hann sér

upp aftur til félaga síns, sem var mjög hróðugur yfir þessu bragði.

"Það dugar ekki að gefa eftir," sagði matreiðslumaðurinn, þegar þeir voru komnir af stað. "Hann vildi ekki ganga í félagið."

"Hann vildi ná í alla peningana sjálfur," sagði Sam í vandlætingarrómi.

"Þetta kennir honum máské að vera ekki eins ágjarn næst," sagði matreiðslumaðurinn. "Eg tók vel eftir, hvar eg faldi fötin, ef hann skyldi ekki finna þau sjálfur. Það hefðu ekki allir gert það í mínum sporum."

Þeir héldu enn áfram heila klukkustund. Þá komu þeir að ofurlitlu fiskiþorpi, sem stóð við dálitla vík. Tvær eða þrjár smáskútur lágu við einu bryggjuná, sem var þar, og nokkur sparibúin börn, sem voru að reyna að óhreinka sig, voru á gangi fram á bryggjunni.

"Þetta hlýtur að vera staðurinn," sagði Sam. "Hafðu nú augun opin."

"Hvað heitir þetta þorp?" spurði Sam gamlan fiskimann, sem þeir hittu.

"Steinbryggjuhverfi," svaraði fiskimaðurinn.

Gleðisvipurinn, sem verið hafði á andliti Sams, hvarf alt í einu. "Hvað er langt héðan til Piggots Bay?" spurði hann.

"Hvert?" sagði maðurinn, tók út úr sér pípuna og horfði undrandi á Sam.

"Til Piggots Bay," endurtók Sam.

"Þið eruð þó ekki á leiðinni þangað?" spurði hinn.

"Og hví skyldum við ekki vera á leiðinni þangað?" sagði Sam í styttingi.

Í stað þess að svara skelti karl á lærið og atakk

pípunni upp í annað munnvikið, en með hinu hló hann mjóróma skríkjuhlátur.

"Viltu gera svo vel og svara, þegar þú ert búinn að hlæja?" sagði matreiðslumaðurinn með talsverðri þykkju.

"Já, en eg er nú ekki búinn að því enn þá", sagði karl, tók út úr sér pípuna og hló með öllum munninum. "Þeir eru að leita að Piggots Bay, Jói," sagði hann og sneri sér til tveggja fiskimanna, sem höfðu bæzt við í hópinn.

"Það er ekki óskemtilegt ferðalag," sagði Jói og var æði brosleitur. "Komið þið langt að?"

"Frá Cocklemouth," sagði Sam, sem ekkert skildi í því, hvers vegna þeir svöruðu svona. "Að hverju eruð þið að hlæja?"

"Það er enginn staður hér til með því nafni; það er að eins haft að orðtaki hér um slóðir," svaraði maðurinn.

"Hvað segirðu?" sagði Sam, sem ekki vissi hvað þetta þýddi.

"Það er bara nafnið og ekkert annað," sagði hinn og leit til kunníngja síns.

"Eg skil þig ekki almennilega," sagði matreiðslumaðurinn. "Hvernig getur það verið ein-tómt nafn?"

"Það stendur þannig á því," svaraði fiskimaðurinn, "að hér var einu sinni skipstjóri, sem hét Piggott. Hann var skríttinn náungi, og einu sinni viltist hann á siglingu og lenti til Suður-Ameríku—var það ekki þangað sem hann lenti, Jói?"

"Jú, það held eg," svaraði hinn.

"Hann hélt að hann hefði fundið nýja eyju," hélt fiskimaðurinn áfram, "og hann fór þar í land og dró upp brezka flaggið og nefndi staðinn þar

sem hann lenti Piggotts Bay, eftir sjálfum sér. Þetta er sagan eins og skipshöfnin hans sagði hana, þegar þeir komu til baka. Og við herna höfum það ef-
an að orðtaki, að menn séu á leiðinni til Piggotts Bay, þegar þeir yta ekki hvert þeir eru að fara. Það er alt af hlegið að því hér í kring."

Hann fór aftur að hlæja, og Sam var skapi næst að ráðast á hana, en þorði það ekki. Hann lagði því af stað á eftir matreiðslumanninum, sem ekki beið boðanna, þegar hann heyrði hvernig komið var. Þegar þorpið var að fara í hvarf á hafi við hæðina, sem þeir voru að staulast yfir, létu þeir til baka, og þeim sýndist ekki betur en að allir þorpsbúarnir væri komnir saman í einn hóp og væru enn að hlæja að þeim.

Til þess að vera vissir um að komast ekki í lífshæska á leiðinni, lögðu þeir leið sína langt frá sjónum; þeir kusu heldur að ganga einni eða tveimur mílum lengra, en að mæta Dick. Þeir töluðu fast á leiðinni og þrömmuðu þungslalega þyrstir og þreyttir eftir rykugum veginum.

Þeir komu til Cocklemauth klukkan sjö um kvöldið. Henry var einn um þorð í Hafsalunni. Með smjadyrðum og hóli gáta þeir fengið hann til þess að hita sér te.

"Hvar er Dick?" spurði Sam, eins og hann vissi ekkert um hvað honum leið, um leið og hann sýraði teið úr bollarum.

"Eg hefði ekki séð hann allan á hádegi," svarar drengurinn. "Eg hélt hana væri með ykkur."

Sam hrísti höfuðið og þegar hann var búinn að dreicka úr bollarum fór hann með matreiðslumanninum upp á þáttar. Þar lögðust þeir báðir niður og teygðu úr sér eins og þeim var unt. Hver-

ugur þeirra hreyfði sig fyr en klukkan níu. Þá litu báðir í áttina sem Dicks var von úr, og fóru svo niður til þess að sofa.

Peir létu ljósið loga á lampanum, sem var heldur en ekki gleðisefni fyrir Henry, er var að lesa í bók, og þegar þeir heyrðu klukkuna slá tíu litu þeir hvor til annars, eins og þeim væri ekki farið að standa á sama um það, hvað lengi Dick dveldist þar sem þeir skildu við hann. Þeim fannst, að þeir hefðu ef til vill sýnt helzt til málka eigingirni. Hálfum klukkutíma síðar heyrði Henry fótatak á þilfarinu og áður en hann hafði tíma til að átta sig og láta undran sína í ljós, henti Dick heldur fáklæddur ofan í klefann og snaraði sér upp í flet sitt.

"Dick", kallaði hann upp yfir sig. "hvað hefir komið fyrir?"

"Þegiðu!" sagði Dick; "hafi eg nokkurn tíma komist í hann krappan, þá er það nú."

"Eg er alveg steinhissa á þér," sagði Henry, "að koma um borð svona til reika."

"Ef þú segir eitt einasta orð um það, þá skaltu siga mig á fæti," sagði Dick. "Eg hefi aldrei komist í annað eins, aldrei."

"Hvar eru fötin þín, maður?"

"Peir máake vita það," sagði Henry. "Mér eftir rétt fyrir ofan flæðarmálið og fór að synda; en þegar eg kom í land aftur, voru þau horfin. Og þarna hefi eg setið í kaldri mölinni síðan klukkan þrjú í dag, og ekki nokkur lifandi maður hefir komið nálægt mér. Þetta er í fyrsta skifti, sem eg hefi reynt að leita að þessum skipstjóra, og það skal líka verða það síðasta."

"Svo þú hefir verið að leita að honum? Eg

sagði þetta, að þið munduð komast í einhver vand-
ræði út af því.”

“Þú veizt meira en þú ættir að vita,” nöldraði
Dick, “en þú þarft ekki að hafa orð á þessu við
hina.”

“Vegna þess eg segi, að þá varði ekkert um það,
og það ætti að vera nóg ástæða!”

Þeir mættu ekkert um þetta vita, og hótaði öllu illu,
sýnist Sam ekki sofa mjög fast.”

Dick stóð upp og gætti að því hvort Sam og
matreiðslumaðurinn svæfu. Svo endurtók hann, að
þeir mættu ekkert um þetta vita, og hótaði öllu illu,
ef út af boðum sínum væri brugðið í því efni, og fór
svo sjálfur að sofa. Sjálfur mintist hann ekkert á
leyndarmál sitt næsta dag; en á þriðjudagsmorgun-
inn fann hann fötin sín vafin saman í böggul á þil-
farinu, og þá gat hann ekki orðabundist. Hann
sagði bæði Sam og matreiðslumanninum frá því
hvað fyrir sig hefði komið, og honum varð strax
hlýrra í huga til beggja þegar hann sá, að þeir reyndu
ekki að gera gys að honum fyrir vandræðin, sem
hann hafði komist í. Hvorugur þeirra brosti að
honum og hvorugur sýndi nokkra hluttekningu, þeir
hlustuðu á hann eins og þeim stæði á sama um það
sem hann var að segja, og svo hölluðu báðir sér út
af þilfarinu og fóru að sofa; og þeir sváfu hvenær
sem þeir höfðu frístund til þess, allan þann dag.

ATTUNDI KAPITULI.

Hafsúlan lá í Cocklemouth höfn næstu þrjá
daga og Dick komst að raum um, eftir að hafa lagt
land undir fót aftur, hvar Piggotts Bay væri í raun

og veru að finna. Þetta, í viðbót við það sem áður var komið, hefði líklega ríðið honum að fullu, hefði ekki ofurlítill huggun komið rétt þegar vonbrigðin voru sárust.

"Mér finnst, Sam," sagði hann um morguninn, "að eg hafi verið dálítið ósanngjarn með þetta hlutafélag, eða hvað þið kallið það."

"Þú getur gert eins og þér sýnist með það," svaraði Sam.

"En það er betra seint en aldrei," sagði Dick og vék sér að matreiðslumanninum, sem hafði fært sig nær til að hlusta á. "Eg get bent ykkur á ráð til þess að finna Gething skipstjóra."

Matreiðslumaðurinn varð sýnilega feginn, þótt honum hins vegar þætti það ótrúlegt.

"Eg veit fyrir vist, að hann á heima í þorpi, sem heitir Piggotts Bay. Það er ekki langt héðan, bara á einar mílur herna út með ströndinni. Ef þið viljið þregða ykkur þangað í kvöld, þá getið þið tekið tvöfalt á móti mér, hvor ykkar."

"Einmitt það?" sagði Sam, sem ekki vissi hvað hann átti að hugsa um svona fífldirfsku.

"Það væri ekki rétt af okkur," sagði matreiðslumaðurinn; "við viljum ekki nota okkur góðmensku þína; þú átt eins mikið og við."

"Það er ekki nema rétt, að eg fái minst," sagði Dick, "úr því eg var svona ágjarn í fyrstu. Mér þætti bara vænt um að þið vilduð nota tækifærið til þess að ná í peningana, með því að fara þangað."

"Það er líklega best, að við förum þangað," sagði matreiðslumaðurinn, sem reyndi að láta á engu þora.

"Dick er að verða allra beztu drengur," sagði Sath; "við skulum fara snemma af stað."

"Lof mér að taka í hendina á þér," sagði matreiðslumaðurinn.

"Og mér líka," sagði Sam. "Þú ert ærlegur maður, Dick, hvað sem hver segir."

"Það er rétt það sem eg segi," bætti matreiðslumaðurinn við.

"Við skulum fara undir eins og við megum," sagði Sam, "ef þú vilt útvega okkur flaggið."

"Flaggið," át Dick eftir honum.

"Já, flaggið. Eg hélt að þú vissir eftir ferðina þangað í gær, að maður getur ekki farið flagglaus til Piggotts Bay."

Hann stóð og beið eftir svari, en Dick fór ofan stigann fokvondur. Hinn kallaði á eftir honum, að það væri varlegra að reyna ekki að synda þangað, en hann hefði kosið að geta látið það vera ósagt, þegar hann mætti Dick næst, sem var um miðdagsverðar tímann.

Um það leyti sem þeir komu aftur til Northfleet, voru þeir alveg hættir að hugsa um leitina. Þeir skömmuðust sín fyrir að verða að þola háðsglósur skipsdrengsins, og þar að auki fanst þeim vonin um árangur vera mjög lítil. Og sami andinn var ríkjandi í káetunni, þar sem stýrimaðurinn hafði hefzt orð á því.

"Það er ekkert vit í því," sagði hann eitt sinn, er leitinn barst í tal á milli hans og skipstjórans. "Þú getur ekki búist við, að finna hann. Farðu eftir mínum ráðum og haltu áfram að sigla héðan og til Brittlesea, þar sem flutningur er alt af vís."

"Nei, eg geri það ekki," sagði hinn.

"Það er ekki rétt að leggja hvern karl, sem maður sér, í einelti, bara af því að hann hefir grótt okkur

og er orðinn gamall. Og svo kemst skipshöfnin öll í klípu út af því fyr eða síðar."

"Mér stendur á sama hvað þú segir um það," sagði skipstjórinn, sem var í óða önn að þvo sér meðan á samtalinu stóð.

"Þú reynir að halda þér til alt sem þú getur," sagði stýrimaðurinn, "fyrir stúlku, sem er trúlofuð öðrum manni. Það stendur alveg á sama hvað þú segir um það, það er það og ekkert annað, sem þér gengur til með að halda þessari vitleysu áfram."

"Bíddu þangað til eg spyr þig ráða," sagði skipstjórinn og þurkaði sér á handklæðinu.

Hann lauk þegjandi við að klæða sig og fór í land, og eftir að hann hafði gengið um eitthvað til málamyndar, lagði hann af stað í áttina til Gravesend. Hann vissi ekkert hvernig sakir mundu standa þar, en hann vonaði að hann yrði þess áskynja, þegar kenslustundirnar væru liðnar í skólanum, sem ungfrú Gething hafði kent í, og alla leiðina var hann að þakka fyrir það í huga sínum, að stundvísi kennara í því að senda nemendur sína heim á réttum tíma, brygðist aldrei.

En það fór ekki alveg eins og hann ætlaði í þetta skifti. Börnin komu út úr skólanum og héldu heim, en ungfrú Gething sást hvergi. Skipstjórinn gekk hissa fram og aftur um götuna. Klukkan varð hálf fimm, svo sló hún fimm. Hann beið þangað til hún varð sex. Konurnar í húsunum sem hann gekk fram hjá stóðu á gægjum fyrir innan gluggana. Þegar klukkan var fimtán mínútur gengin í sjö ætlaði hann að fara, en þá loksins sá hann hvar hún kom.

"Þér eruð þá kominn aftur," sagði hún og tók í höndina á honum, þegar þau hittust.

"Já, alveg nýkominn," sagði hann.

"Þér hafið víst ekki frétt neitt af föðar mínum?" spurði hún.

"Nei, því miður hefi eg ekkert frétt af honum," sagði skipstjórinn. "Þér farið seint heim í kvöld."

"Já, nokkuð."

"Mér sýnist þér vera þreytt," sagði hann og gerði sig eins bláðlegan í málrómnum og honum var mt.

"Nei, eg er ekki þreytt," sagði hún. "Eg fór og drakk te hjá vinstúlku minni, af því að mamma er ekki heima og eg kærði mig ekki um að flýta mér."

"Er hún þá ókomin heim enn þá?" spurði skipstjórinn.

Stúlkan kinkaði kolli hýrlega til að svara spurningu. Þau voru nú komin að gatnamótum og staðnæmdust.

"Eg ætla ekki að fara heim strax," sagði hún og horfði í áttina heim; "eg ætla að ganga ofurlítið lengra mér til skemtunar."

"Eg vona að þér hafið skemtun af því," sagði skipstjórinn eftir dálitla þögn. Hann hafði verið að brjóta heilann um það, hvort hann ætti að bjóða henni samfylgd sína. "Verið þér sælar," sagði hann og rétti henni höndina.

"Verið þér sælar," svaraði hún; "ef þér viljið fara heim og biða þangað til mamma kemur, þá er eg viss um, að henni þykir vænt um það."

"En er nokkur heima, sem gæti opnað dyrnar fyrir mér?" spurði skipstjórinn.

"Eg býst við að Clover sé heima," sagði hún og horfði yfir götuna.

"Eg ætla þá að koma í eitthvert annað skifti,"

sagði skipstjórinn vandræðalegur. "En eg hélt að—"

"Hvað hélduð þér?" spurði hún.

"Það var ekkert," sagði hann. "Eg—ætlið þér að ganga langt?"

"Ekki mjög langt," sagði hún. "Hvers vegna spyrjið þér að því?"

"Þér viljið víst helzt vera ein?" sagði hann.

"Mér stendur á sama," sagði hún; "en ef þér viljið koma með, þá megið þér það."

Þau sneru við og gengu saman ofan eftir götunni. Hvorugt sagði orð æði langa stund.

"Hvað var það, sem þér ætluðuð að segja?" spurði hún, til þess að byrja eitthvert samtal.

"Hvenær?" spurði hann.

"Þegar eg sagði yður að Glover væri hjá okkur, þá sögðust þér halda að—" Hún horfði stöðugt á hann með augnaráði, sem hann reyndi að skilja í huga sínum án þess að honum tækist það.

"Nú, eg hélt," sagði hann vandræðalegur—, "eg hélt að þér vilduð fara heim."

"Eg skil yður ekki," sagði hún með dálftilli þykkju. "Mér finst þér ekki vera mjög kurteis."

"Eg bið afsökunar," sagði skipstjórinn í auðmýktar rómi; "en mér þykir fyrir að hafa sagt þetta."

Svo varð aftur löng þögn. Þau voru komin inn á mjóan stíg og hún gekk á undan.

"Eg vildi mikið til þess gefa, að geta fundið föður yðar," sagði skipstjórinn.

"Eg vildi að þér fynduð hann," sagði hún og leit um öxl sér.

"Herra Glover gerir víst allt sem í hans valdi stendur til þess að finna hann?" sagði skipstjórinn.

"Mig langar til þess að faðir minn finnist," sagði hún með ákafa; "já mig langar mjög mikið til þess; en eg vildi óska, að einhver annar en Glover fyndi hann."

"En þið sem ætlið að giftast, þegar hana er fundinn," sagði skipstjórinn. Hana skildi ekki rétt vel, hvers vegna hún talaði svona.

"Já, ef Glover finnur hann," sagði hún lágt.

"Eigið þér við," sagði skipstjórinn og greip um þandlegg hennar í fátinu, sem kom á hann — "eigið þér við, að þér ætlið ekki að giftast Glover þessum, nema að hann finni föður yðar?"

"Já," sagði hún, "það hefir talast svo til. Mamma var svo eyðilögð, að eg hélt að það stæði á sama um allt annað, ef faðir minn fyndist; og þess vegna lofaði eg að—"

"Og eg geri ráð fyrir, að ef einhver annar finnur hann," starnaði skipstjórinn, "þá gildi það sama." Hann gekk nú við hliðina á henni og hirti ekkert um þótt hann stigi út í akurinn, sem var við götuna.

"Ef svo fer," sagði hún og leit til hans, ofur hlýlega, "þá giftist eg ekki."

"Það var ekki það sem eg átti við," sagði hann. "Eg ætlaði að segja,—"

"Nei, er þetta ekki fallett útsýni yfir ána?" sagði hún og nam staðar alt í einu.

"Jú, ljósandi," sagði skipstjórinn.

"Þetta er uppáhalds skemtigöngustaður minn," sagði hún.

Wilson skipstjóri setti orðin á sig. "Einkum þegar herra Glover er hjá ykkur," bætti hann við.

"Hann hefir verið okkur mjög góður," sagði hún alvarleg. "Hann hefir verið meður minni mjög

góður, og hann hefir lagt mikið á sig til þess að finna föður sinn."

"Eg vona að hann finni hann ekki," sagði skipstjórinn.

Hún horfði fast á hann. "Þetta er falleg ósk, eða hitt þó heldur," sagði hún með þykkju.

"Eg vil finna hann sjálfur," sagði hann; "og þér vitið hvers vegna eg vil finna hann."

"Eg verð að snúa við hér," sagði hún, án þess að gefa nokkurn gaum að því, sem hann hafði sagt seinast.

Skipstjórinn fann, að kjarður sinn var óður að þverra, og hann reyndi að gefa bendingu um það, sem hann þorði ekki að segja. "Eg vildi óska, að þér vilduð láta mig sæta sömu kjörum og Glover," sagði hann hálf hikandi.

"Það skal eg gera með ánægju," sagði hún. Og varir hennar titruðu ofurlítið og augun ljómuðu, þótt hún reyndi að láta ekki bera á því.

"Eg hefi elskað yður síðan eg sá yður fyrst," sagði hann með ákafa.

Hún var ekki við svona beinu áhlaupi búin og stóð uppi alveg varnarlaus. Hún roðnaði, leit undan og svaraði engu.

"Eg hefi stundum gengið klukkustund eftir klukkustund eftir götunni, sem skólinn er við, af því eg vissi að þú vært þar," hélt hann áfram. "Mig hefir stundum furðað á því, að börnin skyldu ekki taka eftir því."

Ungfrú Gething sneri að honum öðrum vanganum, sem var kafriðður. "Ef þér er nokkur þægð í að vita það," sagði hún, "þá get eg sagt þér, að þau hafa tekið eftir því. Eg kandi einu þeirra að þægð."

með því að lofa því ekki að fara út í þrjá daga í röð."

"Eg get ekki að því gert," sagði hann; "og eg hætti ekki að ganga um götuna þó að þér verðið að halda þeim öllum inni."

"Við skulum snúa við hér," sagði hún og lagði af stað heimeliðis. Þau gengu þegjandi hvort við annars hlið þangað til þau voru komin að götunni, sem lá heim að húsi hennar. Wilson nam staðar og horfði beint í augu hennar. Ungfrú Gething reyndi að líta ekki undan, en varð þó að gera það.

"Ætlið þér að láta það sama ganga yfir okkur báða?" spurði hann lágt.

"Nei," sagði hún og leit á hann með gletnisfullu augnaráði og brosti. Hann hélt að hann skildi hvað henni byggi í huga og greip í höndina á henni og dró hana að sér.

"Nei" sagði hún og vék sér undan; "það er ekki rétt."

Skipstjórinn var hræddur um, að hann hefði gengið of langt í þessu og varð hræddur. "Hvað væri ekki rétt?" spurði hann og reyndi að setja á sig sakleysissvip. Ofurlítill gletnisglampi í augunum á ungfrú Gething sýndi hvað henni fanst um þetta ranglæti.

"Eg bið fyrirgefningar," sagði hann auðmjúkur.

"Á hverju?" spurði hún og lét sem sér kæmi þetta alveg á óvart.

Hann var orðinn leiður á að tala rósamáli, svo hann hugsaði sér að hann skyldi tala blátt áfram. "Fyrir að reyna að kyssa yður og látast ekki skilja, þegar þér neituðuð því," sagði hann.

"Eg—eg skil ekki, hvað þér eigið við," sagði hún.

"Jú, þér skiljið það," sagði hann rólegur.

Aftur kom glampinn í augu hennar og hún leit undan og beit á vörina. Hún fann, að hún gat ekki beitt hann eins hörðu og hann átti skilið.

"Þetta er víst í fyrsta skifti, sem þér hafið sagt nokkuð líkt þessu við stúlku?" sagði hún.

"Já."

"Þér þurfið æfingu," sagði hún í fyrirlitningar-rómi.

"Já, það er einmitt það sem eg þarf," sagði hann með ákafa.

Hann færði sig nær henni, en hún leit þannig á hann, að hann hætti við það.

"En þér ættuð að sækja hana eitthvað annað en til stúlku, sem er hálf trúlofuð öðrum manni," sagði hún og horfði á hann. "Það er ekki rétt."

"Veit hann hvernig í þessu liggur?" spurði skipstjórinn.

Hún kinkaði kolli.

"Eg get þá ekki séð annað, en það sé rétt í alla staði."

"Eg er á annari skoðun," sagði hún og rétti út höndina. "Nú ætla eg að kveðja," bætiti hún við hægt og rólega, "og eg mun ekki sjá yður aftur, fyr en að þér hafið fundið föður minn. Ef Glover finnur hann, þá sé eg yður aldrei framar. Verið þér sælir."

Skipstjórinn tók í höndina á henni og með þeirri undraverðu dirfsku, að honum fanst, sem hann hafði fengið við það að ganga með henni, dró hann hana til sín aftur hálf nauðuga. Hann beygði sig niður og ætlaði að kyssa hana, en hún snéri sér undan svo að varir hans snertu að eins hattbarðið hennar. Svo sleit hún sig lausa frá honum og hljóp upp

götuna. Rétt um það leyti sem hún var að hverfa sjónum sneri hún sér við og veifaði höndinni til hans. Skipstjórinn svaraði kveðjunni og leit svo í kring um sig. Hann sá ekkert nema gamlan hest, sem hafði horft á alt saman yfir girðinguna, sem hann stóð innan við; og þar sem ekkert eftirtektarvert mætti augum hans, lagði hann af stað til Northfleet, til þess að skora á skipshöfnin. að leggja enn betur fram krafta sína í leitinni.

NIUNDI KAPITULI.

Þótt skipstjóranum þætti það miður, þá stóð ungfrú Gething við orð sín. Hún gat að vísu ekki komið í veg fyrir að hann mætti henni á götunni, þegar hann var í Northfleet, en hún komst hjá því að tala við hann með því að láta eina af skátastelpunum ganga með sér, og þegar það dugði ekki, bætti hún fleirum við sig. Þegar loksins hún hafði fjórar í fylgd með sér, hætti skipstjórinn að gera nokkra tilraun að tala við hana. Hann varð þá að ganga annað hvort á undan eða á eftir, og það var ómögulegt að halda uppi samtali með því lagi, og þar að auki þótti honum svipur stelpnanna hálf grunsamlegur.

Leitin hélt áfram alt sumarið. Alstaðar þar sem Hafsúlan kom, vakti skipshöfn hennar athygli á sér, því hún gekk um alla króka og kima, eins og hún væri að leita að einhverju, sem hefði týnst. Vegna þess hvað leitin gekk tregt, fékk skipshöfnin smám saman á sig einhvern sorgarsvip, og einkum matreiðslumaðurinn. Hann var sá eini, sem hafði lagt

fé í fyrirtækið og hann var orðinn eins og maður, sem hefir tapað öllu sínu.

Snemma í september komu þeir til Járnbryggju, sem er smábær á austurströndinni. Það var sama sagan þar og annarst staðar; fyrirspurnir skipstjórans leiddu ekkert nýtt í ljós. Bærinn var svo lítill, að þar gat ekkert verið, sem öllum, er nokkuð þektu þar til, væri ekki kunnugt um; en með því að veður var gott og Henry kærði sig ekki meira en svo um að hjálpa til við farminn, fékk hann leyfi til þess að fara í land undir því yfirskini, að hann þyrfti að kaupa ýmislegt smávegis fyrir matreiðslumanninn og skoða sig um.

Hann gekk um glaður í huga og leit ánægjulega um öxl sér á sementmökkinn, sem rauk upp af þilfarinu á Hafsúlunni. Hann var hér á háum stað og hann langaði til að komast í æfintýri.

Það var fátt merkilegt að sjá í jafn lítilli bæjarholu. Þar hafði verið töluverð verzlun áður fyrri, meðan járnbrautir voru ekki eins margar og nú; en þeir dagar voru löngu liðnir og nú voru byggingarnar auðar og eins og alt í bænum væri hálfsofandi. Að eins eitt skip annað en Hafsúlan lá á höfninni. Það var smáskúta, sem tveir menn voru að afferma og allur útbúnaðurinn, sem þeir höfðu til þess, var karfa og hjólbörur.

Þessi óvanalega kyrð hafði áhrif á Henry. Hann fékk sér hálfu mörk að drekka, kveikti síðan í pípunni og labbaði í hægðum sínum upp helztu götuna með hendurnar í vösunum. Eftir dálitla stund var hann kominn upp að bæja markaðnum. Þar mátti segja, að bærinn sjálfur endaði, en ofar voru nokkur stór hús, með allstórum landsblettum umhverfis.

"Eg tek Lundúnaborg langt fram yfir þetta,"

sagði Henry við sjálfan sig um leið og hann nam staðar við háan vegg og horfði á ávaxtatrén, sem stóðu hinu megin við hann. "Hér sézt ekki lífsmark á nokkrum hlut."

Hann klifraði upp vegginn og settist á hann og fór að blístra. Þótt hann væri orðinn nógu gamall, að honum sjálfum fanst, til þess að sötra hálfra mörk af öli, rétt eins og hver annar, var hann ekki alveg búinn að missa lystina á eplum, sem er einkum einkenni æskulýðsins. Hann sást ekki að heiman frá húsinu, því hann var falinn á bak við trén; og áður en hann hafði áttað sig á því hvað hann var að gera, var hann kominn niður af veggnum hinu megin og farinn að fylla vasa sína með eplum.

Það var svo mikil kyrð yfir öllu, að hann fór að verða djarfari og það kom honum til þess að fara að læðast eins og hann hafði heyrt að Indíánar gerðu. Að vísu var hann búinn að þyngja sig niður með sex eða sjö pundum af eplum og það tafði nokkuð fyrir hreyfingum hans. Hann læddist mjög varlega heim að húsinu, sem var stór sumarskáli, og gægðist inn. Skálinn var tómur og enginn húsbúnaður í honum nema borð og tveir óvandaðir bekkir. Þegar hann var aftur búinn að líta varlega í kring um sig, læddist hann inn, settist á annan bekkinn, og beit í eitt eplið.

Hann varð ekki var við neina hættu, fyr en hann heyrði fótatak úti fyrir, sem færðist nær. Það var enginn vafi á því, að fótatakið stefndi að sumarskálanum. Henry var ekki seinn í svifum, heldur stóð upp og faldi sig undir borðinu, svo hratt og hljóðlega, að hver Indíáni hefði haft ástæðu til að dást að því.

"Vertu þarna, stelpa þín," sagði kvenmanns-

rödd fyrir utan. "Þú færð ekki að fara út, fyr en þú ert búin að læra lexíuna um árnar."

Svo var einhverjum ýtt inn í sumarskálann og hurðinni skelt aftur og lokað. Henry fór ekki að lítast á. Hann sá, að hann var kominn í óþægilega klípu, og til þess að gera hættuna sem allra ægilegasta, fór hann að velta því fyrir sér í huganum, að líf sitt væri máské í veði, ef að stúlkan, sem var látin inn til hans, hljóðaði upp yfir sig.

"Mér stendur alveg á sama," sagði þrákelknisleg rödd; mér stendur alveg á sama um allar ár, mér stendur alveg á sama."

Stúlkan, sem inn var látin og sem þannig bauð byrginn þeim sem var að refsa henni, settist upp á borðið og fór að raula lag. Henry, sem vissi ekki hvað hann átti af sér að gera, sneri sér við undir borðinu og rak um leið höfuðið í það.

"Ó, hvað er þetta?" kallaði telpan upp í fátí.

"Vertu óhrædd," sagði Henry og gægðist út undan borðinu; "eg skal ekki gera þér neitt mein."

"Nei, hvað er þetta? Drengur hér!" hrópaði litla stúlkan upp í ofboði.

Henry stóð upp og settist á bekkinn. Hann hóstaði vandræðalega, þegar hann sá að telpan var farin að horfa á vasana hans, sem voru úttroðnir.

"Hvað hefirðu í vösunum þínum?" spurði hún.

"Epli," sagði Henry lágt. "Eg keypti þau á leiðinni.

Hún rétti út höndina og tók á móti tveimur, sem hann rétti að henni, og skoðaði þau vandlega.

"Þú ert slæmur strákur!" sagði hún mjög alvarleg um leið og hún beit í annað eplið. "Þú færð makleg málagjöld, þegar ungfrú Dimchurch kemur."

"Hver er þessi ungfrú Dimchurch?" spurði

Henry, er fýsti að vita, sem vonlegt var, á hverju hann mætti eiga von.

"Hún er skólakennari," sagði telpan.

"Er þetta skóli?" spurði Henry.

Hún hafði munninn svo fullan, að hún gat ekki svarað, svo hún bara kinkaði kolli.

"Eru nokkrir karlmenn hér?" spurði Henry, og reyndi að láta sem sér stæði alveg á sama.

Hún hristi höfuðið. "Þú ert eini drengurinn, sem eg hefi nokkurn tíma séð hér," sagði hún glaðlega, "og þú færð fyrir ferðina, þegar ungfrú Dimchurch kemur."

"Eg er ekki hræddur við hana," sagði hann borginmannlega og tók upp pípu sína og fylti hana af tóbaki.

Stúlkan rak upp stór augu, sem ljómuðu af aðdáun.

"Eg vildi eg væri drengur," sagði hún raunalega, "þá væri eg ekki hrædd við hana heldur. Ert þú sjómaður?"

"Já," sagði Henry.

"Mér þykir vænt um sjómenn," sagði hún vinnjarnlega. "Þú mátt bíta í eplið mitt, ef þú vilt."

"Þakka þér fyrir," sagði Henry, "en eg hefi hér epli, sem er hreint."

Hún sneri ofur lítið upp á sig og horfði fast á hann, en þar sem hann lét sem hann sæi það ekki, hélt hún áfram að borða eplið.

"Hvað heitirðu?" spurði hún.

"Eg heiti Henry Atkins," svaraði hann og reyndi að bera nafnið einst skýrt fram og hann gat; honum flugu í hug áminningarnar, sem hann hafði fengið, þegar hann gekk í skóla, um það að sleppa ekki sumum stöfunum. "Og hvað heitir þú?"

“Gertrude Ursula Florence Harcourt,” sagði telpan og teygði úr sér alt sem hún gat um leið og hún sagði það. “Mér þykir Atkins ekki fallett nafn.”

“Einmitt það?” sagði Henry og reyndi að láta ekki á því bera, að sér mislíkaði. “Og mér geðjast ekki að Gertrude, eða Ursula, eða Florence, og Harcourt er ljótast af öllum nöfnum.”

Hún færði sig dálítið til á borðinu og sló með fingrunum á borðröndina. “Mér stendur alveg á sama hvaða nöfn þér þykja falleg,” sagði hún.

“Mér þykir Gertie fallett nafn,” sagði Henry og leit á hana. Hún var kafrjóð í framan. “Gertie er fallett nafn.”

“Eg er altaf kölluð það,” sagði hún. Siglið þið beint út á haf?”

“Já,” sagði Henry. Þá hafði einu sinni hrakið ofurlítið undan landi; og hann huggaði sig við, að það væri ekki með öllu ósatt, sem hann sagði.

“Og hvað oft?” sagði Gertrude Ursula Florence Harcourt og færði sig nær honum; “hvað oft hafið þið orðið að berjast við sjóræningja?”

Hún gaf honum ekkert undanfæri. Hefði hún spurt hann að, hvort hann hefði nokkurn tíma barist við sjóræningja, þá hefði hann sagt nei, þótt það hefði reyndar verið erfitt, þar sem hún sat þarna fyrir framan hann með spyrjandi blá augu og eftirvæntingarsvip á öflu andlitinu.

“Eg man ekki hvort það er sex eða sjö sinnum,” sagði hann; “eg held bara sex sinnum.”

“O! segðu mér frá því,” sagði hún og iðaði öll af löngun eftir að heyrja æfintýri.

Henry beit í eplið sitt og byrjaði að segja sögu. Hann hafði lesið kynstur af sjóræningjasögum, svo

hann var ekki í neinum vandræðum með hvað hann ætti að segja. Hann sagði frá atlögum, sem jafnvel hinn hugprúðasti aðmírall hefði aldrei látið sér koma í hug, því síður nokkur sjóræningi. Hann lýsti því hvernig hann hefði unnið sigur yfir sjóræningjunum í hvert skifti. Hún stóð alveg á öndinni af undrun og greip fastar og fastar utan um handlegginn á honum, eftir því sem hann spann söguna lengur.

"En þú hefir aldrei drepit mann sjálfur?" sagði in, þegar hann hafði lokið sögunni. Það var ofur-till keimur af efa í röddinni, sem honum fanst vera óþarfur, eftir að hann var búinn að segja söguna.

"Eg get ekki sagt um það með vissu," sagði hann. "Maður veit ekki hvað kemur fyrir meðan stendur á orustunni sjálfri."

"Nei, náttúrlega ekki," sagði hún og sá eftir að hafa verið svo efunargjörn. "Þú ert fjarskalega hugrakkur drengur."

Henry roðnaði.

"Ert þú yfirmaður á skipinu?" spurði hún.

"Ónei, eiginlega er eg það nú ekki," svaraði Henry; en í hjarta sínu óskaði hann að hann væri það.

"Ef þú drífur þig áfram og verður yfirmaður, þá skal eg giftast þér, þegar eg er orðin stór," sagði hún; "það er að segja, ef þú vilt."

"Já, eg vil það náttúrlega," sagði Henry. "Eg meinti ekki það sem eg sagði áðan, þegar eg sagði að mér þættu nöfnin þín ekki falleg."

Hann var farinn að sjá eftir, að hann hefði sagt henni söguna, því hann var ekki viss um, að hann gæti sannað hana; en það gerði þá ekkert til, hugsaði hann með sér; það mundi verða nógur tími til að leiðrétta þetta áður en þau giftust. Bókin hennar

hafði dottið á gólfið og hún steingleymdi því, að nokkrar ár væru til í Norðurálfunni þangað til að fótatak og margar skrækroma raddir úti í garðinum vöktu þau til meðvitundar um hvar þau væru stödd. Hún greip bókina í snatri og settist eins langt frá sonum og hún gat. Þar byrjaði hún að þylja: "Tempsá, Signa, Dóná, Rín."

Pungt fótatak heyrðist fyrir utan dyrnar, svo var lyklinum snúið og hurðin opnuð. Ungfrú Dimchurch leit inn, en rak upp andrunaróp og hröklaðist út úr dyrunum aftur. Hópur af smástúlkum, eitthvað um þrjátíu talsins, ruddist utan um hana, til þess að fá að vita hvernig á þessu stæði.

"Ungfrú Harcourt!" kallaði kenslukonan með þrumandi rödd.

"Já, hvað er það?" sagði stelpan og lagði fingurinn á blásiðuna, þar sem hún var að lesa.

"Hvernig vogarðu þér að vera hér inni hjá þessum—þessum strák?"

"Það var ekki mér að kenna," sagði hún og reyndi að gjöra sig eins aumingjalega og henni var unt. "Þú lokaðir mig hér inni. Hann var hér, þegar eg kom inn."

"Hví kallaðirðu ekki á eftir mér?" spurði ungfrú Dimchurch.

"Eg vissi ekki að hann var hér. Hann var undir borðinu.

Ungfrú Dimchurch leit ógnandi augum á Henry, sem sat þar með pípuna í hendinni og var að hugsa um, hvort hann gæti með nokkru móti komist fram hjá henni. Ungfrú Harcourt horfði á hetjuna sína og stóð á öndinni af hræðslu. Hún vonaðist eftir, að eitthvað alveg óvanalegt kæmi fyrir.

“Hann hefir stolið eplunum mínum,” sagði ungfrú Dimchurch. “Hvar er leikfimiskennarinn?”

Leikfimiskennarinn, stór og lagleg stúlka, stóð rétt fyrir aftan hana.

“Rektu strákinn út, ungfrú O'Brien,” skipaði yfirkenslukonan.

“Verið þið rólegar,” sagði Henry og reyndi að láta sem minst á hræðslu sinni bera. “Eg skal fara álfur. Lofið þið mér að komast út. Eg vil ekki fara að berjast við kvenfólk.”

“Farðu út með hann,” skipaði yfirkenslukonan.

Leikfimiskennaranum þótti ekkert að því, að geta sýnt krafta sína. Hún rétti úr sér og stóð fyrir framan Henry í svipuðum stellingum og hann hafði séð þjóna í veitingahúsum standa fyrir framan Sam.

“Láttu mig vera,” sagði hann; “eg kæri mig ekki um að meiða þig.”

Hann stakk pípunni í vasa sinn og stóð á fætur, en rétt í sömu svifum tók hún utan um hann og lyfti honum upp. Það var rétt eins og gripið væri utan um hann með stálörmum; og margar raddir létu aðdáun sína í ljós um leið og hún gekk með hann í fanginu út í garðinn. Henry var bæði hryggur og reiður yfir þessum aðförum, og eplin hrundu úr vösum hans og ultu í allar áttir.

“Eg skal berja þig,” sagði Henry fokvondur, þegar hann sá framan í vinstúlku sína, sem var meira en lítið hissa á þessu öllu; en hótunin var þó með öllu ganslaus, því hann gat hvorki hreyft legg né lið.

“Þú mátt berja eins og þú vilt,” sagði ungrú O'Brien rólega. Svo tók hún hann og sveiflaði honum í loftinu, til þess að sýna nemendum sínum hvað hún gæti gert við hann.

"Ef þú kemur hingað aftur, óhræsið þitt," sagði yfirkenslukonan, sem gekk á eftir, "þá skal eg láta taka þig fastan. Opnið þið hliðið, stúlkur!"

Hliðið var opnað, og Henry, sem var orðinn í meira lagi skömstulegur, var fleygt út á götuna rétt fyrir framan matreiðslumanninn, sem var kominn þangað að leita að honum.

"Hvað er þetta?" spurði matreiðslumaðurinn, alveg forviða. "Hvað hefirðu verið að gera hér, Henry?"

"Hann hefir verið að stela eplum," sagði yfirkenslukonan, "og ef eg næ aftur í hann hér, skal eg lúberja hann."

"Það er alveg rétt," sagði matreiðslumaðurinn. "Eg vona að hann hafi ekki gert neinum hér neitt."

Hún lokaði hliðinu með háum skelli og skildi þá báða eftir á götunni. Matreiðslumaðurinn sneri við og gekk á undan niður í bæinn, en Henry labbaði á eftir honum, lúpulegur eins og barinn rakki.

"Viltu ekki fá þér epli?" sagði hann loksins við matreiðslumanninn. "Eg gat geymt eitt rétt handa þér."

"Nei, þakka þér fyrir," sagði matreiðslumaðurinn.

"Það gerir þér ekkert mein," sagði Henry.

"Mér stendur það á sama, eg ætla ekki að smakka á því samt."

Þeir héldu áfram þegjandi þangað til þeir voru komnir að bæjarmarkaðnum. Henry staðnæmdi fyrir framan drykkjustofu, sem þar var.

"Við skulum koma inn, kunningi, og fá okkur þressingu," sagði hann ísmeygilega.

"Nei, eg skil þig ekki," sagði Henry.

inn. "Það er ekki til neins fyrir þig, Henry, að reyna að leika á mig."

"Hvað meinarðu með þessu?" spurði Henry.

"Þú skilur," sagði hinn, eins og hann byggi yfir einhverju.

"Nei, eg skil þig ekki," sagði Henry.

"Jæja, eg skal þá segja þér, að eg vildi ekki missa af að segja hinum frá þessu; nei, ekki fyrir sex merkur af öli. Þú ert nokkuð góður fyrir þinn hatt, en eg er það líka."

"Mér þykir vænt um að heyra það," sagði Henry. "Engum myndi detta það í hug, af því að sjá framan í smettið á þér."

Matreiðslumaðurinn brosti bara og þeir fóru um borð. Hann fylgdi Henry til skipstjórans og skildi hann þar eftir til að gefa þær beztu skýringar, sem hann hefði á reiðum höndum, viðvíkjandi fjarveru sinni. En sjálfur fór hann fram í háseta klefann og fór að segja frá hvað hann hefði séð. Lýsti hann því svo vel, að hinir vildu fá að heyra það aftur og aftur, þar til skipstjórinn kom loksins fram eftir til þess að vjta hvað um væri að vera. Hann kom aftur til stýrimannsins hlæjandi út undir eyru. Henry varð svo mikið um þetta, að það lá við að hann fengi duglega ráðningu fyrir óhlýðni við yfirmenn sína.

TIUNDI KAPITULI.

Hafsúlan sigldi tveimur dögum eftir að þetta bar við, til bæjar, sem Stourwick heitir, hlaðin með ýmsum varningi.

Henry hafði tekið miklum breytingum þessa síðustu daga. Í stað þess að stríða skipshöfninni, sem var vani hans, var hann nú þögull og leit varla við nokkrum manni. Í huga sínum gifti hann ungfrú O'Brien stórum og þjónalegum manni, sem hann þekti; og útskýringarnar, sem hann útbjó í huga sínum handa vinstúlku sinni, voru svo flóknar og langar, að þeim yrði naumast lýst í stuttu máli. Hann huggaði sig við þessa dagdrauma, þótt hann vissi, að þeir væru gagnslausir; þeir voru að minsta kosti skemtilegri heldur en háðsglósur félaga hans.

Hann var farinn, að hugsa með alvöru um málefni skipstjórans; það var eins og raunir hans hefðu gert hann færari til þess að setja sig í spor annara. Hann fór að lesa upphátt, hvenær sem hann gat höndum undir komist, og vandaði framburð sinn af öllum mætti. Hann vandaði sig ekki síður í tali, þangað til loksins stýrimaðurinn sagði honum blátt áfram, að ef hann hætti því ekki, þá skyldi hann eiga sig á fæti.

Þeir vörpuðu akkerum fyrir innan hafnargarðinn í Stuurwich rétt um sólaruppkomu. Fyrstu sól-argeislarnir féllu á kirkjuturninn um leið og þeir voru að leggjast. Þröngu og óhreinu göturnar, sem lágu upp frá bryggjunum, voru mannlausar, allar nema ein; eftir henni komu nokkrir syfjaðir þorpsbúar, sem ætluðu að ná í gufubát, sem lá við eina bryggjuna. Svartur reykjarmökkur veltist upp úr reykháfnum á honum og blandaðist saman við kalda morgunloftið.

Smámsaman fóru menn að komast á kreik í þorpinu. Sjómenn í víðum buxum og þröngum peysum komu niður að höfninni og horfðu út á sjóinn eða töluðu við þá sem voru komnir út í bát-

að
y.
yfir
ekki
fyrir
þinn
agði
í að
fóru
og
gar,
jar-
lef-
ýsti
það
ram
ann
yru.
að
yfir-
etta
neð

ana við bryggjurnar og farnir að ausa þá. Þeir á Hafsúlunni höfðu ekki verið vissir um hvar þeir ættu að leggjast, en nú fengu þeir nauðsynlegar upplýsingar, eftir að þeir voru búnir að kallast lengi á við slæpingjana í landi, og færðu sig þangað sem þeim var óhætt að vera.

Klukkan þrjú um daginn voru þeir búnir að af-ferma; farmurinn var mjög léttur. Þegar hásetarnir voru búnir að hreinsa til á þilfarinu og ganga frá öllu, gengu þeir á land. Þeir gleymdu ekki að bjóða Henry að koma með sér, en hann afþakkaði það boð þeirra.

Skipstjórinn var líka farinn í land, en stýrimaðurinn var um borð. Henry fékk nóg af háðæglósum hana um eplastuldinn og fór á eftir þinum upp í bæinn.

Hann gekk æði lengi um göturnar með hendurnar í vösunum, án þess að hann vissi hvert hann átti að halda. Það var komið að þeim tíma, er fólk hætti að fara skemtiferðir til sjávarbæjanna, en samt voru nokkrir gestir á gangi á skemtigöngusvæðinu og nokkrir voguðu sér út á hafnargarðinn til þess að njóta sjávarloftsins sem bezt. Strákur labbaði í hægðum sínum og virti fyrir sér fólkið og alt sem hann sá á ströndinni og sem vakti athygli hans, þangað til hann var kominn að ofurlitlum baðstað, sem var áfastur við bæinn.

Sitt hvoru megin við skemtigöngu svæðið voru tröppur, sem lágu niður í sandinn í fjörunni eða upp á klettana fyrir ofan. Og fyrir þá, sem vildu hvíla sig, voru langir bekkir til og frá. Henry settist á einn þeirra og fór að horfa á börn, sem voru að leika sér niðri á sandinum, þótt honum fyndist alt þess konar vera fyrir neðan sig fyrir aldurs sak-

ir. Þegar hann var búinn að sitja þar stundarkorn, tók hann eftir gömlum manni, sem kom gangandi eftir sandinum upp að tröppunum. Hann misti sjónar af honum ofur litla stund, þegar hann kom að tröppunum, en svo sá hann stóra hönd færast upp eftir handriðinu og brátt kom skygnishúfa og andlit undir henni, sem Henry varð heldur en ekki starsýnt á, upp fyrir brúnina; það var ekki um það að villast, að þetta var andlitð, sem myndin var af.

Maðurinn, sem ekkert vissi um hvað Henry var innan brjósts, staðnæmdist til að blása mæðinni áður en hann hélt áfram lengra.

"Ekki vænti eg að þú — að þú hafir eldspýtu á þér?" spurði Henry og reyndi að sýnast rólegur, þótt honum reyndar væri það um megn.

"Þú ert of ungur til að reykja," sagði maðurinn og sneri sér við til að virða hann fyrir sér.

Ef öðru vísi hefði á staðið, þá hefði strákur svarað einhverjum skætingi, en hann sá hvað mikið gat verið undir því komið, að hann sýndi kurteisi, og stilti sig þess vegna.

"Mér finst það gera mig rólegri," sagði hann mjög alvörufinn, "þegar eg er þreyttur eða hefi einhverjar áhyggjur."

Maðurinn horfði á hann forviða og glotti kuldalega.

"Á eg að segja þér, hvað eg gerði við þig, ef eg ætti þig?" sagði hann um leið og hann fór með fingurnar ofan í vestisvasa sinn og tók upp óhreina eldspýtu.

"Þú mundir banna mér að reykja," sagði strákur glaðlega.

"Já, það gerði eg að mér heilum og lifandi," sagði hinn og ætlaði að halda áfram.

"Hvað varst þú gamall, þegar þú byrjaðir að reykja?" spurði Henry.

"Á þínum aldri, geri eg ráð fyrir," svaraði karlinn; en eg var langt um stærri en þú. Annar eins angi og þú ert, ætti ekki að reykja."

Strákur brosti. Honum flaug í hug, að hann yrði að vinna fyrir verðlaununum áður en hann fengi þau.

"Viltu fá þér í pípu?" sagði hann og rétti fram marglitan tóbakspoka.

"Skollinn hafi úr þér ósvífnina!" sagði karl reiður. "Þegar eg þarf að fá tóbak hjá þér, þá bið eg þig um það."

"Fyrirgefðu," sagði Henry, "fyrirgefðu. Eg komst að góðum kaupum á þessu tóbaki, og félagar mínir sögðu, að eg hefði verið svikinn á því. Mig langar til að vita, hvernig þér líkar það."

Karlinn hikaði eitt augnablik, en svo settist hann á bekkinn og tók við pokanum og þefaði af tóbakinu. Svo dró hann svarta leirpípu upp úr þessa sínum og fylti hana í hægðum sínum.

"Það er ekki sem verst," sagði hann, þegar hann var búinn að síuga að sér reykinn nokkrum stundum. Hann hallaði sér aftur á bak og lygndi eftur augunum; hann reykti eins og gamall tóbaksreiður, sem er nýnæmi á að fá í pípu. Henry sat og horfði á slitin fötin, sem hann var í, og karbættu stílna, sem hann hafði á fótunum.

"Ertu ókunnugur hér?" spurði karlinn vingjarnlega.

"Já, eg er af Hafsúlunni, sem liggur þarna á þáfninni," sagði Henry og benti í áttina til Stourwich.

"Rétt er það," sagði hinn og hélt áfram að reykja.

"Verð hér nokkra daga," sagði Henry og horfði út undan sér á karlinn; "svo siglum við heim aftur."

"Eruð þið frá Lundúnum?" spurði hinn.

"Nei, við erum frá Northfleet," svaraði Henry, eins og honum stæði alveg á sama. "Við komum þaðan."

Það komu smákippir í andlitið á karlinum, og hann blés út úr sér reykjarkúf.

"Áttu þar heima?" spurði hann.

"Nei, eg á heima í Wapping, en eg er vel kunnugur í Northfleet og líka í Gravesend. Hefir þú nokkurn tíma komið þangað?"

"Nei, aldrei, aldrei" sagði karlinn með áherzlu.

"Það er fremur skemtilegur staður," sagði Henry. "Mér þykir fallegra þar en í Wapping. Við höfum siglt þaðan nú í heilt ár. Skipstjóranum okkar þykir ekkert að því að koma þar. Honum lízt vel á stúlku, sem er skólakennari þar."

"Í hvaða skóla?" spurði hinn.

Henry hló. "Það er ekki til neins að segja þér það, úr því þú hefir aldrei komið þar; en það er skóli fyrir stúlkur."

"Eg þekti einu sinni mann, sem átti þar heima," sagði karlinn. "Hvað heitir stúlkan?"

"Það man eg ekki," sagði Henry geispandi.

Samtalið slitnaði og þeir sátu báðir og horfðu á börnin, sem nú voru að smá tínast upp úr fjöranni. Sólin var gengin til viðar og það var farið að kólna.

"Eg held eg fari að halda heim," sagði karlinn. "Góða nótt, drengur minn."

"Góða nótt," sagði Henry með mestu kurteisí.

Hann horfði á eftir karlinum, sem var enn hraustlegur að sjá, þangað til hann var kominn spölkorn í burtu; svo læddist hann varlega á eftir honum. Hann fylgdi honum á eftir með fram klettabrúninni. Karl nam hvergi staðar fyr en hann var kominn á dálítið autt svæði, sem var á bak við hesthús. Þar stóð ljótt og óhreint kofaskrifli. Henry var nú rétt á hælunum á honum, en hann hafði engan grun um það. Karl opnaði kofahurðina og fór inn. Henry læddist nær og staðnæmdist, eins og hann væri á báðum áttum með hvað hann ætti að gera. Svo skoðaði hann staðinn vandlega og læddist að því búnu í burtu.

Hann hljóp og dansaði eftir veginum til Stourwich, niður á bryggjuna og um borð í Hafsúluna. Hann læddist aftan að matreiðslumanninum og skelti lófunum á bakið á honum. Áður en matreiðslumaðurinn gat snúið sér við og gripið hann, var hann kominn til Sam og búinn að leggja handlegginn utan um mittið á honum og var að reyna að fá hann til að dansa við sig.

"Hann er ekki með öllum mjalla," sagði Sama og sleit sig lausan af Henry. "Hvað gengur að þér, strákur?"

"Ekkert," sagði Henry, "það gengur alt ljómandi vel."

"Hefirðu nokkur epli núna?" spurði matreiðslumaðurinn með ótútarlegu glotti.

"Nei, nú eru engin epli á ferðinni," sagði strákur. "Þú skilur aldrei nema eitt í einu, asninn þína. Hvar er skipstjórinn? Eg hefi frétt að færa honum, frétt, sem honum er líklega ekki mikið á mót skapi að heyra."

"Hvaða fréttir?" spurðu hinir báðir í einu og fólmuðu í framan.

"Verið þið rólegir, piltar," sagði Henry. "Það er slæmt fyrir þig, Sam, að verða mjög æstur, af því að þú ert of feitur, og matreiðslumaðurinn þolir það ekki vegna höfuðsins. Þið fáið að vita hvað þetta er, þegar tími er kominn til þess."

Hann yfirgaf þá og lofaði þeim að brjóta heilann um ástæðuna fyrir þessari óvenjulegu kæti sinni. Hann flýtti sér niður káetustigann og inn í káetuna; þar stóð hann og horfði á skipstjóranann og stýrimanninn, brosandí út undir eyru, eins og að þeir ættu að skilja af því, hvað honum væri á höndum. Þeir horfðu báðir á hann alveg forviða, og skipstjórinn, sem var í vondu skapi, hálf stóð upp.

"Hvar hefir þú verið, úrþvættið þitt?" spurði hann og horfði illilega til Henry.

"Eg hefi verið að litast um hér í kring," sagði Henry, enn þá brosandí. Hann gat ekki um annað hugsað en það, hvernig skipstjóranum mundi verða við, þegar hann segði honum fréttirnar.

"Þetta er í annað skiftið, sem þú ferð í burtu í leyfisleysi!" grenjaði skipstjórinn bálvondur. "Eg ætti að gefa þér ráðningu, sem þú myndir eftir."

"Jæja þá," sagði Henry, sem var hálf hissa yfir þessum viðtökum. "Hvenær á það að vera?"

"Ætlarðu að svara mér, lettinginn þinn?" sagði skipstjórinn. "Farðu strax að háttá."

"Mig langar til að—" byrjaði hann að segja með hálfum huga.

"Farðu að háttá!" endurtók skipstjórinn og stóð alveg upp.

"Að háttá, og klukkan er ekki nema sjö."

"Eg skal einhern veginn láta þig komast að því

keyptu," sagði skipstjórinn og sneri sér að matreiðslumanninum, sem var kominn ofan í káetuna. "Matreiðslumaður!"

"Já," svaraði matreiðslumaðurinn og lét ekki á sér standa.

"Taktu strákinn og háttadu hann undir eins."

"Já," sagði matreiðslumaðurinn glottandi. "Komdu með mér, Henry."

Henry sá, að nú var ekki um annað að gera, en að hlýða. Hann leit bænaraugum á skipstjóran og svo rétti hann úr sér og fór á eftir matreiðslumanninum.

"Hann verður að fara að háttu," sagði matreiðslumaðurinn við þá Sam og Dick, sem stóðu einn ærri og þeir gátu. "Hann hefir verið óþægur."

"Hver sagði það?" spurði Sam.

"Skipstjóran," sagði matreiðslumaðurinn. "Hann sagði mér, að við ættum að koma honum í rúmið."

"Þið þurfið ekki að skifta ykkur af því," sagði Henry þurlega. "Eg get farið sjálfur í rúmið."

"Það er engin fyrirhöfn fyrir okkur," sagði Sam.

"Við skulum gjöra það með ánægju," bætti Dick við.

Þegar þeir komu fram að niðurgöngunni í hásetaklefan, staðnæmdist Henry og geispaði eins og honum stæði alveg á sama, og það væri engin þörf að flýta sér.

"Farðu ofan og í rúmið," sagði Sam í ávítunaróm. Svo tók hann utan um hann og rétti hann niður til matreiðslumannsins, sem fékk óspart að kennan á fótunum á honum.

"Það ætti að baða hann fyrst," sagði Sam.

sem vildi stjórna athöfninni. "Og það er mánu-
dagskvöld í kvöld, svo hann ætti að fara í hreina
skyrta.

"Er búið að búa um hann?" spurði matreiðslu-
maðurinn.

"Við böðum hann ekki í kvöld," sagði Sam;
"það tekur of langan tíma." Svó batt hann þurku
framan á sig eins og svuntu og sagði: "Komdu nú
hérna, drengur minn; "eg skal sitja undir þér."

Hinir hjálpuðu honum til að knésetja strák og
yndirbúa hann undir svefninn. Matreiðslumaður-
inn stakk upp á því, að þeir skyldu fyrst taka af
honum skóna, og Dick sagði, að hann væri miklu
þægari, þegar búið væri að því. Svó þvoðu þeir
honum í framan og lögðu hann upp í rúmið.
Stýrimaðurinn gægðist ofan til þeirra, brosandí út
undir eyru af ánægju.

"Er barnið sofnað?" spurði hann.

"Já, hann sefur eins og engill," sagði Sam.
"Viltu ekki koma ofan og sjá hvað hann sefur
vært?"

"Sofi hann rótt," sagði stýrimaðurinn og fór.

Henry reyndi að gera það sem vænlegast var
úr því, sem komið var. Hann lokaði augunum og
varaðist að svara háði hinna með einu orði. Ávalt
síðan hann kom á Hafsúluna hafði hann verið und-
anþeginn öllum refsingum með sérstöku boði skip-
stjórans; og hann hafði notað sér það. Nú var
hann fallinn í álit, og hann lá og gnísti tönnum
við að hugsa um hvílfka smán hann hefði orðið
þola.

ELLEFTI KAPITULI.

Henry afréð að segja engum frá uppgötvum sinni. Hann sá að vísu eftir að verða af fundarlausunum, en hann vildi samt vinna það til. Seinna, mörgum mánuðum eða jafnvel árum seinna, skyldi hann sýna skipstjóranum, hvað hann hefði mist með meðferðinni á sér. Honum varð rórra í skapi við þessa umhugsun og út frá henni sofnaði hann.

Þegar hann vaknaði um morguninn, var ásetningur hans jafn staðfastur, en þegar fór að líða á aginn, fór hann að verða á báðum áttum. Skipstjórnin var kominn í gott skap og var nú vingjarnlegur í viðmóti; hann hafði gleymt öllu saman, þegar hann var búinn að skipa matreiðslumanninum að koma Henry í rúmið? Og tuttugu og fimm dollarar voru lagleg upphæð, sem ekki varð tekin upp úr steinunum, að Henry fanst. Þegar klukkan var orðin tíu stóðst hann ekki mátið lengur; hann gaf sig á tal við skipstjórnann og honum var ljóst, að það var enginn smáræðis greiði, sem hann ætlaði að gæta honum.

En áður en hann gat byrjað sögu sína varð hann var við einhvern gauragang uppi á bryggjunni; hann leit þangað og sá að matreiðslumaðurinn, sem hafði gengið upp í bæinn til að kaupa garðávexti, kom á fleygiferð ofan bryggjuna. Það var auðséð, að honum var mikið niðri fyrir. Hann rak sig á alla, sem á vegi hans urðu og kálhöfuðin, sem hann var með, þeyttust í allar áttir.

"Hvað gengur að matreiðslumanninum?" sagði skipstjórnin og hásetarnir hættu vinnu sinni og fóru að horfa á hann. "Hvað gengur á fyrir þér?"

spurði hann æði hvatkeypislega um leið og matreiðslumaðurinn kom æðandi fram á skipið og beint að skipstjóranum og hvílaði einhverju í eyra hans.

"Hvað?" spurði hann eftur.

Matreiðslumaðurinn stóð á öndinni augnablik.

"Gething skipstjóri," starnaði hann út úr sér, þegar hann loksins náði andanum. "Hann — hann er hér á næstu grösum."

Skipstjórinn þaut af stað upp bryggjuna með matreiðslumanninum, og fátíð á honum var ekki minna en á hinum; hann ruddi frá sér öllum, sem reyndu að forvitnast um hverju alt þetta sætti.

"Þér hefir sjálf sagt missýnst," sagði skipstjórinn, þegar þeir komu upp á næsta götuhorn. "Farðu ekki að hlaupa, því þá fáum við allan hópinn á hælana á okkur."

"Ef það var ekki hann sjálfur, þá var það skilgögnin bróðir hans," sagði matreiðslumaðurinn. "Þarna er hann! Þessi maður, sem stendur þarna! Hann þenti á mann, sem labbaði í hægðum sínum um megin á götunni. Það var sami maðurinn og Henry hafði komist í kunningskap við kvöldið síður."

"Snúðu við," sagði skipstjórinn, "og hlauptu; þessir amnar, sem eru að horfa á okkur, fara þá á eftir þér."

Matreiðslumaðurinn gerði eins og honum var sagt; og áhorfendurnir, sem sáu að hann var enn þá vitlausari en skipstjórinn, eftir háttalagi hans að dæma, þutu á eftir honum. Skipstjórinn gekk yfir götuna og fór að veita manninum eftirför, hægt og gætilega.

Hann gekk fram hjá honum og leit svo við til að virða hann fyrir sér. Það var ekki um það að

villast, að hann var líkur myndinni. Hann hélt áfram ofur litla stund og var að velta fyrir sér, hvernig hann ætti að fara að því að ná tali af honum. Svo sneri hann við og beið þangað til karlinn var kominn fast að honum.

"Góðan daginn," sagði skipstjórinn.

"Góðan daginn," sagði hinn og nam staðar.

"Eg er í hálfgerðum vandræðum," sagði skipstjórinn og hló; "eg er með skilaboð til manns, sem á heima hér, en get ekki fundið hann. Ekki vænti eg að þú getir hjálpað mér?"

"Hvað heitir hann?" spurði hinn.

"Hann heitir Gething," svaraði skipstjórinn.

Karlinum brá kynlega við, er hann heyrði nafnið. Hann varð náfölnur í framan. "Eg hefi aldrei heyrt hann nefndan á nafn," sagði hann og reyndi að halda áfram.

"Það er eins og að enginn hafi heyrt hans getið," sagði skipstjórinn. "Það er einmitt það sem gerir mér svo refitt að finna hann."

Hann beið eftir svari, en fékk ekkert. Karlinn lét engan bilbug á sér finna, og hélt áfram.

"Hann fer huldu höfði," sagði skipstjórinn. "Ef þú skyldir hitta hann, þá segðu honum að konan hans og dóttir, sem Anna heitir, hafi verið að reyna að fá fréttir af honum í fimm ár, og að hann þurfi ekki að vera að fela sig, því að maðurinn, sem alt þetta stafar af, sé eins hraustur og heilbrigður og eg er. Vertu sæll."

"Góðan daginn," sagði hinn og nam staðar.

Karlinn nam staðar alt í einu, andvarpaði þungt og greip í útrétta höndina á skipstjóranum.

"Eg á að segja honum — að maðurinn sé lifandi?" sagði hann með skjálfandi rödd.

“Já, það og ekkert annað,” sagði skipstjórinn vngjarnlega og leit undan, er hann sá svipbreytinguna á andliti hins. Báðir stóðu þegjandi ofurlitla stund, þangað til skipstjórinn tók til máls aftur.

“Ef eg kem með þig heim aftur, þá giftist dóttir þín mér.” Hann tók um leið í höndina á honum og karlinn sneri við orðalaust og fylgdi honum.

Þeir gengu saman ofan að höfninni; skipstjórinn talaði, en hinn hlustaði. Þegar þeir komu að pósthúsinu nam skipstjórinn skyndilega staðar.

“Hvernig væri, að þú sendir skeyti heim héðan?” spurði hann.

“Mér lízt ágætlega á það,” sagði hinn og fylgdi honum inn.

Hann stóð og horfði á meðan skipstjórinn fylti út og reif í sundur hvert eyðublaðið á fætur öðru, og saug þess á milli blýantinn og reyndi að láta sér detta eitthvað gott í hug. Gething kunni varla að skrifa sjálfur og vorkendi öllum, sem þurftu að gjöra það; hann stóð lengi og horfði á og sagði ekki neitt, en þegar skipstjórinn fleygði frá sér fimta blaðinu, gat hann ekki stilt sig lengur.

“Eg veit ekki hvernig eg á að orða það,” sagði skipstjórinn í afsökunarróm; og vil ekki láta það koma þeim of mikið á óvart.”

“Það er rétt,” sagði hinn og stóð kyr og horfði á, þangað til að skipstjórinn loksins brosti, eins og honum hefði dottið eitthvað ágætt í hug, því að hann skrifaði í flýti til þess að missa ekki af því áður en það kæmist á pappírinn.

“Þú ert búinn?” spurði Gething ákafur.

“Hvernig líkar þér þetta? Faðir þinn biður að heila ykkur báðum.”

“Ágætt, ágætt!” sagði hinn.

"Það er ekki of ákveðið," sagði skipstjórinn.
 "Það segir ekki að eg hafi fundið þig, en gefur það
 í skyn. Eg held mér hafi tekist vel."

"Já, þér hefir sannarlega tekist upp," sagði karl-
 inn, sem var í því skapi, að honum geðjaðist að öllu.
 "En hvað þær verða fegnar, aumingjarnir! Eg hálf-
 skammast mín fyrir að sjá þær aftur."

"Hvaða vitleysa!" sagði skipstjórinn; hann var
 sjálfur í bezta skapi. "Hvað viltu fá þér að drekka?
 Eithvað sem bragð er að?"

Hann fór með hann inn í næstu drykkjukrá, og
 nokkru síðar sá skipshöfnin á Hafsúlunni, sem hafði
 rent augum forvitnislega upp eftir bryggjunni síð-
 ustu mínúturnar, þá koma gangandi saman niður
 að skipinu. Báðir reyktu vindla, og áður en þeir
 stigu út á skipið, nam Gething skipstjóri staðar,
 virti Hafsúluna fyrir sér og fór mörgum orðum um
 það hvað hún væri fallett skip.

Skipshöfnin hætti að vinna um leið og þeir komu
 ofan á þilfarið. Matreiðslumaðurinn brosti borgin-
 mannlega, eins og sá, sem veit að hann hefir orðið
 orsök í einhverjum stórviðburði, en Henry reyndi
 að sýnast rólegur, þótt hann væri í alt annað en
 góðu skapi.

"Þetta er maðurinn," sagði skipstjórinn og
 klappaði á öxlina á matreiðslumanninum; þetta er
 maðurinn, sem fann þig. Betri maður hefir aldrei
 haft skipsrúm hjá mér."

Matreiðslumaðurinn varð svo upp með sér af
 þessum lofsyrðum, að hann þreif í höndina á gamla
 skipstjóranum og hrísti hana duglega. Það var að
 vísu móti venjunni fyrir mann, sem einu sinni
 hafði verið skipstjóri, að taka í höndina á ó-
 breyttum hásetum, en í þetta skifti gleymdi gamli

maðurinn því og heilsaði öllum með handabandi. Henry síðast, sem var ekki eins ákafur og hinir.

"Eg hefi séð þennan pilt áður," sagði hann; "eg talaði við hann í gær. Eg kom einmitt hingað ofan eftir í dag til þess að vita hvort eg fyndi hann ekki aftur."

"Þetta er eitthvað skrítið," sagði skipstjórinn. "Hann er þá vanur að hafa augun hjá sér, strákurinn. Um hvað varstu að hugsa, Henry?"

Henry sá, að hinum var skemt, og í gremju sinni lét hann sem hann heyrði ekki spurninguna. Skipstjórinn sagði matreiðslumanninum að koma með sér ofan í káetuna, og þegar hann kom upp aftur, létu félagar hans hann engan frið hafa fyrir spurningum. Hann svaraði með því að benda á annan buxnavasann og svo dró hann upp handfylli sína af peningum. Þeir létu allir samfögnuð sinn í ljós; en eftir ofurlitla stund lét Sam samt óánægju sína í ljós.

"Vildirðu ekki nú, Dick, að þú hefðir gengið í hlutafélagið?" spurði hann.

"Um hvað ertu að tala?" spurði matreiðslumaðurinn og flýtti sér að stinga peningunum í vasa sinn aftur.

"Eg var þara að spyrja hann, hvort honum þætti ekki verra, að hafa ekki gengið í hlutafélagið," sagði Sam, eins og ekkert væri um að vera.

Matreiðslumaðurinn var alveg orðlaus. Hann baðaði út frá sér höndunum, eins og hann væri að biðja um hjálp til þess að geta varið fé sitt gegn svona ósvífinni tilraun til að hafa það af honum.

"Hvað gengur að þér?" sagði Sam. "Eg bið ekki nema um helminginn af fundarlaununum; og það er bezt eg fái hann, áður en þú eyðir þeim."

Þegar matreiðslumaðurinn gat loksins komið

orðum að því, sem hann hafði í huga, hélt hann langa og hjartnæma ræðu um helgi eignarréttarins fyrir Dick og Henry. Aldrei fyr á æfinni hafði honum tekist jafnvel að segja meiningu sína, og í ræðulok gaf hann í skyn, að Sam væri blátt áfram svikahrappur, og þar með þóttist hann hafa gert góða grein fyrir sínum málstað.

"Eg vil hafa helminginn," sagði Sam og horfði á hann heldur óblíðlega.

Matreiðslumaðurinn vætti varirnar með tungu sinni og hélt áfram að tala.

"Helminginn," sagði Sam aftur. "Mér kemur ekkert við, hvað þú gerir við þinn hluta, en eg ætla að gefa Dick nokkuð af mínum.

"Hvernig stendur á því, að þú borgar ekki manningnum það sem hann á að fá?" spurði Dick, sem var alt í einu farinn að láta sig málið nokkru skífta.

"Vegna þess að hlutafélagið er ekki lengur til," sagði matreiðslumaðurinn; "það fór á hausina. Hlutafélagið var hlutafélag bara meðan við vorum að leita að honum báðir saman. Ef hlutafélagið hefði—"

"Þetta er nóg," sagði Dick, sem var farinn að verða óþolinmóður. "Borgaðu manningnum það sem honum ber. Allir vita, að þið ætluðuð að skifta því jafnt á milli ykkar. Mér hefði aldrei dottið í hug, að þú ætlaðir að fara svona skammarlega að ráði þínu."

Endir málsins varð sá, að þeir skiftu jafnt á milli sín, og Sam gaf Dick nokkuð af sínu. Dick lét ótví-
æðlega á sér skilja, að hann hefði ekkert á móti því að þiggja jafn-mikið frá matreiðslumanninum, en matreiðslumaðurinn lét sem hann heyrði það ekki.

Hann tók ekki undir, þegar þeir buðu honum að koma með sér og fá sér einhverja hressingu. Ólundarlegur á svipinn labbaði hann einn inn í klefa sinn.

Um miðjan daginn kom símskeyti frá ungfrú Gething og næsta dag bréf, sem skipstjórinn las fyrir föður hennar. Hann las það með rykkjum og slepti úr setningum hér og þar, çæm hann hélt að gamli maðurinn mundi ekki kæra sig um að heyra, eða, sem máské var öllu líklegra, hann kærði sig ekki um að láta hann heyra. Þeir hömuðust við að hlaða skútuna, og Gething gamli hjálpaði þeim, hvað sem hver sagði.

Farmurinn var kominn um borð og búið að ganga frá öllu klukkan fimm um daginn. Skipstjórnarnir báðir og stýrimaðurinn sátu við tedrykkju í káetunni.

“Við siglum um klukkan þrjú, býst eg við,” sagði stýrimaðurinn.

Skipstjórinn kinkaði kalli.

“Klukkan þrjú,” endurtók hann, “og höldum til Northfleet. Eg ætla að láta ykkur alla vera við giftinguna, og þú verður svaramaður minn.”

“Og Henry verður brúðarsveinn, klæddur í hvítar silkibrækur,” og hann skellihló að myndninni í sjálfum sér.

Þeir hlógu allir, nema Henry, sem kom ofan í þessu bili með heitt vatn. Hann horfði á þá og gerði enga tilraun til þess að dylja fyrirlitningu sína.

Hálfri stundu síðar fóru skipstjórinn og stýrimaðurinn í land sinna erinda og skildu Gething gamla reykjandi eftir í káetunni. Hásetarnir og matreiðslumaðurinn fóru líka í land til að fá sér hressingu; þeir voru búnir að jafna með sér alt sem þeim bar á milli.

"Þú verður kyr á skipian, drengur," sagði skipstjórinn, þegar hann var kominn upp á bryggjuna.

"Já," sagði Henry ólundarlega. .

Skipstjórinn og stýrimaðurinn gengu upp bryggjuna og upp Aðalstrætið, og skipstjórinn ypti öklum góðlátlega, þegar hann gekk fram hjá opnum dyrum á veitingakrá og sá að skipshöfnin var sezt þar við drykkju. Yfirmennirnir fylgdu dæmi uðirmanna sinna og fóru inn í næsta veitingahús, og stýrimaðurinn, sem í þetta sinn var alveg óvönjulega örlátur, bað um portvín, en ekki brennivín, eins og hann var vanur. Af sömu ástæðu stakk hann pípunni í vasa sinn og þáði vindil. Þegar þeir voru búnir að hressa sig, gengu báðir út á götuna.

"Hvar skyldi maður geta náð í skraddara?" spurði skipstjórinn.

"Til hvers?" spurði stýrimaðurinn.

"Eg ætla að kaupa föt handa gamla manna-
na. Hann getur varla komið heim eins útlitandi og hann er nú."

"Hvers vegna léztu hann þá ekki koma með okkur?" spurði stýrimaðurinn. "Hvernig á maður að vita hvort þau verða máttuleg handa honum?"

"Hann vildi ekki leyra það nefnt," sagði skipstjórinn og fór að horfa á föt, sem voru til sýnis í glugga á skraddarabúð, sem þeir voru komnir að. "Það er ekki svo auðvelt að sansa hann; en hann getur varla neitað að taka við fötunum, ef eg kaup þau og fer með þau um borð."

Þeir fóru inn í búðina og báðu um að sér væru fæð föt. Stýrimaðurinn vildi fá að sjá fleiri og sári, þangað til þeir voru búnir að skoða allt, sem var til í búðinni og þeim var sagt, að það væri ekki

meira þar að hafa. Að velja fót handa máttu, en ekki er viðstaddur, er vandaverk, en skipstjórinn og stýrimaðurinn reyndu hverja treyju, sem þeir sáu, í þeirri von að finna eitthvað, sem ekki væri mjög fjærri því að vera mátulegt. Loksins misti stýrimaðurinn vindilinn sinn innan í erumna á treyju, sem hann var að skoða og fann hana ekki strax aftur. Skraddarinn reiddist og heimtaði, að þeir keyptu fötin.

"Það gerir ekkert til," sagði stýrimaðurinn, þegar þeir komu út með fötin, "það var bara fóðrið, sem sviðnaði. Og þetta voru fötin, sem eg ætlaði mér alt af að taka."

"Því tókstu þau þá ekki strax?" sagði skipstjórinn.

"Við fengum þau fyrir minna með þessu mátti. Þá mátt reiða þig á, að hann hefði sett meira fyrir þau, hefði hann vitað strax, að við mundum fá einmitt þessi fót."

Það var farið að dimma, og þegar þeir voru búnir að kaupa húfu og annað smávegja, stóð stýrimaðurinn upp á, að þeir fengju sér hrossingur aftur. "Ekkert liggur á," sagði hann um holl og hann lagði frá sér böggulinn. "Hvað eigum við að hafa það núna?"

TÓLFTI KAPITULI

Hraðskeytið, sem skipstjórinn hafði sett saman með ekki all-lítilli fyrirhöfn, kom til frú Gething rétt í sama mund og Glover, sem hafði setið og hlustað á mælgina í henni hálfan daginn, var að kveðja. Honum varð ekki minna um fregnina en henni, og alla leið á járnbrautarstöðina suðu reiðin og afbrýðissemin í honum. Hann fór að hugsa um, hvernig hann ætti að fara að því, að ná frá keppinaut sínum verðlaununum, sem hann mundi fá fyrir að hafa orðið svo heppinn að finna mann gömlu frú Gething. Þegar hann kom heim, var hann búinn að hugsa sér eins gott ráð til þess að koma sínu fram og líklegt var að manni, sem aldrei hafði staðið í meiri stórræðum en þeim, að selja sokkaplögg, gæti hugkvæmst. Hann brá sér til að hitta kunningja sinn einn, se mátti heima í heldur lélegum herbergjum ekki langt í burtu þaðan, sem hann sjálfur bjó.

"Eg ætla að biðja þig að gera mér greiða, Tilotson," sagði hann við þennan kunningja sinn, sem var fremur illúðlegur á svip.

"Mér væri sönn ánægja að því að gera þér greiða," sagði Tilotson og stakk höndunum í vasana; hann stóð og vermdi sig við ofnræfil, sem var í herberginu. "Það er að segja, ef eg get gert það," bætti hann við.

"Það er stór greiði," sagði Glover.

Hinn sagði, að sér þætti það því betra, ef hann bara gæti gert hann; en það væri vafasamt.

"Eg gæti ekki beðið neinn nema þig að gera þetta", sagði Glover. "Ef þú gerir það og alt

gengur vel, skal eg sjá um, að þú fái atvinnuna, sem þú baðst mig um að útvega þér."

"Eg geng að því," sagði Tillotson og það aðnaði allvel yfir honum. "Bíddu ofurlita and; ef stelpa er hérna, skal eg senda hana eftir hverju handa okkur að drekka."

"Það er best að eg byrji á upphafinu," sagði Glover, þegar þeir voru seztir niður við brennivín-flösku, sem Tillotson hafði látið sækja handa þeim: "Það má fara fljótt yfir sögu."

Hann kveikti í pípunni sinni, byrjaði að segja söguna og hætti ekki fyr en hann var búinn að því.

"Þú ert stunginn, Glover, ekki vantar það," sagði vinur hans fullur aðdáunar. "Eg hefi tekið eftir því, að þú hefir verið að halda þér til fyrir einhverjum nú í seinni tíð, þó þú raunar hafir alt af verið fyrir það gefnn, að koma vel fyrir sjónir."

"Eg er fyrir það gefinn, að halda í það, sem mér heyrir til," sagði Glover.

"Og þessi skipstjóri hefir karlinn undir höndum," sagði Tillotson. "Eg sé ekki hvað maður getur gert."

"Eg þarf að ná í hann," sagði Glover. "Því eg get ekki fundið hann, þá skal enginn annar hafa ánægjuna af því. Og þú verður að hjálpa mér."

"Eg á að fara noður til Stourwick, láta hann í þoka og drekkja honum, býst eg við?" sagði Tillotson.

"Geturðu farið á morgun?" sagði Glover óþolinmóður.

"Eg er frjáls eins og fuglinn á grein," sagði Tillotson. hálf ólundarlega. "En það er þessi maður

á mér og fuglunum, að enginn kastar út brauð-
 orpum handa mér."

"Eg má þá reiða mig á þig," sagði Glover; "eg
 hélt mér væri það óhætt. Við höfum þekst lengi,
 Tillotson; og vinur er sá, er í raun reynist."

Tillotson kinkaði hægt kolli til samþykkis. "Þú
 gleymir ekki ak útvegum ér stöðuna," sagði hann.

"Nei, því gleymi eg ekki," sagði Glover. "Eins
 og þú skilur, má eg ekki vera neitt við þetta riðinn
 sjálfur. Þú verður að fara og ná karlinum og koma
 með hann hingað til Lundúna. Svo get eg rekið
 á hann einhvers staðar úti á strætum, alveg eins og
 af tilviljun."

"En eg get ekki séð, hvernig unt er að koma
 þessu í kring," sagði Tillotson.

"Hittu mig í fyrra málið, þegar klukkan er nú
 mínútur genginn í nú á Waterloo járnbrautarstöð-
 inni, og við skulum að minsta kosti gera tilraun,"
 sagði Glover og drakk það sem eftir var í glasi
 sínu um leið og hann stóð upp.

Þeir gengu niður stigann og kvöddust með
 handabandi í dyrunum, eftir að þeir voru búnir að
 ráðgera að fara tímanlega á fætur næst morgun.
 Síðan hélt Glover heim til sín og fór að hugsa um,
 hvernig bezt mundi að haga verkinu næsta dag.

Hann kom tímanlega á járnbrautarstöðina um
 morguninn og fékk sér sæti í lestinni, en Tillotson
 kom alveg mátulega til þess að ná í lestina áður en
 hún var komin á fulla ferð.

"Eg var hálf hræddur um, að eg ætlaði ekki
 að hafa það," sagði Tillotson ofurlítið upp með sér
 um leið og hann settist niður. Það hefði ekki verið
 betra, þó eg hefði komið hingað klukkan sjö."

Það rumdi dálítið í vini hans, eins og hann

vildi með því samþykkja það sem hann sagði; og þar sem þeir voru að eins tveir í vagninum, byrjaði hann tafarlaust að tala um, hvernig þeir ættu að framkvæma ætlunarverk sitt.

“Ef hann kynni að lesa, þá gætum við sent honum bréf um borð,” sagði Tillotson. “Að hugsá sér að maður á hans aldri skuli ekki kunna að lesa!”

“Hann tilheyrir eldri kynslóðinni,” sagði Glover.

“Hún er skritin, þess gamla kynslóð,” sagði Tillotson háðslega. “En það er líklega best, að við sitjum um hann, þegar hann er á gangi.”

Þeir komu til Stourwich skömmu eftir miðjan dag. Glover horfði vandlega í kring um sig þar sem þeir fóru eftir Wilson skipstjóra. Þeir komust ofan að bryggjunni, sem Hafsúlan lá við og þar skildi hann við vin sinn, sem fór að leita að skútunni. Sjálfur fékk hann sér herbergi uppi á lofti í veitingahúsi og beið þar við glugga, sem vissi niður að höfninni.

“Þetta er skipið,” sagði Tillotson, þegar hann nokkru síðar kom aftur úr leitinni inn í herbergið til Glovers; “þessi litla skúta, sem liggur þarna. “Sérðu gamla manninn, sem er að vinna á þilfarinu með hinum?”

Glover setti lélegan kíkir, sem hann hafði með sér, fyrir augu sér og leit þangað sem félagi hans benti honum. Þegar hann kom auga á manninn, rak hann upp ofurlítið undrunaróp.

“Já, þetta er hann,” sagði hann og lagði frá sér kíkirinn. “En hvað eigum við að gera nú?”

Tillotson stakk upp á því, að þeir fengju sér að borða. Að því búnu fór hann aftur niður á

bryggjuna og rölti þar um í hægðum sínum, en Glover hélt kyrru fyrir. En þegar fór að kvölda, gat hann ekki lengur á sér setið. Hann dró hattinn niður yfir augun og fór niður á bryggjuna. Skamt frá skipinu fann hann staur til að halla sér upp að og þar stóð hann, ásamt vini sínum, og gætti nákvæmlega að öllu sem fram fór á þilfarinu.

"Þarna fara þrír af þeim í land," sagði Tillotson alt í einu í hálfum hljóðum.

Þeir horfðu á hásetana, sem gengu upp bryggjuna í hægðum sínum. Það var byrjað að dimma og þeir færðu sig nær.

"Þetta er Wilson, skipstjórinn," hvíslaði Glover. "Við skulum láta, sem við sjáum hann ekki."

"Til hvers ertu að segja mér frá honum?" sagði Tillotson, sem ekki gat séð að hann kæmi erindi þeirra fram á bryggjuna nokkuð við.

"Hann er að fara upp í bæ með öðrum manni, og sem er líklega stýrimaðurinn," sagði Glover ákafur. "Nú er tækifærið. Farðu nú og náðu í karlinn, og eg skal svei mér borga þér vel fyrir ómakið."

"Hvað kallar þú að borga vel?" spurði Tillotson, sem var öllu rólegri en vinur hans.

"Komdu honum heilum á húfi til Lundúna og þú skalt fá tuttugu og fimm dollara í peningum. Farðu nú; eg skal bíða hér."

Tillotson, sem nú hafði fengið ákveðið loforð um borgunina, gekk ofan að Hafsúlunni í hægðum sínum og sneri ofur rólega yfirskeggið á milli fingra sinna, eins og hann væri að ganga þarna sér til skemtunar. Þegar hann kom að skipinu, kom hann auga á Henry, sem stóð á þilfarinu.

“Er Gething skipstjóri hér?” spurði hann vinnjarnlega.

“Hann er sjáfsagt í káetunni,” sagði Henry og benti á káetudyrnar.

“Mig langar til að tala við hann,” sagði Tillotson.

“Þú getur það fyrir mér,” sagði strákur.

Tillotson, sem var vel ánægður með hvernig honum gekk erindið, kom ofan á þilfarið og horfði í kring um sig.

“Hann er gamall kunningi minn,” sagði hann. “Hvað er það, sem þú ert að reykja?”

“Það er nú bara algengt sjómanna tóbak,” svaraði hinn.

“Fáðu þér vindil,” sagði Tillotson og rétti fram þrjá vindla, er hann hafði í umslagi. “Þeir eru ekki sem verstir.”

Henry tók einn vindilinn og bar hann upp að nösunum á sér, svo lagði hann hann við eyrað og hlustaði eftir hvernig brysti, í honum, en á meðan gekk Tillotson í hægðum sínum ofan í káetuna.

Tebakki og bollar og undirskálar stóðu á víð og dreif um borðið í káetunni, og við borðsendann sat gamall maður og hvíldi hendurnar á borðbrúnni.

“Gott kveld,” sagði Tillotson í káetudyrnunum og skimaði í kring um sig til að ganga úr skugga um, hvort enginn annar væri þar. “Ertu hér al-einn?”

“Aleinn,” endurtók Gething og leit upp til að sjá hver það væri, sem hann var að tala við.

“Það er svo dimt hér, að maður getur ekki séð þig á lengdar,” hvíslaði Tillotson. “En þú munt vera Gething skipstjóri.

“Já, sá er maðurinn,” sagði hinn hálf hikandi.
 “Ætlarðu til Northfleet?” hvíslaði Tillotson aftur.

“Hvers vegna spyrðu að því?” spurði Gething og greip með báðum höndum í borðröndina.
 “Ertu viss um, að þér sé óhætt að fara þangað?” spurði Tillotson.

“Við hvað áttu? Talaðu blátt áfram,” sagði Gething.

“Þér er betra að strjúka,” sagði Tillotson. “Það hefir verið boðið fé til höfuðs þér, og Wilson skipstjóri ætlar sér að ná í það. Maður getur ekki sloppið, þegar maður hefir gert það sem þú gerðir.”

Gamli maðurinn sat grafkyr og hélt höndunum fyrir andlitið.

“Eg fer þangað,” sagði hann. “Wilson sagði mér, að hann væri lifandi enn þá, og að þetta væri alt misskilningur. Ef hann hefir logið að mér, til að fá peningana, þá getur hann fengið þá.”

“En hvað er um konu þína og dóttur?” sagði Tillotson, sem var farinn að efast um, hvort það væri rétt af sér að halda áfram við það, sem hann hafði tekið að sér að gera. “Eg las í blöðunum í gærkveldi, að Wilson væri búinn að ná þér. Hann er farinn upp í bæ núna til þess að tala við lög-
 regluna.”

“Hann fékk bréf frá dóttur minni í morgun,” sagði gamli maðurinn hálf kjökrandi.

“Hann sagði þér, að það væri frá henni. Búðu þig í snatri og komdu með mér.”

Hann greip um handlegginn á Gething, sem stóð upp og hlýddi honum. Hann tók húfuræfilinn sinn af snaganum og fór upp á eftir Tillotson.

"Við ætlum að ganga upp í bæ og fá okkur hressingu," sagði Tillotson við Henry. "Við komum aftur eftir tíu mínútur."

"Það er ágætt," svaraði Henry. "Eg vildi að eg mætti verða ykkur samferða."

Hinn hló og flýtti sér upp á bryggjuna. Gething gekk niðurlútur og þegjandi við hliðina á honum. Eftir því sem þeir komust lengra frá skipinu, varð hann hræddari og ákafari með að strjúka, svo að Tillotson þurfti ekkert fyrir því að hafa að koma honum með sér.

"Hvert erum við að fara?" spurði hann, þegar þeir komu í grend við járnbrautarstöðina. "Eg fer ekki með járnbrautarlest."

"Til Lundúna," sagði Tillotson; "það er bezt staðurinn til að fela sig."

"Eg fer ekki upp í lestina," sagði hinn með þráa.

"Hvers vegna ekki?" spurði Tillotson hissa.

"Þegar þeir koma aftur til skipsins og sjá að eg er farinn, senda þeir símskeyti til Lundúna," sagði Gething. "Eg geng ekki í þá gildru."

"Hvað ætlarðu þá að gera?" spurði Tillotson, sem nú var kominn í standandi vandræði.

"Eg veit það ekki," svaraði hinn. "Eg held að það verði bezt að ganga. Það er dimt og við getum komist tuttugu mílur í burtu áður en fer að birta aftur."

"Já, við getum það," sagði Tillotson, sem fýsti ekki að leggja land undir fót og sízt af öllu að næturlagi, "en við gerum það nú samt ekki."

"Láttu mig þá fara eínan," sagði hinn.

Tillotson hristi höfuðið.

"Þeir fyndu þig undir eins, ef þú færir að flakka

um úti á landsbygiðinni hér í kring," sagði hann í-smeygilega. "Láttu mig nú ráða og komdu með mér upp í lestina."

"Nei, það geri eg ekki," sagði Gething. "Það var fallega gert af þér að gefa mér aðvörun. Láttu mig nú fara, vinur minn."

Tillotson hristi höfuðið og leit til Glover, sem var rétt fyrir aftan þá.

"Eg vildi, að þú bærir traust til mín. Þú ert óhultari í Lundúnum heldur en á nokkrum öðrum stað."

Gething hugsaði sig um. "Það er skip hér uppi í ánni hér um bil hálfa mílu vegar, sem leggur af stað í fyrramálið um klukkan níu," sagði hann. "Eg hefi verið á því skipi í eitt eða tvö skifti, og skipstjórinn á því tæki okkur máskæ, ef þú getur borgað honum vel fyrir það. Hann kannast við mig með nafninu Stroud."

"Ef þú vilt bíða hér eina eða tvær mínútur," sagði Tillotson, "þá ætla eg að fara inn í járnbrautarstöðina og ná í töskuna mína." Hann ætlaði sér að bregða sér frá, til þess að ráðfæra sig við Glover.

"Eg skal bíða eftir þér við veginn þarna," sagði Gething.

"Reyndu ekki að hlaupa burtu," sagði Tillotson með áherzlu. "Fyrst þú vilt ekki fara með lestinni, þá getur skeð að það verði best að fara með skipinu."

Hann fór í áttina til járnbrautarstöðvarinnar og þegar hann var búinn að tala nokkur orð í flýti við Glover, kom hann þangað sem Gething stóð í skugganum með hendurnar í vösunum.

"Það er best að við höfum það eins og þú vilt

og förum með skipinu," sagði Tillotson. "Þú veizt víst hvar það er að finna?"

Þeir sneru við og vörðust að láta nokkurn mann sjá sig. Áður en þeir komu niður að höfninni sneri Gething til vinstri handar og gekk á undan gegn um þröngar götur. Þetta var í þeim hluta bæjarins, sem fáir áttu leið um á kvöldin. En Henry, sem var farið að lengja eftir þeim, hafði veitt þeim eftirför og orðið þeirra var er þeir beygðu við. Hann fylgdi þeim eftir forvitinn að sjá hvert þeir ætluðu að halda.

Undrun hans fór vaxandi þegar þeir héldu áfram út úr bænum og í áttina til árinna. Vegurinn var grýttur og ósléttur og hann fór yarlega, til þess að þeir skyldu ekki verða sín varir. Þeir námu staðar á ofurlítilli bryggju, sem smáskúta lá við og eftir langt hljóðskraf fóru þeir út í skútuna. Enginn maður var á þilfarinu, en ljós sást í káetuglugganum; og þeir héldu ofan í káetuna eftir að hafa hikið að ofurlítið við dyrnar.

Tveir klukkutímar liðu og strákur sat skjálfaandi á bak við tómar tunnur, sem voru á þilfarinu. Hann vissi ekkert um það, sem fram fór í káetunni; en þar voru þeir að semja við skipstjórann um að taka sig sem farþega. Skipstjórinn var fús á það, þegar hann fékk borgunina og þeir lofuðu að gera sér að góðu bæði mat og annað, sem farþegar eiga að hafa. Enn leið langur tími; tveir hásetar komu um borð og fóru ofan í klefa sinn. Klukkan eló ellefu og nokkrum mínútum síðar var ljósið slökt í káetunni.

Hann beið enn góða stund og læddist svo að stiganum. Háar hrotur heyrðust að neðan. Hann læddist aftur upp á bryggjuna og hljóp sem fætur tóguðu sömu leið og hann hafði komið.

PRETTANDI KAPITULI.

Wilson skipstjóri og stýrimaðurinn komu aftur um borð með fötin, sem þeir fleygðu ofan á þilfarið af bryggjunni; síðan stauluðust þeir sjálfir á eftir.

"Piltarnir eru víst allir á landi," sagði stýrimaðurinn og leit í kring um sig. "Þeir verða fall-ega á sig komnir eða hitt þó heldur til að leggja af stað. Strákurinn er líklega niðri hjá gamla skipstjóranum."

"Farðu niður og láttu gamla manninn koma upp," sagði skipstjórinn. "Eg kæri mig ekki um að aðrir séu við, þegar eg gef honum fötin."

"Það er ekkert ljós í káetunni," sagði stýrimaðurinn. Svo fór hann niður stigann og þreifaði fyrir sér.

"Hér er kolsvartamyrkur," sagði hann glaðlega um leið og hann kom ofan.

Enginn svaraði. Hann þreifaði fyrir sér eftir eldspýtum og kveikti á einni, þegar hann var búinn að finna þær. Káetan var tóm. Hann opnaði hurðina á svefnklefanum og leit inn í hann. Hann var líka mannlaus.

"Hann hlýtur að hafa gengið eitthvað með stráknum," sagði skipstjórinn ofurlítið órólegur, þegar stýrimaðurinn kom upp og sagði honum, að enginn væri niðri.

Hann tók böggulinn upp og fór niður með unn. Stýrimaðurinn fylgdi honum á eftir. Báðir úst niður og reyktu þegjandi.

"Klukkan orðin níu," sagði stýrimaðurinn lokaþblíðum róm, þegar klukkan byrjaði að slá. "Skyldi strákræsið hafa tekið upp á því að gera

manni einhverja brælluna? Hann hefir verið í nógu vondu skapi til þess núna síðustu dagana."

"Eg get ekki séð, að hann gæti gert nokkrar brællur," sagði hinn og hleypti í brýrnar.

"Mér sýnist helst útlit fyrir, að hann hafi komið karlinum eitthvað burt," sagði stýrimaðurinn. "Eg ætla að fara í land og vita hvort eg sé nokkuð til þeirra."

Hann tók húfu sína og fór. Ein klukkustund leið. Þá stóðst skipstjórinn ekki lengur mátið, heldur fór upp á þilfarið.

Það var búið að loka öllum búðum og öll ljós voru slökt nema á ljóskerunum á götunum; öll umferð var hætt, nema hvað einn og einn maður sást á gangi við og við. Nokkrir sjómenn komu ofan bryggjuna og fóru út í gufuskip, sem lá þar rétt hjá. Kvenmaður kom gangandi eftir bryggjunni. Hún athugaði skipin og virtist vera í vafa um, hvert hún ætti að halda. Þegar hún kom á hlið við Hafsúluna, staðnæmdist hún og leit niður á þilfarið. Skipstjórinn gekk yfir þilfarið í átúna til hennar og horfði á hana í hálfdimmunni.

"Er þetta Hafsúlan?" var spurt með skærri og unlegri rödd.

"Anna!" hrópaði skipstjórinn forviða. "Anna."

Hann hljóp upp kaðalstigann upp á bryggjuna, og greip í höndin á henni. Hann dró hana að sér, og ætlaði að taka utan um mittið á henni, en þá alt einu mundi hann eftir, hvernig ástatt var.

"Komdu út á skipið," sagði hann og hjálpaði henni sem bezt hann gat til að komast niður stigann.

"Hvar er faðir minn?" spurði hún með ákað.

Skipstjórinn svaraði engu.

"Hvar er hann?" spurði hún aftur.

"Eg veit það ekki," sagði hann og hristi höfuðið. "Hann var hér fyrir einni eða tveimur klukkustundum; hann var hér í gær."

Hún þreif í handlegginn á honum. "Hvar er hann nú? Hvað hefir þú gert við hann?"

Hann sagði henni frá öllu, sem fyrir hafði komið, eftir því sem hann vissi best, og hafði ekki augun af henni á meðan. Hún færði sig fjær honum og stappaði dálítið óþolinmóðlega niður öðrum fætinum á þilfarið.

Hjáróma söngur heyrðist uppi á bryggjunni og færðist nær. Söngmennirnir voru Dick, Sam og matreiðslumaðurinn. Þegar þeir voru komnir alla leið hlyktu þeir út með nokkrum háum tónum og Sam, sem ekki hafði svikist um að drekka, dansaði eins og hann væri álveg búinn að missa vitið.

"Getið þið ekki þagað?" kallaði skipstjórinn upp til þeirra byrstur, því það var auðséð að Önnu var ekki farið að lítast á blikuna.

"Gott og vel," sagði Sam hikandi; "eg er að reyna að líta eftir þeim. Varaðu þig að hálsbrjóta þig ekki, Dick."

Dick fór álveg fram á brúnina á bryggjunni og reyndi að halda jafnvæginu þar, til þess að sýna, að hann væri ekki valtur á fótunum; en þegar minst varði misti hann jafnvægið og valt ofan á þilfarið. Hinir komu á eftir, báðir líkt á sig komnir og félagi þeirra.

"Snáfið þið niður!" hrópaði skipstjórinn.

"Já," sagði Dick og skaut sér undan, eins og inn ætti von á einhverju meiru en skipuninni einni. Komdu, Sam, við megum ekki vera hér."

"Það kemur alt til af því, að þú fóret að dansa,

Sam," sagði matreiðslumaðurinn, sem æfinlega var mótfallinn öllu ósæmilegu framferði.

"Viljið þið gera svo vel og fara niður?" þrumaði í skipstjórnunum um leið og hann ýtti matreiðslumanninum hálf óþyrmilega áfram.

"Mér þykir fyrir þessu," sagði hann og sneri sér að ungfrú Gething um leið og þeir hurfu niður stiggann; "það er eins og alt sé í óreiðu í kveld."

"Það gerir ekkert til," sagði hún þurlega. "Góða nótt."

"Hvert ætlar þú að fara?" spurði skipstjórinn.

"Eg ætla að fara að leita að einhverju gistihúsi yfir nóttina; eg kemst ekki heim héðan af í kveld."

"Þú getur haft káetuna í nótt," sagði skipstjórinn; "við getum verið annars staðar."

"Nei, eg þakka fyrir," sagði ungfrú Gething.

Hún gekk að borðstokknum og skipstjórinn hjálpaði henni til að komast upp á bryggjana. Rétt í sömu svifum og kom stýrimaðurinn úr leitinni og horfði á hana forvitnisaugum.

"Þetta er ungfrú Gething", sagði skipstjórinn. "Hefir þú orðið nokkurs vísari?"

"Nei," svaraði stýrimaðurinn alvarlegur á svip. "Þeir hafa horfið eins og reykur fyrir vindi."

"Er það nú alveg víst," sagði ungfrú Gething og sneri sér að stýrimanninum, "að þetta hafi verið faðir minn?"

Stýrimaðurinn leit á skipstjórnann og ýtti húfunni aftur á hnakkann. "Við héldum áreiðanlega að það væri hann. Eg skil ekkert í hverneg þessu vikur við. Hann gat ekki komist burt með járnbrautarlest, því hann hafði enga peninga."

"Það getur ekki hafa verið faðir minn," sagði ungfrú Gething. "Einhver hefir svikið ykkur. Góða

nótt. Eg kem aftur í fyrra málið. Það er orðið framorðið."

"Hvert ætlið þér?" spurði stýrimaðurinn.

"Hún ætlar að leita sér að gistihúsi," sagði skipstjórinn.

"Það er orðið mjög áliðið," sagði stýrimaðurinn; "og það er ekki um mörg gistihús að gera hér. En því ekki að fylgja henni til konunnar, sem faðir hennar var hjá? Þú sagðir að hún liti út fyrir að vera almennileg kona."

"Staðurinn er ekki góður," sagði hinn.

"Hafi hann verið nógu góður handa föður mínum," þá er hann nógu góður handa mér," sagði ungfrú Gething ákveðin. "Og hafi þessi maður ekki verið faðir minn, þá frétti eg máske eitthvað til hans. Er langt þangað?"

"Tvær mílur," svaraði stýrimaðurinn.

"Það er víst bezt að við leggjum strax af stað," sagði skipstjórinn og færði sig um tvö skref, eins og hann vildi koma henni til að leggja af stað tafarlaust.

"Máske að þú vildir vera svo góður að ganga þangað með okkur?" sagði ungfrú Gething við stýrimanninn.

Stýrimanninn sárlangaði til að verða við bón hennar, en hann var góður vinur vina sinna. "Nei, eg héld eg fari að háttu," sagði hann og hálf-skamma á ðist sín fyrir ókurteisina; "eg er orðinn þreyttur."

Hann lyfti húfunni og fór um borð.

Ungfrú Gething lagði af stað með skipstjóranum án þess að segja orð..

"Mér þykir slæmt að stýrimaðurinn vildi ekki koma líka," starnaði skipstjórinn svo sem í afsökunarskyni.

Pau gengu saman þegjandi. Það var ekki laust við, að ungfrú Gething væri ofurlítið hrædd. Hún sá að skipstjórinn var ekki í sem beztu skapi. Hún gekk fast við hlið honum, og einu sinni straukst hönd hennar ofur létt við höndina honum. Hann stakk báðum höndunum í treyjuvasana.

Pau komu loksins þangað sem Gething skipstjóri hafði búið, án þess að hafa talað orð hvort við annað alla leiðina. Staðurinn var óalitlegur að degi til, en enn þá verri í myrkri. Brotinn vagnræfill lá um þvera götuna og stór hundur kom út úr byrgi sínu á móti þeim og galti ákaflega.

"Þetta er húsið," sagði skipstjórinn og benti á það, "númer fimm. Hvað er það?"

Ungfrú Gething brá vasaklútnum upp að augunum á víxl. "Eg er svo þreytt," sagði hún, "þreytt og mér líður svo illa."

Hún hikaði augnablik; en svo áður en skipstjórinn gat áttað sig, var hún komin upp að dyrunum á húsinu og barði á þær. Hurðin var opnuð eftir nokkra stund af kerlingu, sem var illa til fara. Þegar hún var búin að hlusta á útskýringu skipstjórans, leyfði hún ungfrú Gething að koma inn í herbergi það, er faðir hennar hafði búið í. Svo fylgdi kerling skipstjóranum til dyra og lokaði á eftir honum hurðinni.

Hann hraðaði för sinni til baka og reyndi að gera eér grein fyrir öllu, sem við hafði borið um kvöldið, en það var árangurslaust; hugsanir hans voru allar í einni bendu. Þegar hann nálgadist aftur bryggjuna, var hann farinn að hlaupa við fót. Þegar hann kom ofan á bryggjuna kom Henry hlaupandi úr annari átt.

"Þrjóturinn þinn!" sagði skipstjórinn og þreif

í treyjukraga hans jafnskjótt og þeir voru komnir um borð.

"Fleygðu honum í sjóinn," sagði stýrimaðurinn, sem stóð á þilfarinu.

Henry leit fyrir litningaraugum á stýrimanninn. Hann vissi að það var óhætt í myrkrinu. Svo byrjaði hann að segja söguna af því, hvernig Gething gamli hefði sloppið úr greipum þeirra; og hann gerði það á þann hátt, að auðséð var að hann þóttist hafa frá merkisatburði að skýra. Hann byrjaði á upphafinu og gætti þess vandlega, að sleppa engu úr, til þess að gera söguna sem áhrifamesta. Aheyrendur hans voru ekki í góðu skapi til þess að hlusta á langa sögu og bentu honum á, að það ætti ekki illa við, eins og nú stæði á, að hann kæmist sem fyrst að aðalefninu.

"Eg skil ekkert í þessu," sagði skipstjórinn, þegar sögumaðurinn var búinn að segja söguna í styttri og skemdri útgáfu til þess að þóknast áheyrendum sínum. "Það er eitthvað, sem hann hefir orðið hræddur við. En við verðum að elta hann."

"Þeir leggja af stað klukkan eitt," sagði stýrimaðurinn. "Og svo getur skeð hann fáist ekki til að koma, þó við náum þeim. Hvað á að taka til bragðs? Þar að auki er ekki víst, að hann sé faðir hennar. Við erum í fallettri klípu."

"Eg veit ekki hvað við eigum að gera," sagði skipstjórinn; "eg veit svei mér ekki, hvað er bezt fyrir okkur að taka til bragðs."

"Þetta kemur mér náttúrlega ekki við," sagði Henry, sem hafði staðið þegjandi og hlustað á það, sem þeir sögðu; "en eg veit hvað eg mundi gera."

Skipstjórinn og stýrimaðurinn vildu fá að vita það tafarlaust.

“Það getur vel verið, að eg sé þorpari,” sagði Henry og reyndi að færa sér sem bezt í nyt hald það sem hann hafði náð á yfirmönnum sínum; “það getur vel verið, að eg eigi ekki betra skilið, en að vera í rúminu og að hver fábjani geri gys að mér; það getur vel verið, að—”

“Hvað mundirðu að gera?” spurði skipstjórinn vingjarnlega.

“Eg mundi fara og sækja ungfrú Gething og fara með hana þangað sem faðir hennar er nú. Þá fáið þið að vita, hvort hann er faðir hennar.”

“Það er alveg satt, sem strákurinn segir,” sagði stýrimaðurinn; “það er að segja, ef við höfum tíma til þess.”

Skipstjórinn var þegar lagður á stað.

“Þú ert allra beztu drengur, Henry,” sagði stýrimaðurinn vingjarnlega. “Farðu nú og vertu á verði hjá skútunni, komdu undir eins og láttu okkur vita, þegar þeir fara að búa sig undir að sigla. Ef hún fer hér fram hjá áður en skipstjórinn kemur aftur, þá ætla eg að reyna að stöðva hana og vita hvernig í öllu þessu liggur.”

Skipstjórinn hljóp eins og fæstur toguðu til Overcourt. Þegar hann kom þangað, voru allir í fastasvefn. Hann barði að dyrum á húsinu númer fimm svo að það nötraði.

“Hver er þar? Hvað viltu?” var hrópað með skrækroma rödd og kvenmannshöfuð gægdist út um opinn glugga.

“Eg vil fá að tala við stúlkuna, sem eg kom með hingað í kvöld,” sagði skipstjórinn — “fljótt!”

“Hvað, núna um miðja nótt?” sagði kerlingin. “Nei, vertu nú rólegur, maður minn, þó að þið séuð kanneke trúlofuð.”

“Það er áriðandi að eg fái að sjá hana,” sagði skipstjórinn óþolinmóðlega.”

“Geturðu ekki sagt mér erindið?” spurði kerling, sem var farin að verða forvitin.

“Segðu henni að eg hafi fengið fréttir af föður hennar,” sagði skipstjórinn og reyndi að vera rólegur.

Höfuðið hvarf og glugganum var lokað. Skipstjórinn beið heila klukkustund, að honum fanst. Loksins heyrðist fótatak fyrir innan hurðina og ungfrú Gething lauk upp.

Hann sagði henni í fám orðum hvers hann hefði orðið vísari um föður hennar, og svo lögðu bæði af stað og hlustaði hún með athygli á það, sem hann var að segja á leiðinni. Leiðin var löng og hún var orðin þreytt; en samt þáðu hún ekki tilboð hans að hann leiddi hana. Þegar þau komu niður að bryggjunni, kom stýrimaðurinn hlaupandi á móti þeim; skipstjórinn bjóst við að fá illar fréttir.

“Það er ekki til neins,” sagði hann; “þeir eru búnir að vinda upp segl og komnir af stað. Eigum við að kalla í þá um leið og þeir sigldu fram hjá?”

Skipstjórinn hljóp um borð og skildi ungfrú Gething eftir á bryggjunni. Við stjörnuþekkingu sá hann, að lítið skip kom siglandi niður eftir ánni.

“Settu upp ljóskerin í snatri, Jack, og vektu hásetana,” kallaði hann til stýrimannsins.

“Til hvers?” spurði hinn forviða.

“Kveiktu á þeim undir öms! Komdu hérna, Henry, og hjálpaðu mér til þess að losa þennan hlera.”

Hann lagðist á hnén og fór að losa hlerann og Henry með honum, en stýrimaðurinn flýtti sér að vekja hásetana, þegar hann var búinn að kveikja á

ljóskerinu. Skútan var komin nærri því á móts við þá.

Skipstjórinn hljóp út að borðstokknum og kallaði hátt til þeirra, sem voru á skútunni. Honum var svarað.

“Hafið þið fulla lest?” hrópaði skipstjórinn.

“Nei,” var svarið.

“Komið þá á hlið við okkur og látið akkerin síga!” kallaði skipstjórinn. “Eg verð að bíða hér í viku enn og eg hefi tólf tunnur af síld, sem verða að komast til Lundúna strax.”

Skútan var komin rétt á hlið við þá og skipstjórinn beið með öndina í hálsinum eftir því hvað þeir gerðu.

“Það er ekki nema hálftrar stundar verk, að taka tunnurnar,” hrópaði hann.

Akkerið var látið síga og seglum hleypt niður, og eftir tíu mínútur lágu skipin hlið við hlið. Bragð skipstjórans hafði hepnast ágætlega.

Lestin á Hafsúlunni var opin og ljósið frá luktinni skein framan í syfjuð andlitin á hásetunum. Stýrimaðurinn stóð frammi á þilfarinu og var að hvísla að ungrú Gething hvað hún ætti að gera.

“Flýtið þið ykkur!” hrópaði skipstjórinn á aðkomuskipinu og kom út að borðstokknum til að líta eftir. Honum varð starsýnt á ungrú Gething, sem stóð þar og horfði á hásetana vinna.

“Allra laglegasta skip,” sagði hún. “Má eg koma yfir um til ykkar og skoða mig um?”

“Það er velkomið, ef þú verður ekki fyrir,” var svarið.

Hún steig upp á borðstokkinn og niður á þilfarið hinum megin, svo fór hún að ganga um og skoða aft. Þegar hún kom að káetuetiganum stað-

næmdist hún og leit í kring um sig. Allir voru í önnum. Hún hikaði eitt augnablik; en svo fór hún niður í káetuna, sem var koldimm.

"Er þetta skipstjórinn?" spurði rödd í myrkrinu. "Til hvers erum við að stanza hér?"

Ungfrú Gething svaraði engu.

"Hver er þetta?" var spurt aftur.

"Þey, þey!" sagði hún.

"Hvað er að?" var spurt lágt.

Ungfrú Gething beið eftir því, að hún heyrði aðra rödd, en hún heyrði ekkert nema andardrátt annars manns, að hún hélt.

"Faðir minn!" hrópaði hún alt í einu. "Þetta er eg, Anna, dóttir þín! Hvar ertu?"

Það var kallað hátt á móti hinum megin í káetunni, og í myrkinu sá hún mann rísa upp og koma stökkvandi til sín. Hún var gripin í sterka arma og hún fann langt og úfið skegg leggjast við vangann á sér. Hún vafði handleggjunum utan um hálsinn á manninum og slepti ekki takinu.

"Svona, barnið mitt," sagði Gething loksins.

"Það var rétt tilviljun, að við náðum í þig aftur," sagði hún. "Skipið, sem þú straukst af, er hér fast hjá. Hvernig stóð á því, að þú fórst af því?"

"Eg veit það varla," sagði faðir hennar.

"Þú hefðir átt að vita, að eg mundi ekki stofna þér í hættu," sagði hún blíðlega. "Farðu nú í treyjuna þína og komdu með mér."

Hann gerði eins og fyrir hann var lagt, en hikaði augnablik, eins og hann ætlaði að segja eitt-hvað við Tillotson; hætti samt við það og fylgdi dóttur sinni upp á þilfarið.

"Eg er hættur við að sigla með þér," sagði

hann við skipstjóran, sem var að velta síldartunnu eftir þilfarinu.

"Þú um það," svaraði hinn, "en þú færð ekki fargjaldið aftur."

Gething kom hálf skömmustulegur á svíp með dóttur sinni yfir á Hafsúluna og tók í hendina á skipstjóranum. Hann sagði fljótt frá, hvernig hann hefði verið gintur til að flýja. Skipstjórinn vildi óður og uppvægur fara yfir á hitt skipið og finna þann, sem með honum var, að máli; en ungfrú Gething kom í veg fyrir það, því hún hélt að hann væri annar maður, en hann var. Síldin var öll komin yfir um, og skipshöfnin flýtt sér alt sem hún gat að koma skútunni aftur undir segl. Þeir á Hafsúlunni horfðu á þangað til akkerið var komið upp, og þá stakk Henry, sem vildi gera athöfnina sem eftirminnilegasta, upp á því, að allir færu ofan.

"Ertu nú ánægð?" spurði ekipstjórinn, þegar Gething gamli, sem var orðinn hygnari af reynslunni, fór niður stigann í hægðum sínum.

"Já, ég er ánægð," svaraði ungfrú Gething lágt.

"En eg er ekki ánægður," sagði hann.

Hún brosti og leit út fyrir borðetokkinn ofan á vatnið. Hún færði sig ekki undan, þegar hann kom til hennar og tók í hendina á henni.

"Eg er ekki ánægður — enn þá," sagði hann og bar höndina upp að vörunum.

Hann rak augun í ljóskerin, sem enn loguðu, og flýtti sér að taka þau ofan og slökkva á þeim. Hann heyrði einhvern hlæja á bak við sig og sneri sér við; en varð of seinn. Hún var farin ofan á eftir föður sínum.

ENDIR.